

Tungumálið er persónulegt



Sigurjón sestur í leikstjórstólinn



meistaramánuður samkaupa

Taktu þátt í Meistaramánuði og settu þér markmið

nettó Iceland KÖRBUÐIN Krambúðin

Menning > 26

Lífið > 30

FRÉTTABLAÐIÐ

217. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 29. SEPTEMBER 2022



Eldur kviknaði í húsnæði Vasks á Egilsstöðum í gær. Slökkvilið Múlapings var kallað á vettvang vegna brunans. Baneitraðan reyk lagði frá eldinum vegna eiturefna í efnalauginni í byggingunni og plasteinangrunar í þaki. Slökkviliðsmenn höfðu náð tökum á eldinum um kvöldið en þá var hálfþakið hrúnið. Barist var við síðustu glæðurnar fram á nótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/UNNAR ERLINGSSON

Sóknarnefnd Digraneskirkju vill að brottvikinn sóknarprestur snúi aftur

Kirkjuvörður í Digraneskirkju sakar formann sóknarnefndar um andlegt og líkamlegt ofbeldi. Sóknarnefndin vill fá séra Gunnar Sigurjónsson aftur til starfa þótt biskup hafi víkið honum úr embætti.

erlamaria@frettabladid.is

TRÚFÉLÖG „Yfirlýsing biskups Íslands í málinu er skýr og ákveðin og hefur ekki breyst,“ segir Pétur Markan biskupsritari spurður um hvort til standi að séra Gunnar Sigurjónsson, fyrrverandi sóknarprestur í Digraneskirkju, komi aftur til starfa.

Agnes M. Sigurðardóttir biskup vék Gunnari úr embætti sóknarprestis í kjölfar niðurstöðu óháðs teymis þjóðkirkjunnar sem taldi Gunnar hafa gerst sekan um kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti gegn sex konum.

Valgerður Snæland Jónsdóttir, formaður sóknarnefndar Digraneskirkju, segir sóknarnefnd kirkjunnar einhuga í ósk sinni um að séra Gunnar komi til starfa aftur.

„Það er mikið uppbyggingarstarf fyrir höndum, en þetta er bara verkefni sem við þurfum að vinna. Digraneskirkja á eftir að blómstra eins og hún hefur gert síðastliðin 30 ár undir stjórn séra Gunnars Sigur-



Þetta var svo ógeðslegt að ég get ekki lýst því. Mig langaði helst að brenna fötin mín.



Sigríður Sigurðardóttir, kirkjuvörður í Digraneskirkju

jónssonar sóknarprestis,“ segir Valgerður.

Sigríður Sigurðardóttir, kirkjuvörður í Digraneskirkju, sakar Valgerði um andlegt og líkamlegt ofbeldi á vinnustað. Valgerður og önnur kona hafi meðal annars kreist hana á milli sín.

„Ég stóð þarna, milli þessara kvenna, og þetta var svo ógeðslegt að ég get ekki lýst því. Mig langaði helst að brenna fötin mín,“ lýsir Sigríður sem kveðst nú komin í veikindaleyfi vegna málsins.

Þegar Fréttablaðið spurði Valgerði um þessar ásakanir sleit sóknarnefndarformaðurinn símtalinu. **SJÁ SÍÐU 8**

Funda vegna gasleka í Eystrasalti

ALÞJÓÐAMÁL Leki hófst úr gasleiðslunum Nord Stream 1 og 2 í Eystrasalti í fyrradag. Leiðslurnar liggja frá Rússlandi til Þýskalands og hafa verið notaðar til að flytja metangas.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt beiðni Rússa um að funda um gaslekann á morgun. Úkraínnumenn hafa sakað Rússa um að skemma leiðsluna og halda því fram að um sé að ræða hryðjuverk sem beinist gegn Evrópusambandinu. Rússar hafna þeim ásökunum alfarið og segjast munu tapa á skemmdunum eins og aðrir.

Umhverfissinnar óttast afleiðingar gaslekans og mikils magns koltvísýrings sem mun losna í andrúmsloftið vegna hans. **SJÁ SÍÐU 12**

Mmm ... Matinn heim með einum smelli!

Þú finnur Snjallverslun Krónunnar í App store Play store kronan.is



Langmest var um að dýr veiddust ekki á veiðisvæði tvö.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Yfir níu hundruð hreindýr felld

birnadrofn@frettabladid.is

VEIÐAR Hreindýraveiðitímabili haustsins lauk í síðustu viku og gengu veiðar almennt vel samkvæmt vef Umhverfisstofnunar.

920 hreindýr voru felld og tókst því að veiða stærstan hluta útgefins veiðikvóta. Í heild veiddust ekki 55 dýr, 20 tarfar og 35 kýr, af kvótanum.

Langmest var um að dýr veiddust ekki á veiðisvæði tvö, í Fljótsdalshreppi og hluta Fljótsdalshéraðs. Þar veiddust ekki fimmtán tarfar og 33 kýr af útgefnum kvóta. Skýringin er sú að lítið fannst af dýrum á svæðinu.

Dagana 1. til 20. nóvember verður svo leyfilegt að veiða 46 kýr á tveimur syðstu veiðisvæðunum, það eru svæðin í kringum Hornafjörð. Þeim leyfum hefur nú þegar verið úthlutað. ■

Hljója frá Gjábakka til Úkraínu



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, veitti eldri borgurum að Gjábakka í Kópavogi liðsinni í gær þar sem hannyrðafólk kom saman til að þrjóna ullarsokka sem eiga að nýtast Úkraínumönnum í vetur. Um er að ræða söfnunaráttak undir nafninu Sendum hlýju, sem hefur það að markmiði að hjálpa Úkraínumönnum að verjast innrás Rússa. Skortur er á hlýjum fatnaði í Úkraínu og gert er ráð fyrir að hlýir íslenskir sokkar verði hermönnum þar þarfaping yfir veturinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vanda talaði við Heimi í sumar

hordur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, hefur staðfest orðróm þess efnis að hún hafi rætt við Heimi Hallgrímsson í sumar. Greint hefur verið frá því í fótbolta-hlaðvörpum að Vanda hafi rætt við Heimi um að taka við landsliðinu.

„Það er rétt að við Heimir töluðum saman í sumar. Ég ætla að öðru leyti ekki að fara út í það sem okkur fór á milli,“ segir Vanda í svari sínu við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Hún segir þó að Arnar Þór Viðarsson landsliðsþjálfari sé á réttri braut með liðið.

„Það er stífgandi í leikjunum og frammistöðunum. Við sjáum það til dæmis í þeirri staðreynd að liðið er taplaust í sex leikjum, og tölfræðin sem kemur úr greiningu á leikjunum styður það,“ segir hún.

Heimur þjálfaði íslenska lands-



Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

liðið í fótbolta frá 2011 til 2018 með frábærum árangri. Hann var nýverið ráðinn þjálfari Jamaíku og tapaði fyrsta leik sínum gegn Argentínu í vináttuleik. ■

Hljóp þúsund daga í röð

Hallgrímur Þorsteinsson hljóp þúsund daga í röð. Stundum langt en stundum stutt en alltaf fór hann einhverja kílómetra. Jafnvel þótt hann væri með Covid reimaði hann á sig hlaupaskóna og skellti sér út.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Þetta byrjaði þegar ég var læstur inni í Covid í Danmörku og þá þurfti maður að hreyfa sig eitthvað og hafa eitthvað til að gera,“ segir Hallgrímur Þorsteinsson sem hljóp þúsundasta daginn í röð á mánudag með því að hlaupa í þúsund mínútur með vinum og vandanömmum.

Hann segir að hreyfingin hafi hjálpað sér í gegnum Covid-faraldurinn. „Að hafa eitthvað til að gera á hverjum degi var mjög gott og hjálpaði mér að halda fókus. Svo hélt þetta bara áfram.“

Hallgrímur slapp ekki við veiruna skæðu. Hann smitaðist af Covid þegar hann kom til Íslands en hélt engu að síður áfram að fara út og hreyfa sig. „Það var ekki hægt að hætta en það var ekki langt sem ég fór þegar ég var með Covid. Bara stundum kílómetra eða eitthvað álíka í Fossvogsdal, nánast skriðandi um.“

Ég veit ekki hversu sniðugt það var en þetta hjálpaði mér. Maður verður svolítið háður þegar maður setur svona í gang,“ segir hann.

Áður en hann vissi afvörur dagarnir orðnir 100, svo 200, svo 500 og þúsundasti dagurinn rann upp á mánudaginn. „Ég eiginlega áttaði mig ekki á því að dagarnir væru orðnir svona margir og hugsaði að það gæti verið gaman að gera eitthvað í tilefni dagsins. Hugsaði að það væri gaman að gera eitthvað sem tengist tölum.“

Að hlaupa þúsund metra var svolítið lítið en þúsund kílómetrar er of mikið og eiginlega vonlaust. Þannig að mér datt í hug þúsund mínútur sem eru 16 klukkutímar og það er svolítið mikið fyrir einn



Hallgrímur byrjaði að hlaupa þegar Covid-faraldurinn stóð yfir. Þá var hann í Danmörku við nám.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hópurinn sem hljóp með Hallgrími síðasta spólinn og náði mínúturnum þúsund í tilefni dagsins.
MYND/ÁSTA LAUFEY

einstakling. Þá ákvað ég að búa til litinn viðburð og allir gætu talið saman sínar mínútur og hlaupið með þar til þúsund mínútur væru búnar.

Litlu bræður mínir hlupu með og mættu með vini sína sem hlupu smá og svo kom mamma með hlaupahóp og þau hlupu með.“

Sjálfur hljóp hann um 60 kílómetra og kláraði með hópnum sem hljóp með honum síðasta spólinn. Svo skellti hann sér í pottinn um

kvöldið til að njóta. „Þetta var ekki styrktarhlaup. Mig langaði bara að húa fólki saman og hlaupa. Gera eitthvað skemmtilegt og fá okkur góðan kaffibolla á eftir.“

Hann er aðeins aumur í kálfunum eftir kílómetrana 60 en segir að tilfinningin sé góð að hafa klárað dagana þúsund. „Stundum var þetta kílómetri, stundum 15 og stundum lengra. Það var gaman að halda þessu markmiði uppi og ná að klára,“ segir Hallgrímur. ■



Jólin hefjast á Jómfrúnni

Jólamatseðill frá 10. nóvember.
Kom gladd!

Bókanir í síma 551 0100 | jomfruinn.is | jomfruinn@jomfruinn.is



Herra
Lagerinn
outlet
líka fyrir konur

**Troðfull verslun af merkjavöru
frá eftirtöldum verslunum**

Herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND

BOSS
BOSS BÚÐIN KRINGLUNNI

HANZ
KRINGLUNNI

Mathilda
Kringlunni

COLLECTIONS
Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

30-60%

afsláttur af öllum vörum



Þegar mest var lágu 88 sjúklingar með Covid inni á Landspítalanum.

Vel á átjanda hundrað innlagna

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Frá því að kórónaveirufaraldurinn hófst hér á landi þann 29. febrúar árið 2020, hafa 1.757 einstaklingar með sjúkdóminn verið lagðir inn á Landspítalanum. Þar af 151 á gjörgæslu og 81 hefur þurft á aðstoð öndunarvélar að halda. Þá hafa 79 manns með Covid látist á Landspítalanum.

Landspítalinn hefur undanfarið greint frá stöðunni á spítalanum vegna Covid en uppfærslu á henni var hætt þann 20. september þar sem ekki var talin þörf á því lengur. Þann dag lágu einstaklingar með Covid á spítalanum.

Þegar mest var, í mars á þessu ári, lágu 88 sjúklingar með Covid á Landspítalanum. ■

Notendur með eSim þurfa app

ninarichter@frettabladid.is

TÆKNI Nýjasta útgáfa iPhone í Bandaríkjunum styður aðeins eSim-kort. Rafræn skilríki sem notuð eru hér á landi krefjast þess að notandi sé með hið eldra hefðbundna Sim-kort í símanum sínum.



Haraldur A. Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkennis

Haraldur A. Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkennis, bendir á Auðkennis-appið sem lausn fyrir þá sem eiga síma á borð við bandarískan iPhone 14 sem er aðeins með eSim-tækni. Hann segir Íslendinga erlendis og neytendur utan þjónustusvæðis farsímakerfanna nú þegar nota þá tækni. Evrópska útgáfa iPhone 14 mun þó áfram styðja Sim-kort. ■

Allt gekk vel í bólusetningum í Höllinni

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Um tvö þúsund manns mættu í bólusetningu í Laugardalshöll þegar bólusetningar hófust þar að nýju á þriðjudag. Í höllinni verður opið fyrir bólusetningar gegn influensu og örvunarskammt gegn Covid-19 fyrir 60 ára og eldri til og með 7. október.

„Við stungum 3.200 sinnum í gær [fyrradag], sumir fengu í báða handleggja, eina sprautu gegn Covid og aðra gegn influensu en sumir

þáðu báðar,“ segir Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Ragnheiður segir allt hafa gengið vel í fyrradag, enginn hafi fallið í yfirlíð. „Þetta er svo sem ekki sá aldurshópur sem hvað mest hefur verið að falla í yfirlíð eftir að hafa fengið sprauturnar, það hefur frekar verið yngra fólk svo við eigum ekki von á miklum aukaverkunum núna.“

Notast er við nýja útgáfu af bólusetningu gegn Covid sem sérstaklega



Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

er sagt veita vörn gegn Omíkróna-afbrigðinu. Ragnheiður segir flest þau sem hafi komið í höllina þiggja bæði örvunarskammtinn og bólusetningu gegn flensunni en að hún

hvetji þó öll þau sem nú þegar hafi fengið örvunarskammt og náð hafi sextíu ára aldri til að koma í flensu-sprautuna.

Spurð að því hvort fólk geti átt vona á miklum aukaverkunum eða veikindum þiggi það báðar sprauturnar í einu segir Ragnheiður svo ekki vera.

„Með sprautunni er verið að ræsa ónæmiskerfið og það er betra að gera það með tveimur sprautum í einu heldur en einni í dag og annarri á morgun.“ ■

Segir Heilsuveru auka álag á lækna

Að sögn formanns Læknafélags Íslands er Heilsuvera viðbótarálagspáttur í stað þess að létta á starfsemi heilsugæslunnar. Sviðsstjóri hjá landlækni er ekki sammála.


ninarichter@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Steinunn Þórðardóttir, formaður Læknafélags Íslands, segir alvarlega stöðu ríkja í heimilislækningum um þessar mundir, þrátt fyrir tilkynningu frá heilbrigðisráðuneyti varðandi metaðsókn í sérnám í heimilislækningum.

Að sögn Steinunnar er veflausnin Heilsuvera enn einn álagspáttur í verkefnum heimilislækna, sem hún segir búa við algjört ofálag. „Heilsuveran hefur verið að sliga þau, alveg gersamlega. Það er svo merkilegt,“ segir Steinunn. „Hún átti að draga úr símtölum og komum á heilsugæsluna en hún varð bara hrein viðbót. Símtölum og komum hefur bara fjölgað á sama tíma og Heilsuveruskilaboð hafa bara algjörlega sprungið út.“

Núna er virkilega þungt hjá þeim í heilsugæslunni,“ segir Steinunn. „Ég veit að þau horfa mikið til næstu þriggja, fjögurra ára þegar hagurinn vænkast hjá þeim,“ segir formaðurinn og vísar til gagna frá ráðuneyti sem benda til þess að 57 muni útskrifast úr sérnámi í heimilislækningum á næstu þremur árum.

Steinunn segir fjölda nýrra verkefna hafa verið bætt á heilsugæsluna undanfarið án þess að gert sé ráð fyrir mannskap. „Þau upplifa mikið ofálag. Svo er gríðarlegur fjöldi Íslendinga án heimilislæknis og því fólki þarf líka að sinna,“ segir Steinunn. Hún segir Heilsuveru ekki spara neitt á móti og vera rosalega stórt aukaverkefni.



Formaður Læknafélags Íslands og sviðsstjóri hjá Embætti landlæknis eru ekki á einu máli um árangur af stafrænu lausninni Heilsuveru inni á heilsugæslustöðvum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Heilsuveran hefur verið að sliga þau, alveg gersamlega. Það er svo merkilegt.



Steinunn Þórðardóttir, formaður Læknafélags Íslands

Vefur Heilsuveru er samstarfsverkefni TM Software, Embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Hann var opnaður árið 2014 og fékk Íslensku vefverðlaunin sama ár sem besti íslenski vefurinn.

Ingi Steinar Ingason, sviðsstjóri hjá Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna, vinnur að tæknihlíð Heilsuveru. Hann kveðst ekki sammála orðum formanns Læknafélagsins. „Þetta er ekki alveg rétt. Heilsugæslan er með tölfræði um þetta. Ég var á ársfundi heilsugæslunnar 2019. Þá var klár munur og þegar Heilsuverusamskiptum fjölgaði fækkaði símtölum. Þetta var búið að vera trend í nokkur ár,“ segir Ingi.

Að sögn Inga eru ýmsir hlutir í umhverfinu í dag sem valda auknu álagi á Heilsuveru. „Það eru fleiri tugir þúsunda sem hafa fengið Covid og eru með langvarandi kvilla. Í

Covid var alltaf verið að segja fólki: Við minnstu einkenni, hafðu þá samband við okkur. Ekki koma en hafðu samband í Heilsuveru. Komdu á netspjallið,“ segir hann. „Í þrjú ár var verið að segja fólki að fara í þennan farveg með þetta og það voru allir voða glaðir með það að fá ekki fólkið inn á stöðvarnar. Síðan fer allt af stað aftur og stöðvarnar eru opnaðar aftur. En það vantar fleiri heimilislækna, það er eitthvað sem allir eru sammála um,“ segir Ingi.

Að sögn Inga þarf einnig að taka til greina kynslóðabilið. „Það er ný kynslóð af fólki sem er vant því að nota rafrænar lausnir og það er fólk sem vill ekki hringja,“ segir hann. „Það vill netspjall í stað þess að hringja í einhvern og útskýra hlutina. Ef það væri lokað á allar Heilsuverufyrirspurnir væri þessi hópur í vondum málum,“ segir teymisstjóriinn. ■

KEMUR ÞÚ AF FJÖLLUM?

Íslensku fjöllin hafa mætt jafningja sínum. Gerðu ferðalagið algjörlega rafmagnað með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHÖLÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

4x4
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS





BAUHAUS®

OPNUNARTÍMAR

MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS
VIÐ
JÖFNUM
VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

Við jöfnum lægsta verðið
frá samkeppnisaðilunum

KOMDU OG SKOÐAÐU EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF LJÓSUM OG LÖMPUM

Hjá okkur finna allir draumaljósið, hvort sem um inni- eða útljós er að ræða eða klassíska eða nútíma hönnun. Við eigum ljós fyrir öll rými.

Í BAUHAUS finnur þú öll þekktustu vörumerkin:

LEDVANCE nordlux PHILIPS



15.995,-

~~19.995,-~~

Stella LED loftljós

Þv. 86 cm. Með 1 x 80W LED ljósaperu. 6400 - 7800 lúmen. Dimmanlegt. Hvítt.



23.995,-

~~29.995,-~~

Clyde LED loftljós

Þv. 8,5 cm. Hæð 22,25 cm. 4 x 5W LED perur fylgja. 4 x 350 lumen. 2700 kelvin. Svart.



18.995,-

~~23.995,-~~

Ariscani klasaloftljós

Þv. 42,5 cm. Hæð 170 cm. Þv. 42,5 cm. E27-perustæði, hárm. 3 x 40W. Reyklituðu gleri.

Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 29. september til og með sunnudeginum 2. október.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - upplýsingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is



Engin áhrif á setu Braga í nefnd SP um réttindi barna

lovisa@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, segir að niðurstaða nýrrar skýrslu Gæða- og eftirlitsstofnunar (GEV) um meðferðarheimilið að Laugalandi hafi ekki áhrif á setu Braga Guðbrandssonar, fyrrverandi forstjóra Barnaverndarstofu, í nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.



Bragi Guðbrandsson, fyrrverandi forstjóri Barnaverndarstofu

Bragi var endurkjörinn í nefndina í janúar síðastliðnum en kosið er til fjögurra ára í senn. Fram kom í skýrslu GEV að eftirlitsskylda barnaverndar brást á meðan meðferðarheimilið var rekið. Hafa þó nokkrar af þeim konum sem voru vistaðar á heimilinu kvartað undan því sérstaklega hvernig Bragi, og Barnaverndarstofa, brugðust þeim en bæði segjast þær hafa fundað með honum persónulega og kvartað til hans auk þess sem einhverjar þeirra sem voru vistaðar á heimilinu sögðu honum frá því ofbeldi sem þær voru beittar.



Nefndarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum og stjórnvöld hvorki geta né er þeim heimilt að hafa áhrif á nefndarmenn með nokkrum hætti.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra

„Niðurstaða skýrslunnar lá ekki fyrir þegar endurkjör fór fram. Nefndarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum og stjórnvöld hvorki geta né er þeim heimilt að hafa áhrif á nefndarmenn með nokkrum hætti eftir að kjör hefur farið fram,“ segir í svari Ásmundar um það hvort niðurstaðan hafi áhrif á setu Braga í nefndinni. ■



Samkvæmt skýrslu Gæða- og eftirlitsstofnunar voru börn beitt skipulögðu ofbeldi á Laugalandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Ráðherra segir ljóst að skipulag á Laugalandi hefði mátt vera betra

Samkvæmt menntamálaráðherra hefði átt að gera betur í máli stúlkna sem vistaðar voru á meðferðarheimilinu að Laugalandi/Varpholti. Eftirlit ætti ekki að vera á sömu hendi og þeirra sem reka slík úrræði.

lovisa@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, segir að það taki á að lesa um upplifun þeirra stúlkna sem voru vistaðar á meðferðarheimilinu að Laugalandi/Varpholti í nýrri skýrslu Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (GEV). Hann segir ljóst að gera hefði mátt gera.

„Ég átti fund með nokkrum þeirra kvenna sem dvöldust á Laugalandi þegar ég var félags- og barnamálaráðherra þar sem þær sögðu mér sögu sína. Ég tók frásögn þeirra alvarlega og fannst fyllsta ástæða til að kalla eftir ítarlegri óháðri úttekt á starfsemi heimilisins, sem nú liggur fyrir og staðfestir sögu

kvennanna,“ segir Ásmundur í svari til Fréttablaðsins.

Í skýrslu GEV kemur fram að sterkar vísbendingar séu um að ofbeldi hafi verið beitt þar með kerfisbundnum hætti en um helmingur þeirra barna sem voru vistuð á heimilinu greindu í viðtölum við GEV frá líkamlegu ofbeldi auk þess sem önnur urðu vitni að því. Þá kom einnig fram í skýrslunni að eftirlitsskylda barnaverndaryfirvalda brást og að það hefði átt að bregðast við kalli stúlkanna um aukna þjónustu og skerast hefði átt í leikinn.

Spurður hvað hann telji að hefði verið hægt að gera betur á heimilinu segir Ásmundur að mikilvægt sé að eftirlit sé ekki á sömu hendi og þeirra sem reka slík úrræði.

„Við höfum þegar brugðist við því með því að færa eftirlit með barnavernd til GEV, sem er óháð stofnun. Þá er einnig mikilvægt að hafa öflugt innra eftirlit og byggja allt starf á faglegum grunni. Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að efla faglega umgjörð og faglegan stuðning við meðferðarstarf



Börn eiga alltaf að hafa leiðir til þess að láta vita ef eitthvað er ekki í lagi og eiga ekki að þurfa að óttast refsingar.



Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra

Barnaverndarstofu, nú Barna- og fjölskyldustofu. Það er alveg ljóst samkvæmt skýrslunni að skipulag starfsins hefði mátt vera betra,“ segir Ásmundur.

Hann segir að skýrslan sýni mikilvægi þess að vera með bæði fagleg og gagnreynd úrræði sem byggja á nýjustu þekkingu í öllu starfi með börnum, og að börn hafi alltaf tækifæri í gegnum talsmann eða vel skilgreinda aðila til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

„Börn eiga alltaf að hafa leiðir til þess að láta vita ef eitthvað er ekki í lagi og eiga ekki að þurfa að óttast refsingar. Það á ekki bara að vera hægt að láta vita ef eitthvað er að, heldur eigum við líka að reyna að koma í veg fyrir áföll og óæskilega hegðun með forvörnum. Þessi hugsun er einmitt rauði þráðurinn í löggjöf um farsæld barna, sem ráðuneytið er að innleiða þessi misserin. Um áramóttin taka ákveðnar breytingar á barnaverndarlögum gildi og má þar nefna að barnaverndarnefndir verða ekki lengur pólitískt skipaðar,“ segir Ásmundur Einar. ■

FIMMTU — DAGURINN ! LANGI

MYNDLIST Í MIÐBORGinni



SÍÐASTA FIMMTUDAG Í MÁNUÐI ÞJÓÐA SÖFN OG SÝNINGARSTAÐIR Í MIÐBORGinni UPP Á LENGÐAN OPNUNARTÍMA.


UPPLAGT TÆKIFÆRI TIL AÐ BREGÐA SÉR AF BÆ OG NJÓTA MYNDLISTAR.

ENGINN AÐGANGSEYRIR, FJÖLBREYTTAR SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR!

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM OPNUNARTÍMA OG DAGSKRÁ Á

WWW.FIMMTUDAGURINNLANGI.IS

Reykjavík



CLINIQUE

Kynningardagar

20% afsláttur

af öllum CLINIQUE vörum

29. september - 5. október



*meðan birgðir endast

Þessi veglegi kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá
Clinique fyrir 10.900 kr. eða meira*.



Versla hér

HAGKAUP

Hafnarfjörður hafnaði erindi Aspar

kristinnpall@frettabladid.is

HAFNARFJÖRÐUR Hafnafjarðarbær synjaði beiðni íþróttafélagsins Aspar um samstarfssamning þegar tillagan var lögð fyrir íþrótt- og tómstundanevnd bæjarfélagsins í vikunni.

Þar sem íþróttafélagið er ekki

staðsett í Hafnarfirði var ekki hægt að samþykkja erindið.

Íþróttafélagið Ösp óskaði eftir því að gerður yrði samstarfssamningur um þjónustu við fatlaða iðkendur sem eru búsettir í Hafnarfirði. Um 190 iðkendur eru í Ösp að æfa átta íþróttgreinar en félagið var stofnað árið 1980. ■

ENN HOLLARI OLÍA
það byrjar allt með fjórum fræjum

LESIEUR
iS4
4 GRAINES
Omega 3 & 6
+ D- & E-VITAMÍN

Listamannalaun
2023
Opið er fyrir umsóknir til kl. 15:00,
3. október 2022

Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna fyrir árið 2023 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.

Samkvæmt lögum um listamannalaun eru til úthlutunar 1600 mánaðarlaun (133,3 árslaun):
50 mánuðir úr launasjóði hönnuða (4,2 árslaun)
435 mánuðir úr launasjóði myndlistarmanna (36,3 árslaun)
555 mánuðir úr launasjóði rithöfunda (46 árslaun)
190 mánuðir úr launasjóði sviðslistafólks (15,8 árslaun)
180 mánuðir úr launasjóði tónlistarflytjenda (15 árslaun)
190 mánuðir úr launasjóði tónskálda (15,8 árslaun)

Í umsóknum er óskað eftir:

- lýsingu á vinnu og listrænu gildi verkefna (50% vægi)
- ferli umsækjenda (30% vægi)
- verk- og tímaáætlun (20% vægi)

Umsóknir eru einstaklingsumsóknir og nota þarf rafræn skilríki við gerð þeirra. Sviðslistahópar sækja um í launasjóð sviðslistafólks í gegnum umsókn Sviðslistasjóðs. Ef við á þarf að tilgreina umsóknarnúmer samtarfslistamanna í umsóknum.

Hafi umsækjandi hlotið starfslaun áður, verður umsókn aðeins tekin til umfjöllunar ef framvinduskýrslu/lokaskýrslu hefur verið skilað sbr. ákvæði 4. gr. laga um listamannalaun nr. 57/2009.

Á www.listamannalaun.is eru umsóknar- og skýrsluform, matskvarði, áherslur stjórnar, lög og reglugerð og leiðbeiningar um gerð umsókna.

Nánari upplýsingar: listamannalaun@rannis.is.

Listamenn eru hvattir til að skila umsóknum tímanlega.

Stjórn listamannalauna, ágúst 2022.

launasjóður artists' listamanna salary fund

rannís
www.rannis.is



Kirkjuvörður í Digraneskirkju segir uppnám í kirkjunni í tengslum við mál brottvikins sóknarprests. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sóknarnefndarformaður sakaður um að beita ofbeldi

Sigríður Sigurðardóttir, kirkjuvörður í Digraneskirkju, segir formann sóknarnefndar hafa beitt sig andlegu og líkamlegu ofbeldi á vinnustaðnum. Kirkjustarfið sé í miklu uppnámi eftir að séra Gunnari Sigurjónssyni var vikið úr embætti fyrir að hafa áreitt sex konur.

erlamaria@frettabladid.is

TRÚFÉLÖG „Þetta er guðshús og fullt af kærleik og hlýju, en þetta er náttúrulega eitru, að hafa svona manneskju innandyrá,“ segir Sigríður Sigurðardóttir, kirkjuvörður í Digraneskirkju, sem ber formann sóknarnefndar þungum sökum.

Að sögn Sigríðar er mikið uppnám í Digraneskirkju, sérstaklega eftir að mál séra Gunnars Sigurjónssonar, fyrrverandi sóknarprests kirkjunnar, kom upp í fyrra.

Sigríður segir Valgerði Snæland Jónsdóttur, sem tók fyrir nokkrum vikum við sem formaður sóknarnefndar, hafa beitt sig bæði andlegu og líkamlegu ofbeldi í kirkjunni.

Valgerður sleit samtali við blaðamann er hún var spurð um áskanir kirkjuvarðarins.

Sigríður segir málið snúast um atvik sem átti hafi sér stað í kirkjunni í lok mars síðastliðins.

„Þetta var í rauninni bara í eitt skipti, en þær voru tvær sem stóðu að þessu, Valgerður og vinkona hennar,“ segir Sigríður sem kveðst hafa verið á heimleið og ætlað að kveðja þegar Valgerður og önnur sóknarnefndarkona hafi farið að úthúða henni.



Valgerður Snæland Jónsdóttir, formaður sóknarnefndar í Digranessókn



Sigríður Sigurðardóttir, kirkjuvörður í Digraneskirkju

„Í sameiningu drulla þær yfir mig. Hvað ég sé köld og ómannblendin og brosi aldrei. Ég væri einhver járn-drottning og ætti í raun ekki að vera í starfi í kirkju þar sem nærgætni þyrfti við,“ segir Sigríður.

Þannig segir Sigríður að áskanirnar hafi haldið áfram í nokkra stund. Uppákoman hafi verið sem blaut tuska í andlitid á henni.

„Þetta var svo lamandi og ég vissi ekkert hvernig ég átti að vera. Ég ákvað þó að fara mjúku leiðina og segi við þær að ég hefði ekki haft hugmynd um þetta og ég skyldi reyna að bæta mig,“ segir Sigríður. Þegar hún hafi svo staðið upp til að fara hafi þær komið að henni, önnur að framan og hin að aftan, og kreist hana sín á milli.

„Þær segja: Elsku Sigga mín, við erum bara að gefa þér gjöf svo þú getir staðið þig betur,“ segir Sigríður.

„Ég lamaðist. Ég stóð þarna, milli þessara kvenna, og þetta var svo ógeðslegt að ég get ekki lýst því. Mig langaði helst að brenna fötin mín. Ég faðma ekki hvern sem er og maður hafði ekki faðmað fólk í tvö ár vegna Covid,“ segir Sigríður.

Eftir þennan atburð kveðst hún hafa farið að efast um starfsgetu sína og sitt eigið sjálf.

„Ég hafði samband við teymi

kirkjunnar í lok sumars þar sem þetta grassaði innra með mér, þessi sjálfsefi. Ég var svo boðuð í skýrslutöku í þrjúðustu viku,“ segir Sigríður og kveðst þá hafa farið í veikindaleyfi.

„Þetta er núna í ferli hjá teyminu og hvað kemur út úr því veit ég ekki. En ég vil láta ræða við þessa konu um það sem hún gerði mér og koma þessari vitneskju til sóknarnefndar. Til þess að vita hvort þau vilji virkilega hafa þessa konu sem formann. Hún er yfirmaður minn og ég get ekki unnið þannig,“ segir Sigríður sem ítrekar að mikið uppnám sé í Digraneskirkju.

„Það er allt farið að snúast um þetta ofbeldismál á hendur séra Gunnari, hverjum er bolað í burtu og hver skal vera þarna yfir,“ segir Sigríður um stöðuna.

Aðspurð segist Sigríður hafa rætt við settan sóknarprest í kirkjunni, séra Sigurð Jónsson, um málið.

„Mér finnst ég koma svolítið alls staðar að lokuðum dyrum með það. Mér skilst að hvorki Biskupsstofa né prestar hafi vald til að stíga þarna inn í. Sóknarnefndin er séreining þar sem enginn yfirmaður er yfir og virðist frihelguð af öllum sínum gjörðum,“ segir Sigríður kirkjuvörður. ■

Framkvæmdastýran óttast að LungA fari á hausinn

kristinnpall@frettabladid.is

MÚLAPING Byggðaráð Múlapings samþykkti að fela sveitarstjóra að afla fleiri upplýsinga sem varða viðbótarstyrk vegna tónlistarháttárinna LungA.

Í skýrslu sem framkvæmdastýra LungA sendi til sveitarstjórnar Múlapings kemur fram að áhrif Covid-19 séu að koma í bakið á hátíðinni í ár og að það séu reikningar upp á fimm milljónir í vanskilum. Það sé í raun hætt við því að hátíðin fari á hausinn.

Í skýrslunni kemur fram að LungA-tónlistarháttíðin velti um



Frá LungA-hátíðinni. MYND/ÆSEND

fjörutíu milljónum árlega í hefðbundnu árferði og að helmingur þeirrar upphæðar verði eftir í fjórðungnum. Um leið hafi hátíðin átt stóran hlut í því að koma Austurlandi og Seyðisfirði á kortið.

Covid-19 heimsfaraldurinn hafi hins vegar komið í veg fyrir sérstaka afmælishátíð árið 2020 sem hafi skilið eftir sig tíu milljóna tap.

Eftir að hafa tekist að standa straum af þeim kostnaði framan af sé nú komið að því að hátíðin finni fyrir tapi ársins 2020.

Fyrir vikið sé óskað eftir auknum Covid-19 styrk til að koma í veg fyrir að hátíðin fari á hausinn. ■



NÝR X3

PLUG-IN HYBRID.

#joyelectrified by 



BMW X3 M-Sport PHEV.

Nýr og endurhannaður BMW X3 Plug-in Hybrid færir þér einstaka og umhverfissvænni akstursánægju sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.

4 ÁRA ÁBYRGÐ*

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.bmw.is

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Verulegt magn baktería er í neysluvatni á Hofsósi

birnadrofn@frettabladid.is

HEILSA Verulegt magn E. coli-gerla fannst í neysluvatni á Hofsósi og hefur íbúum verið ráðlagt að sjóða vatn til neyslu. Sýni Heilbrigðis-efirlits Norðurlands vestra (HNV) sýndu 140 gerla í 100 millilítrum af vatni. Finnist einn gerill í 100 millilítrum vatns telst það of mikið.

Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri HNV, segir magnið mjög mikið og að hætta sé á að fólk veikist drekki það vatnið ósoðið. Ekki sé þó þörf á því að fólk kaupir sér vatn, nóg sé að sjóða það.

„Ég hef heyrt frá tveimur þorpsbúum að þeir hafi kennt einhverrar ólgu í maganum,“ segir Sigurjón sem kveður lampa með útfjólubláu ljósi sem sóttreinsa vatnið hafa farið úr sambandi. Hann telur einnig líklegt að óhreinindi hafi komist í vatnsbólíð með einhverjum hætti, svo mikið sé magn bakteríanna.

„Ég þarf að grafast fyrir um það nákvæmlega,“ segir Sigurjón og bætir við að í gær hafi verið tekin frekari sýni sem eftir eigi að greina.

Sigurjón segir að áður en gerlarnir fundust í vatninu nú hafi síðast verið tekið sýni þann 12. ágúst. Það hafi komið eðlilega út og engir E. coli-gerlar fundist í því. „Það eru allar líkur á því að þetta hafi verið að gerast,“ segir hann.

Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Skagafjarðar, segist ekki hafa upplýsingar um að óhreinindi hafi komist í vatnsbólíð, von



Ég hef heyrt frá tveimur þorpsbúum að þeir hafi kennt einhverrar ólgu í maganum.



Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri HNV

sé á varahlutum á morgun og að þá verði hægt að hefjast handa við að laga lampann sem um ræðir. „Við munum halda áfram að fylgjast með og klóra vatnið eitthvað áfram en við höfum nú þegar byrjað á því,“ segir hann.

„Svo þurfum við að fara yfir verkefna hjá okkur svo svona gerist ekki aftur, og að við fáum tilkynningar ef einhver svona bilun kemur upp,“ segir Sigfús. ■



Líkt og á Íslandi verður ansi kalt yfir vetrartímann og geta íbúar þá hlýjað sér í stærsta baðlóni heims. MYND/GEOLAGON

Hugmynd að stærsta lóni heims byggð á Bláa Lóninu

Bláa Lónið er fyrirmynd að nýju baðlóni í heilsársþorpi sem er á teikniborðinu í Kanada. Hugmyndasmiðurinn stefnir á að byggja stærsta baðlón í heimi samhliða nýju heilsársþorpi í Quebec-fylki og eru fleiri staðsetningar til skoðunar.

kristinnpall@frettabladid.is

KANADA „Þessi hugmynd hefur verið í vinnslu frá árinu 2017. Mig dreyndi um að búa til sjálfbært heilsársþorp þar sem ferðamenn gætu keypt eða leigt glæsilega sumararbústaði í lengri eða skemmri tíma. Upphaflega var ekki gert ráð fyrir upphitun lóni en þegar verkefnið fór að þróast kviknaði sú hugmynd og þar höfðu töfrar Bláa Lónsins sannarlega áhrif,“ segir Louis Massicotte frumkvöðull spurður út í hugmyndina um stærsta baðlón heims og tengslin við hið heimsfræga baðlón Bláa Lónið á Íslandi.

Í kynningarmyndbandi fyrir lónið kemur fram að íslenska baðlónið sé innblásturinn að géoLagon og má meðal annars rekja áhugann til heimsóknar Louis til Íslands, bæði í Bláa Lónið og Sky Lagoon. Hann hefur sjálfur um árabíl unnið í ferðamannabransanum í Quebec.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að það standi til að reisa fjögur sjálfbær þorp í Quebec-fylki í Kanada sem munu eiga það sameiginlegt að verða með fjögur manngerð baðlón. Markmiðið er að lónin verði öll afsömu stærð, um tólf þúsund fermetrar. Til samanturðar er Bláa Lónið rúmlega átta þúsund fermetrar.



Áætlaður kostnaður við hvert þorp er um 35 milljarðar króna. MYND/GEOLAGON



Upphaflega var ekki gert ráð fyrir upphitun lóni en þegar verkefnið fór að þróast kviknaði sú hugmynd og þar höfðu töfrar Bláa Lónsins svo sannarlega áhrif.



Louis Massicotte, framkvæmdastjóri géoLagon

Samkvæmt hugmyndunum verða um 600 hús í hverju þorpi fyrir sig sem verða til sölu á verðbilinu 80-120 milljónir og hefjast fyrstu framkvæmdir næsta vor í von um að það verði tilbúið í árslok 2024 eða ársbyrjun 2025. Áætlað er að hvert þorp kosti um 35 milljarða íslenskra króna en það gengur vel að selja eignir í fyrsta þorpinu.

„Áhuginn er mikill, sérstaklega hjá fjárfestum sem hyggjast leigja eignirnar út. Þegar eru 80 prósent eignanna seld í fyrsta þorpinu en sala eigna í hinum er um 40-70 prósent,“ segir Louis.

Það er til skoðunar að hefja viðræður við íslensk baðlón til að kanna áhugann á að samnýta þekkingu, aðkomu íslenskra fjárfesta og einhvers konar samstarfi.

Hugmyndin er að lónið og þorpin verði að stærstum hluta sjálfbær með orku og að þau verði opin allan ársins hring. ■

Sviðslistasjóður

Opið er fyrir umsóknir til kl. 15:00, 3. október 2022

Sviðslistaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki til starfsemi atvinnusviðslistahópa 2023/24.

Umsóknum skal skilað rafrænt á www.rannis.is

Í umsókn er beðið um lýsingu á verki, gildi, feril listamanna og rökstudda fjárhags- og tímaáætlun.

Hafi umsækjandi hlotið styrk úr sjóðnum áður, verður umsókn aðeins tekin til umfjöllunar ef framvinduskýrslu/lokaskýrslu hefur verið skilað.

Athugið að umsókn í Sviðslistasjóð getur einnig gilt sem umsókn fyrir þátttakendur til listamannalauna. Einungis er sótt um einstaklingslaun til launasjóðs listamanna.

Á www.rannis.is eru umsóknar- og skýrsluform, matskvarði, áherslur stjórnar, lög, reglugerð og leiðbeiningar um gerð umsókna. Sviðslistasjóður starfar samkvæmt lögum um sviðslistir 2019 nr. 165.

Nánari upplýsingar: sviðslistasjodur@rannis.is.

Umsækjendur eru hvattir til að skila umsóknum tímanlega.



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og
viðskiptaráðuneytið



Vilja sakfella fleiri einstaklinga í Rauðagerðismálinu

helenaros@frettabladid.is

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í Rauðagerðismálinu hófst í gær fyrir Landsrétti með tveggja klukkustunda löngu myndbandi sem sýndi ferðir fjórmenninganna í málinu daginn sem hinn 33 ára gamli Armando Begiri var myrtur fyrir utan heimili sitt í Rauðagerði um miðjan febrúar í fyrra.

Myndbandið var sýnt í Héraðsdómi Reykjavíkur á sínum tíma en nokkrum myndbrotum hafði verið bætt við. Þau sýndu brot úr myndavélum víðs vegar um borgina ásamt ferðalagi sakborninga norður á land eftir morðið.

Þegar myndbandinu lauk tók við skýrsla yfir Angjelin Sterkaj, sem játaði verknadinn, frá héraðsdómi. Einnig var sýnt myndband af skýrslu Claudiu Carvalho, sambýliskonu Angjelin, sem var spurð hvort hún vildi bæta einhverju við, sem hún vildi ekki.

Réttarhöldin munu halda áfram eitthvað fram eftir degi, í dag og á



Í biðstofu Landsréttar í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
HELENA RÓS

föstudag fer fram munnlegur málflutningur.

Þremmingarnir voru sýknaðir í héraðsdómi því ekki taldist sannað að þau hefðu vitað eða mátt vita hvað Angjelin hefði haft í hyggju áður en hann myrti Armando. Saksofnari fer fram á minnst fimm ára fangelsi yfir þremmingunum.

Angjelin játaði verknadinn nokkru eftir morðið og hefur ávallt haldið því fram að hann hafi verið

einn að verki. Hann fékk 16 ára dóm en saksóknari fer fram á að dómurinn verði þyngdur í 18 til 20 ár.

Þá fer saksóknari jafnframt fram á að þrjár aðrir sakborningar, sem héraðsdómur sýknaði, verði dæmdir fyrir aðild að morðinu. Það eru þau Claudia, Murat Selivrda og Sphetim Qerimi. Tekist er á um hvort þrjú hafi haft vitneskju um morðið á Armando, fyrir eða eftir það. ■

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut

h

Breski seðlabankinn grípur til aðgerða til að róa markaðinn

sigurjon@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Englandsbanki, seðlabanki Bretlands, hefur tilkynnt að bankinn muni stíga skref til þess að róa markaðinn eftir að skattalækkanir bresku ríkisstjórnarinnar ollu því að sterlingspundið féll og lántökukostnaður hækkaði talsvert.

Bankinn varaði við því að ef hverfull markaðurinn myndi halda áfram í því ástandi sem hann er

núna, gæti það endað á því að ógna fjármálastöðugleika alls Bretlands. Einnig var tilkynnt að bankinn myndi fjárfesta í ríkisverðbréfum til að „endurheimta eðlilegar markaðsaðstæður.“

Sterlingspundið náði nýju lágmarki á mánudaginn þegar fjármálaráðherra Bretlands tilkynnti fjármálaáætlun sína. Sterlingspundið hefur aldrei verið jafn lágt gagnvart Bandaríkjadóllaranum.

Skattalækkanir fjármálaráð-



Breska sterlingspundið hefur aldrei verið veikara.

herra Bretlands kosta ríkisstjórnina 45 milljarða punda, aðgerðin verður fjármögnuð með lántökum en ákvörðunin er sögð vera þáttur í áætlun ríkisstjórnarinnar um að efla hagvöxt.

Varað hefur verið við því að vextir gætu hækkað eftir að lántökukostnaður hækkaði, en það gæti leitt til þess að hundruð veðsettra eigna gætu horfið af markaðinum.

Bankinn sagði fjárfestinguna í ríkisverðbréfum einungis vera

tímabundna, og einungis gerða til þess að minnka áhyggjur fjárfesta. Samhliða fjárfestingunni verður seinkað áformum um áætlun þeirra um að selja önnur ríkisverðbréf.

Áform ríkisstjórnarinnar um skattalækkanirnar hafa verið gagnrýndar. Alþjóðdagjaldeyrissjóðurinn varaði við því í gær að áformin væru enn líklegri til þess að kynda undir framfærslukostnaðarkreppunni sem ríðið hefur yfir Bretland á síðustu misserum. ■



Luiz Inácio Lula da Silva.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Enn stefnir í tvær umferðir í Brasilíu

gar@frettabladid.is

BRASILÍA Fyrrverandi forseti Brasilíu, Luiz Inácio Lula da Silva, hefur um 10 prósentustiga forskot á núverandi forseta, Jair Bolsonaro, í skoðanakönnunum fyrir forsetakosningar þar í landi á sunnudag.

„En til að vinna kosninguna í fyrstu umferð og komast hjá seinni umferð þann 30. október þarf hann að tryggja meira en 50 prósent atkvæða,“ bendir spænska blaðið El País á. „Í augnablikinu skortir hann 5 prósentustig upp á að ná þeim þröskuldi en hugsanlega nær hann að ná til þeirra 7 prósentu kjósenda sem eru óákveðnir eða hyggjast ekki kjósa.“ ■



Ylfingurinn Maya ásamt staðgöngumóður sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tveir klónaðir úlfar komnir í heiminn í Kína

thorgrimur@frettabladid.is

LÍFVÍSINDI Fyrir viku fæddist annar klónaði heimskautaúlfur sögunnar á tilraunastofu Sinogene-líftækni-fyrirtækisins í Xuzhou í Kína. Sá fyrsti, Maya, fagnaði hundrað daga afmæli sínu á sama degi. Frá þessu var greint á fréttasíðu Global Times, sem birti upplýsingar um þetta í gær.

Fæðing nýja klónaða ylfringsins, sem hefur fengið nafnið Ha'er, þykir sýna fram á að hægt verði að nota klónun til að halda uppi kynstofnum dýrategunda sem eru í útrýmingarhættu.

Staðgöngumóðir beggja klónanna var hundtík af beagle-kyni. Erfðaefni þeirra er úr karlúlfi frá skemmtigarðinum Harbin Polarland í Heilongjiang-héraði í norðausturhluta Kína. Ekki er gert ráð fyrir að Sinogene klóni fleiri úlfa heldur vill fyrirtækið snúa sér að öðrum dýrum. ■



Málræktarþing Íslenskrar málnefndar verður haldið fimmtudaginn 29. september í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins undir yfirskriftinni Íslensk tunga og nýir miðlar.

Verið öll hjartanlega velkomin!

DAGSKRÁ

- | | | | |
|-------|--|-------|--|
| 15.00 | Þingsetning og ávarp menningar- og viðskiptaráðherra. | 15.45 | Anna Sigríður Þráinsdóttir: Stælgæinn – miðlæg málfarsráðgjöf fyrir fjölmiðla. |
| 15.05 | Ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2022. Eva María Jónsdóttir les. | 16.00 | Jón Gunnar Þorsteinsson: Hvar er íslenskt alfræðiefni á netinu og hvernig ratar það til lesenda? |
| 15.15 | Guðrún Nordal: Allt á einum stað. | 16.15 | Sigríður Wöhler: Ef við mættum ráða – um rafrænt námsefni. |
| 15.30 | Kristján B. Jónasson: Arfurinn ókeypiss í snjalltækið þitt – Stafræn endurgerð höfundarréttarvarðra texta. | 16.30 | Afhending viðurkenningar Íslenskrar málnefndar 2022. |

Fundarstjóri: Luciano Dutra

Mikil óvissa í kringum grunsamlegan gasleka



Sigurjón
Torfason
sigurjon
@frettabladid.is

Í fyrradag rofnuðu gasleiðslurnar Nord Stream 1 og 2 og fóru að leka, fyrst um sinn var einungis tekið eftir leka á Nord Stream 2, en skömmu seinna var tekið eftir lækku á þrýstingi í Nord Stream 1 og þar með staðfest að hún lækki einnig.

Gasleiðslurnar liggja 1.200 kílómetra á 80 til 110 metra dýpi í Eystrasaltinu og flytja metangas frá Rússlandi til Þýskalands, þar sem því er dreift frekar um Evrópu. Nord Stream 1 var tekin í gagnið árið 2011 og hafði, fyrir stríðið í Úkraínu, flutt 170 milljónir rúmmetra af gasi frá Rússlandi til Evrópu á degi hverjum. Eftir að stríðið hófst hefur hvorug leiðslan verið notuð, en leiðslurnar voru fullar af gasi samt sem áður.

Enn er ekki vitað hvað olli því að leiðslurnar byrjuðu að leka en bilanir á leiðslum sem þessum eru afar sjaldgæfar og ólíklegar. Ekki þykir ólíklegt að lekinn hafi orðið af völdum sprengna því þykkir á veggjum leiðslunnar er töluverð, en þeir eru úr 27 til 41 millimetra stálhlíf sem þakin er 60 til 110 millimetra þykkri steypu.

Hafa áhyggjur af mengun

Gasleiðslan hefur flutt metangas á milli Rússlands og Þýskalands. Eftir að leiðslurnar rofnuðu hefur metangas flætt út í Eystrasaltið og þaðan upp á yfirborðið og út í andrúmsloftið.

Náttúruverndarsamtök eru þegar farin að tala um atvikið sem miklar hamfarir. Samkvæmt útreikningum frá háskólanum í Árósum gætu tuttugu til þrjátíu tonn af koltvísýringi farið út í andrúmsloftið, en það jafnast á við um tvo þriðju af mengun allrar Danmerkur á heilu ári.

Í samtali við Danska ríkisútvarpið segir prófessor við háskólann í Árósum að það sé mikið þegar það sé borið saman við Danmörku, en út frá mengun um allan heiminn sé mengunin ekki mikil. Hann tekur þó fram að svona atburðir ættu alls ekki að gerast.

Danska orkumálastofnunin segir helming gassins sem var í leiðslunum hafa náð að brjóta sér leið út en samt býst stofnunin ekki við að leiðslurnar tæmist fyrr en á sunnudag, fram að því megi búast við því að gas haldi áfram að streyma út í hafið.

Mælar greindu sprengingu

Jarðskjálftamælar í Danmörku og Svíþjóð greindu sprengingu skömmu áður en lekinn uppgötvaðist og voru dönsk yfirvöld fyrst til að lýsa því yfir að um skemmdarverk væri sennilega að ræða og að til stæði að rannsaka það frekar. Síðan þá hafa Þjóðverjar lýst yfir að þeir hyggist taka þátt í rannsókninni.

Fjöldi ríkja og stofnana hefur lýst yfir að þau óttast að um skemmdarverk sé að ræða. Yfirvöld í Úkraínu hafa lýst því yfir að Rússar beri ábyrgð á árásinni og segja hana vera hryðjuverk sem beinist gegn Evrópusambandinu.

Evrópusambandið telur einnig að um skemmdarverk sé að ræða. Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar sambandsins, sagði í gær að „allar vísitandi tilraunir til að hindra notkun gaskerfisins muni hafa alvarlegar afleiðingar og verði mætt með sterkasta mögulega viðbragði.“

Hver sem er gæti verið ábyrgur

Sænska ríkissjónvarpið greinir frá því að nokkur lönd eða hópar gætu viljað fremja skemmdarverk á báðum gasleiðslunum, að sögn Arnold Dupuy, en hann fór fyrir rannsóknarhópi innan NATO sem rannsakaði blendingshernað í Svíþjóð í síðustu viku.



Danska orkumálastofnunin býst við því að gas haldi áfram að flæða úr leiðslunni fram á sunnudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Danska ríkisstjórnin hélt í fyrradag blaðamannafund þar sem greint var frá gaslekanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Þetta litur út eins og vísitandi tilraun til að skemma gasleiðslurnar.

Arnold Dupuy, sérfræðingur á vegum NATO

Hann sagði að hver sem er gæti hafa staðið fyrir þessari mögulegu árás, hópar sem eru andvígir rússneskum yfirvöldum eða jafnvel úkraínskum. Aktivistar sem hliðhollir eru Rússlandi eða jafnvel starfsmenn á vegum Rússlands gætu einnig hafa staðið að þessu.

„Ég vil ekki kalla þetta skemmdarverk á þessu stigi, en ég held að það sé hugtakið sem þeir nota í Kreml. Það er mjög ólíklegt að þrjú lekar komi upp á sama tíma á tveimur mismunandi gasleiðslum. Þetta litur út eins og vísitandi tilraun til að skemma gasleiðslurnar,“ sagði Dupuy í samtali við Sænska ríkissjónvarpið.

Öryggisráðið fundar á morgun

Dmítrij Peskov, talsmaður Kremli, sagði allar ásakanir þess eðlis að Rússar stæðu að baki árásinni „fyrirsjáanlegar og heimskar“ vegna þess að skemmdirnar muni valda Rússum miklu efnahagslegu tjóni.

Rússar kölluðu eftir því að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kæmi saman og ræddi gaslekann, en fimmtán ríki sitja í ráðinu. Kall Rússa eftir fundi hefur verið samþykkt og mun sá fundur fara fram á morgun, föstudag.


Auka öryggi við orkugrunnvirki

Norðmenn hafa aukið öryggi í kringum orkugrunnvirki Equinor, sem er olíufyrirtæki í eigu ríkisins. Eftirspurn eftir norösku gasi og olíu hefur aukist til muna eftir að stríðið í Úkraínu hófst, það er vegna þess að ýmis ríki Evrópu leita leiða til þess að kaupa olíu og gas sem kemur ekki upprunalega frá Rússlandi.

Jonas Gahr Støre, forsætisráðherra Noregs, sagði norska herinn verða mjög sýnilegan héðan í frá í kringum búnað sem flytur gas og olíu. Stjórnmalamenn í Evrópu óttast að nýr kafli í blendingsstríði sé hafinn og að innviðir tengdir orkumálum gætu orðið illa úti í þeirri tegund hernaðar. ■

Óttast að skemmdarverk hafi verið framið

Leki úr tveimur gasleiðslum Nord Stream, sem tengja Rússland og Þýskaland, hefur vakið upp spurningar um að mögulegt skemmdarverk hafi verið framið.



Heimild: Reuters, Gazprom, Dönsk siglingayfirvöld

Mynd: Danski herinn © GRAPHIC NEWS

vfs.is

25 ára afmæli!

1997-2022

25%

AFSLÁTTUR

af öllum vörum í fjóra daga!

Föstudag til mánudags
í verslunum okkar og á vfs.is



VERKFERA
SALAN

Athugið:
25% afsláttur
af öllum vörum
aðeins í 4 daga:
30. sept. – 3. okt.

Telur skilning á áhrifum verðbólgu hafa aukist



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segir breytt lánaumhverfi á fasteignamarkaði hafa leitt til þess að Íslendingar séu farnir að skilja betur hvernig verðbólga virkar. Hann segir okkur betur í stakk búin til að takast á við hana vegna þessara breytinga. Seðlabankinn birti skýrslu um fjármálastöðugleika í gær.

Í skýrslu fjármálastöðuleikanefndar Seðlabankans kemur fram að versnandi alþjóðlegar efnahagshorfur kunni að hafa áhrif á íslenskan þjóðarbúskap.

Verðbólga hefur ekki verið meiri í áratugi og seðlabankar gripið til brattrar vaxtahækkana.

Stríðið í Úkraínu hefur svo leitt til hærri orkuverðs og það eykur enn frekar á vandann að mati Seðlabankans.

Þrátt fyrir þessa stöðu telur Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri margt horfa til betri vegar um þessar mundir.

„Það reynir á kerfin sem við höfum byggt upp við þessar aðstæður, en við teljum okkur sjá skýr merki þess að umgjörð efnahagsmála á Íslandi muni standast prófið. Það er ánægjulegt,“ segir Ásgeir.

Hann segir ljóst að næstu mánuðir verði krefjandi.

„Horfur hafa versnað og það er ástæða til að hafa áhyggjur af þróuninni úti í heimi. Það kemur skýrt fram í skýrslunni.“

Enn um sinn verði verðbólgan þó okkar stærsta verkefni. Í þeim efnum vill Ásgeir draga fram þær



Ásgeir segist hafa fullan skilning á stöðu fólks sem horfi á afborganir húsnæðislána hækka um hver mánaðamót.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Fólk sem er með breytilega vexti á lánum veit upp á hárf hvað ég er að tala um.

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri

er hætt við að fólk verði ónæmt fyrir raunverulegum áhrifum verðbólgu. Slikt umhverfi leiðir svo til ákveðins sinnuleysis,“ segir Ásgeir.

„Svo smitast þetta sinnuleysi áfram inn í stjórn málin því pólitíkin fær aldrei þau skilaboð frá almenningi að verðbólga skipti máli. Þetta er alveg kjörið ástand fyrir langvarandi draug því enginn telur nógu brýnt að takast á við hann.“

Þetta eru langstærstu ókostirnir við verðtrygginguna að mati Ásgeirs.

„Enda hefur Seðlabankinn alltaf verið á sveif með verkalýðshreyfingunni og talið mikilvægt að draga úr vægi verðtryggingar í íslensku lánaumhverfi. Við höfum aldrei verið þeirrar skoðunar að það eigi að banna hana en alltaf verið þeirrar skoðunar að það mætti draga úr áhrifum hennar,“ segir Ásgeir.

Hann segir umhverfið gerbreytt í dag því greiðendur húsnæðislána sjái áhrif verðbólgunnar á greiðsluseðlunum um hver einustu mánaðamót.

„Við hugsum meira út í þessa hluti. Spáum í lánum sem við erum með, skoðum kostina og látum til okkar taka. Skiljum verðbólgu og áttum okkur á hve mikilvægt það er að berjast gegn henni. Allt vegna þessara breytinga á lánamarkaði sem við höfum séð.“

Fólk sem er með breytilega vexti á lánum veit upp á hárf hvað ég er að tala um. Það skilur stöðuna og fylgist gaumgæfilega með henni. Hellir sér svo yfir seðlabankastjóra og pólitíkusa og krefst úrbóta. Þannig viljum við einmitt hafa þetta,“ segir Ásgeir.

„Ég vil samt taka fram að ég hef fullan skilning á að það bití fast þegar greiðslubyrði húsnæðislána hækkar um tugi þúsunda á milli mánaða. Ég vil bara meina að það sé samt heilmikill árangur hjá okkur að skuldir heimilanna haldi áfram að lækka á sama tíma. Um níu prósent á síðustu tólf mánuðum. Það er mjög heilbriggt,“ segir Ásgeir að lokum. ■



Við teljum okkur sjá skýr merki þess að umgjörð efnahagsmála á Íslandi muni standast prófið.



VÍSINDAKAFFI RANNÍS BÓKASAMLAGINU SKIPHOLTI 19 Í KVÖLD KL. 20:00-21:30

Rannís býður upp á Vísindakaffi þar sem vísindafólk kynnir viðfangsefni sín á óformlegan hátt í þægilegri kaffihúsastemningu. Markmiðið er að færa vísindin nær fólki og segja frá rannsóknum sem skipta máli fyrir daglegt líf.

Málefni kvöldsins:

Viltu smakka? Hvernig bragðast?

Aðalheiður Ólafsdóttir skynmatsstjóri hjá Matís fjallar um skynfærin, skynmat, matarupplifun og gæðamat.

Gestir á Vísindakaffi geta fræðst um hvernig skynmat virkar, en í skynmati eru skynfæri mannsins, þ.e. sjón-, lyktar-, bragð-, heyrnar- og snertiskyn notuð til að meta gæði matvæla. Skynmat í íslenskum matvælaíðnaði er stór þáttur í gæðaeftirliti í fiskiðnaði, kjötvinnslu og mjólkuriðnaði.

VERIÐ VELKOMIN!

Kaffistjóri: Davíð Fjöltnir Ármannsson

Visindavaka


European Researchers' Night



EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin á lyfjaval.is

Veldu að sækja í næsta apótek
eða fáðu sent heim.



www.lyfjaval.is

Lyfjaval 
HEILSA & HAMINGJA

Bílaapótek Hæðasmára
Bílaapótek Vesturlandsvegi
Bílaapótek Suðurfelli
Glæsibæ
Urðarhvarfi
Mjódd
Apótek Suðurnesja

Umhverfisslys



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Sú var tíðin að pota átti stóriðju ofan í hverja vik á Íslandi, en þar væri líka komið hið endanlega svar við atvinnuuppbyggingu landsmanna. Heillaráðið var að afhenda erlendum auðhringum íslenska orku á slíkum kostakjörum að þeir sæju sér ekki annað fært en að reisa risastórar verksmiðjur um eyjuna þvera og endilanga.

Þessi dæmalaus gestrisni, að beisla náttúruna upp um allar heiðar í þágu útlenskra stórfyrirtækja, og hlifa þeim jafnframt við skattgreiðslum á þessum endimörkum álfunnar, þótti löngum vera til um marks hvað ráðamenn voru úrræðagóðir í atvinnumálum, þriðja meginstöðin – iðnaðurinn – var komin til að vera í íslenskum efnahag og yki fjölbreytnina á vinnumarkaði til muna.

Sama gestrisnin blasir nú við í stórauðnu sjókvíaeldi á vestan- og austanverðu landinu. Erlendum fjárfestum er gefinn opinn aðgangur að misjafnlega þröngum fjörðum sem allsendis óvist er hvort beri það eldi sem þar fer fram í kvíum undan landi.

Og enn skal gróðavonin njóta vafans. Náttúran verður bara að þola sitt á meðan atinu vindur fram – og það sakar auðvitað ekki í þeim efnum að ósóminn sem af því hlýst er allur geymdur undir yfirborði sjávar.

Hann er raunar gríðarlegur. Allar tölur þar að lútandi liggja fyrir. Engu að síður fæst hvert leyfið af öðru til að fylla fjörð og annan af ógnarstórum kvíum sem þekja stóra hluta hafsvæðisins.

Norska umhverfisstofnunin hefur metið mengunina af hverju tonni í sjókví á við skól frá sextán manneskjum. Í því mengi má nefna að fyrirtækið Laxar á Austfjörðum er með leyfi fyrir sextán þúsund tonnum í Reyðarfirði. Starfsemin þar framleiðir því skól á við 256 þúsund manns. Það er auðvitað ekkert annað en argasti sóðaskapur.

Á vef íslensku Umhverfisstofnunarinnar er sjókvíaeldi flokkað sem mengandi iðnaður. Það er að vonum. Enda fer allt skólpið sem fellur til við framleiðsluna beint í sjóinn.

Sjókvíaeldi er í raun og sann stríðsýfirlýsing á hendur náttúrunni. Svo og dýraríkinu, en erfðablöndun við villtan lax er stórfellt áhyggjuefni. Svo er komið að einn af hverjum tuttugu löxum í ám kemur úr eldi. Það er ofboðsleg tala.

En þetta er svo íslenskt. Landeldi er á allan máta langtum umhverfissvænna en sjókvíaeldi, en stofnkostnaður er þar miklu meiri. Þess vegna leyfist mönnum að stytta sér leið að gróðanum. Einmitt á Íslandi. ■

”
Og enn skal gróðavonin njóta vafans. Náttúran verður bara að þola sitt á meðan atinu vindur fram...

Halldór



Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is
kristinnhaukur@frettabladid.is

Vonlaus Vesturbær

Nemundur í Hagaskóla í Vesturbæ munu stunda nám í Korpuskóla sem er í þökkalega beinni loftlínu um 10 kílómetra frá. Vesturbærinn er orðinn að útnára borgarinnar. Þar er allt í niðurniðslu og fátt sem gleður augað. Sundlaugin í hverfinu er frekar ógeðsleg og ekki er aðstaða fyrir íþróttafólk upp á marga fiska. Fyrir utan kvenhatrið sem þrífst í íþróttastarfinu í Vesturbæ. Vesturbærinn þótti lengi vel eitthvað hip og kúl og það þótti eftirsóknarvert að búa í 107. Núna fær ekki einu sinni Mugison að spila þar og það er jafn oft minnst á Vesturbæ í dagbók lögreglunnar í dag og Breiðholt í gamla daga.

Flatbökur

Talandi um guðsvolaða staði. Hafnirfirðingar tóku eftir því að enn einn flatbökustaðurinn hefur opnað á Fjarðargötu 11. Í þetta skipti hin gamalgróna keðja Pizzan. Er þetta fjórði flatbökustaðurinn sem opnar þar. Á tiunda áratugnum seldi Jón Bakan sínar flatbökur í Fjarðargötu 11. Seinna tók alþjóðlegur risi að nafni Dominos við bókunarkeflinu. Þegar hann gafst upp trommaði Þórarinn Ávarsson stuttlega upp með Spadann. Merkilegt stílbrot á sögu Fjarðargötu 11 er hins vegar þegar húsnæðið hósti kosningaskrifstofu Vinstri grænna fyrir þeirra fyrstu alþingiskosningar árið 1999. Kannski er það samt viðeigandi. ■

Ný þjóðarhöll í íþróttum



Ásmundur Einar Daðason
mennta- og barna-
málaráðherra

Við Íslendingar höfum átt öflugt íþróttafólk í gegnum tíðina sem náð hefur undraverðum árangri undir fána smáþjóðar. Samkeppnin harðnar stöðugt og ekki er lengur nóg að hafa hæfileika og metnað til að komast í fremstu röð. Fyrsta flokks aðstaða til íþróttaiðkunar skiptir höfuðmáli.

Málefni þjóðarleikvanga hafa verið til umræðu um all langt skeið. Okkar fremsta afreksfólk og landslið hafa ekki aðgang að æfingaaðstöðu eða mannvirkjum sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í dag. Núverandi þjóðarleikvangar eru komnir til ára sinna og aðstaðan úrelt. Hætta er á því að heimaleikir íslenskra landsliða, sem nú eru haldnir á undanþágu, geti ekki farið fram hér á landi. Við það verður ekki unað og það er forgangsverkefni að hraða byggingu þjóðarleikvanga í íþróttum.

Eitt af mínum fyrstu verkum sem ráðherra íþróttamála var að skipa stýrihóp um undirbúning uppbyggingar þjóðarleikvanga fyrir innanhúsiþróttir, knattspyrnu og frjálsíþróttir. Viðtækt samtal átti sér stað við íþróttahreyfinguna og Reykjavíkurborg og er myndin byrjuð að skýrast. Byrjað verður á þjóðarhöll í innanhúsiþróttum en undirbúningur fyrir nýja þjóðarleikvanga í knattspyrnu og frjálsíþróttum heldur áfram samhliða.

Viljayfirlýsing um byggingu nýrrar þjóðarhallar fyrir innanhúsiþróttir í samstarfi ríkis og Reykjavíkurborgar var undirrituð 6. maí. Framkvæmdanefnd er falin uppbygging þjóðarhallar í Laugardalnum með metnaðarfullt takmark um verklok 2025. Hún vinnur nú að því að skilgreina mannvirkið, ákvarða rekstrarform og áætla kostnað. Fyrsti fasi verkefnisins er í fullum gangi og samkvæmt áætlun. Við Íslendingar gerum miklar kröfur til íþróttafólks um afrek. Það er eðlilegt að íþróttafólk og hreyfingin öll geri kröfur til stjórnvalda um viðunandi aðstöðu til að hámarka árangur.

Eins vel og Laugardalshöllin hefur þjónað íþróttalífinu er hún barn síns tíma. Með nýrri höll í Laugardalnum verður umgjörð fyrir íþróttastarfið, fjölmíðla og áhorfendur eins og best verður á kosíð. Við ætlum að klára verkefnið og sjá til þess að afreksiþróttafólk okkar geti notið aðstöðu á heimsmeilivörðum. ■

”
Eins vel og Laugardalshöllin hefur þjónað íþróttalífinu er hún barn síns tíma.

1. október

Laugardalshöll
laugardagur 1. október
kl. 13.00 - 18.00

VÍSINDAVAKA
VÍSINDIN LIFNA VIÐ!

Veiturfræði + geimvísindi
krabbar + vélmenni + eldgos
líffræði + tönlíst + tungumál
háskólar + plöntur + sálkerfið
gervigreind + loft og vatn + o.fl.

European Researchers' Night

rannís

Graðhvannarnjóli

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson



„Eg ætla að eg hafi þá nógar, að þessi er uppi er eg held um,“ segir í Gerplu að Þorgeir Hávarsson hafi mælt til fóstbróður síns eftir að hann missti táfestuna í bjarginu og hafði ekki annað hald en graðhvannarnjola, sem hann hékk í. Sjávarútvegspólítíkin er svolítið á þessum stað núna.

Frjálst framsal

Frjálst framsal aflahlutdeildar er forsenda þjóðhagslegrar hagkvæmni sjávarútvegs. Fyrir vikið eigum við færri en öflugri fyrirtæki en áður og færri en sterkari útgerðarbæi.

Þessu lögmáli fylgja óhjákvæmlega breytingar. Einhver fyrirtæki láta undan en önnur eflast eins og í öðrum atvinnugreinum, jafnvel í landbúnaði.

Í öndverðu var frjálst framsal umdeilt. Nú er lítill ágreiningur um það.

Rök fyrir lágu gjaldi

Deilan stendur fyrst og fremst um hitt: Hvað telst vera eðlilegt gjald fyrir einkaréttinn og hvernig á að finna grundvöll þess?

Enginn hefur haldið því fram að þau fyrirtæki, sem veða stærsta hluta heildaraflans, geti ekki greitt hærra gjald og komist vel af þrátt fyrir það. Sú staðreynd er of augljós til að unnt sé að afneita henni.

Rökin eru þau að örfáar smáar útgerðir með lókustu afkomuna geti ekki haldið áfram sjálfstæðum rekstri hækki gjaldið.

Rökin fara í kross

Samrunaþróunin hefur verið á fullri ferð í þrjá áratugi. Ef menn vilja nú að markmiðið um þjóðhagslega hagkvæmni nái ekki til þessara fáu litlu fyrirtækja er réttast að taka þau út fyrir sviga í markaðskerfinu og banna framsal á aflahlutdeild þeirra.

Þessi fyrirtæki yrðu þá rekin á grundvelli byggðasjónarmiða eins og landbúnaðurinn. Flestir tala eðlilega gegn því. En þá er röksemdafærslan líka komin í kross.

Á undanförunum þingum hafa verið fluttar tillögur um að þrengja talsvert möguleika stærstu fyrirtækjanna til frekari samruna. Það gefur aftur meðalstórum og minni útgerðum meira svigrúm til hagræðingar.

Fram til þessa hafa núverandi stjórnflokkar lagst þverir gegn slíkum breytingum. Þá gleymist alveg umhyggjan fyrir veikari byggðum. Rökin eru aftur komin í kross.

Þingmenn eða markaðurinn

Menn deila svo um hvort þingmenn eigi að ákveða endurgjald fyrir einkarétt til að veða úr sameiginlegri auðlind eða útgerðarmennirnir sjálfir á uppboðsmarkaði.

Rökin gegn því að útgerðarfyrirtækin ákveði verðið á grundvelli markaðslögmála eru tvenns konar:

Önnur eru þau að á markaði myndu flestar útgerðir treysta sér til að greiða hærra gjald en þingmenn telja hæfilegt. Hin eru þau að slík breyting myndi eyða nauðsynlegum fyrirsjáanleika. Fyrri rökin eru rétt en þau síðari ekki.

Pólítískur eða lögvarinn fyrirsjáanleiki

Fyrirsjáanleiki er lykilatriði í

stjórnerfi þar sem markmiðið um þjóðhagslega hagkvæmni er í öndvegi. En hver er þá munurinn á óbreyttri skipan og þeim tímabundna rétti sem leiðir af því að selja 5 prósent aflahlutdeildar á markaði ár hvert?

Í núverandi kerfi er aflahlutdeildin afturkallanleg hvenær sem er. Engin ákvæði eru um fyrirvara. Flestir lögfræðingar telja þó að dómstólar myndu ákveða einhvern uppsagnarfrest. Enginn

veit þó hversu langan. Fyrirsjáanleikinn er kominn undir pólitísku mati hverju sinni. Fram til þessa hafa engar kollsteypuákvæðanir verið teknar. En hlutur smábáta hefur þó smám saman stækkað á kostnað annarra útgerða.

Með tímabundnum samningum er veiðirétturinn hins vegar lagalega tryggður í tuttugu ár í senn og á hverju ári er aldrei meira en 5 prósent aflahlutdeildarinnar í húfi á markaði.

Engum blöðum er um það að fletta að þessi lögvarði fyrirsjáanleiki er haldbetri en pólitíska vörnin.

Tvær leiðir að réttlæti


Ein leið til að mæta kröfum almennings um aukið réttlæti er að markaðsgjald verði greitt fyrir tímasettan lögvarinn fyrirsjáanleika.

Matvælaráðherra virðist hins vegar telja að fullnægja megi rétt-

lætinu með því að færa stærri hlut til smábáta og rýra að sama skapi hlut annarra, þar á meðal lítilla veikra útgerða með aflahlutdeild.

Þetta eru pólitísku kostirnir í þessu þráláta deilumáli. Andstaðan við markaðsgjald léttir róðurinn fyrir matvælaráðherra til að ná sínu réttlæti fram.

Þeir sem tala gegn báðum leiðum hafa á endanum ekki traustara hald en kappinn í Gerplu. ■



1.990 kr.



990 kr.



1.990 kr.




990 kr.



490 kr.




1.990 kr.



1.990 kr.

**BÓKA
MARKAÐUR
Á FISKISLÓÐ 39
7. SEPT.- 3. OKT.**



2.490 kr.




990 kr.



990 kr.

ÓTRÚLEGT
ÚRVAL!

OPIÐ
10-19
ALLA DAGA



MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS

Verum best – í alvörunni best



Thelma Kristin Kvaran
meðeigandi og sérfræðingur í ráðningum hjá Intellecta og verk-efnastjóri Jafnvægisvogarinnar

Undanfarin ár hefur Ísland vakið mikla athygli á heimsvísu fyrir stöðu jafnréttismála. Samkvæmt árlegri skýrslu um kynjajafnrétti, sem gefin er út af Alþjóðaefnahagsráðinu, World Economic Forum, hefur Ísland trónað á toppnum síðastliðin þrettán ár, þar sem jafnréttisbaráttan er lengst á veg komin. Þá getum við öll klappað okkur á bakið, slappað af og hætt þessari jafnréttisbaráttu – jibbi! Þetta er komið! ... eða hvað?

Við nánari skoðun á skýrslunni koma í ljós nokkur atriði sem gera það að verkum að Ísland trónir á toppnum. Mikil þátttaka kvenna í pólitík og jafnt hlutfall kynja í embættum ráðherra eru meðal þeirra þátta sem færa Ísland ofar á listann. Á móti því vegur að skortur er á kvenkyns stjórnendum í atvinnulífnum. Góður árangur í réttindabaráttu kvenna verður því ekki rakinn til atvinnulífsins.

Staðreyndin er sú að við eigum enn langt í land til þess að ná fullkomnu jafnrétti. Lög um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja á Íslandi voru samþykkt árið 2010 og tóku að fullu gildi árið 2013. Lögin, sem ná til fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri, gera kröfu um að hlutfall hvors kyns sé ekki undir 40%. Markmiðið með lagasetningunni var að „stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum í hlutfélögum og einkahlutafélögum.“ Samkvæmt mælaborði Jafnvægisvogarinnar er hlutfall kvenna, sem sitja í stjórnnum fyrirtækja á Íslandi eingöngu 24,7% og hlutfall kvenkyns forstjóra/framkvæmda-


stjóra íslenskra fyrirtækja eingöngu 23,9%. Hlutfall kvenna, sem gegna stöðu forstjóra fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöllina, er í sögulegu hámarki. Í dag eru þar þrjár konur og 19 karlar. Ásta Fjeldsted, forstjóri Festi, bættist við á dögunum og var ráðning hennar risastórt skref í sögu Kauphallarinnar því Ásta er fyrsta konan sem ráðin er í stöðu forstjóra eftir að fyrirtæki hefur verið skráð þar inn, aðrar komu í gegnum skráningu síns fyrirtækis, sem þær höfðu leitt um árabíl.

Á meðan munurinn á stöðu kvenna og karla er svona mikill getum við ekki staðið upp stolt og sagst vera heimsmeistarar í jafnrétti. Því þetta er svo sannarlega ekki komið! Góðu fréttirnar eru þær að grunnurinn er að byggjast og við höfum því í alvörunni raunverulegan möguleika á að vera best, í alvörunni best.

Jafnrétti er ákvörðun

Jafnrétti er mikilvægt samfélagsmál og ávinningurinn er mikill, bæði fyrir atvinnulífið og samfélagið í heild. Rannsóknir hafa sýnt fram á að aukið jafnvægi kynja í stjórnendahópnum leiði til betri ákvarðanatöku og bættrar efnahagslegrar afkomu fyrirtækja. Þá geta fyrirtæki orðið eftirsóttir vinnustaðir fyrir framsækið fólk, því rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að aukið jafnrétti eykur starfsánægju hjá báðum kynjum. Starfsánægjan helst svo í hendur við ánægju viðskiptavina því rannsóknir hafa sýnt að ánægðir starfsmenn veita betri þjónustu sem skilar sér til viðskiptavinanna sem svo á endanum eykur líkurnar á bættum hagnaði.

Jafnrétti er ákvörðun sem stjórnendur taka meðvitað, fylgja henni svo eftir og framkvæma. Jafnréttisbaráttan á að vera hagsmunabaráttan allra, ekki bara kvenna. Þetta snýst ekki um að henda körlunum út eftir margra ára vel unnin störf heldur er fyrsta skref stigið strax með næstu



Á meðan munurinn á stöðu kvenna og karla er svona mikill getum við ekki staðið upp stolt og sagst vera heimsmeistarar í jafnrétti. Því þetta er svo sannarlega ekki komið!

ráðningu og svo koll af kolli. Það er enginn skortur á hæfum konum í íslensku viðskiptalífi.

Við þurfum öll að taka höndum saman og knýja fram þessar breytingar sem snúa að hagsæld þjóðarinnar.

Ráðstefna Jafnvægisvogarinnar

Jafnvægisvog FKA er unnin í samstarfi við forsætisráðuneytið, Sjóvá, Deloitte, Pipar/TBWA og Ríkisútvarpið. Verkefnið hefur verið í vinnslu frá árinu 2017 og hefur nú náð að festa sig í sessi sem mikilvægur þáttur í því að bæta efnahagslega afkomu fyrirtækja með auknum jöfnuði kynja í stjórnunarstöðum. Þátttakendur Jafnvægisvogarinnar eru orðnir tæplega 200 talsins, en öll fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög geta skráð sig til þátttöku og heitið því að vinna að markmiðum Jafnvægisvogarinnar um að jafna hlut kynja í efsta lagi stjórnunar.

Árleg ráðstefna Jafnvægisvogarinnar, Jafnrétti er ákvörðun, fer fram fimmtudaginn 12. október klukkan 12.00, og verður streymt í beinni útsendingu á ruv.is. Flutt verða erindi frá Birgi Jónssyni, for-

stjóra Play, Ástu Fjeldsted, forstjóra Festi, dr. Ástu Dis Óladóttur, dósent í stjórnun og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands, og Braga Valdimari Skúlasyni, þáttastjórnanda Orðbragðs. Auk þess munu Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Eliza Reid forsetafrú flytja ávörp. Jafnframt mun Eliza veita viðurkenningar til þeirra fyrirtækja, sveitarfélaga og opinberu aðila sem eru þátttakendur Jafnvægisvogarinnar og hafa náð að jafna hlut kynja í efsta lagi stjórnunar. Skráning er hafin á heimasíðu Jafnvægisvogarinnar: jafnvaegisvogin.is og er aðgangur ókeypis.

Ég hvet alla stjórnendur til að setja jafnréttismálin í forgang og leggja sitt af mörkum í þessu mikilvæga málefni. Skráning fer fram á www.jafnvaegisvogin.is. Jafnrétti er ákvörðun! ■

30 ára afmæli Samtaka um kynheilbrigði fagnað



Sóley S. Bender
stofnandi og fyrrverandi formaður Fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir

Samtök um kynheilbrigði (Kynheil) sem áður nefndust Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir voru stofnuð í Reykjavík 28. september árið 1992 og fagna því 30 ára afmæli á þessu ári. Tilgangur samtakanna frá upphafi hefur verið að

vinna að jöfnum rétti allra í samfélaginu til kynheilbrigðis. Sérstaklega er þetta mikilvægt fyrir ungt fólk og þá sem standa höllum fæti. Samtökin hafa byggst á þverfræðilegu samstarfi og hefur rík áhersla verið lögð á samstarf við ýmsar stofnanir og önnur félagasamtök.

Verkefni samtakanna hafa einkum falist í því að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum á margan hátt, meðal annars með því að koma í veg fyrir óráðgerða þungun, kynsjúkdóma, uppræta kynferðisofbeldi í samfélaginu og hvers konar ójöfnuð. Mikilvægur þáttur í því að fyrirbyggja óráð-

gerðar þunganir var að auðvelda aðgengi að neyðarpillunni. Samtökin héldu fjölda fræðslufunda fyrir fagaðila um neyðarpilluna og var hún síðan gerð aðgengileg í apótekum árið 2000. Til margra ára voru samtökin með móttöku fyrir ungt fólk í Hinu húsinu þar sem það gat fengið fræðslu og ráðgjöf um kynheilbrigðismál.

Samtökin hafa lagt áherslu á heildræna og gagnvirka kennslu um kynheilbrigði í skólum landsins. Árið 2011 gáfu samtökin út fyrsta heildstæða kynfræðsluefnið hér á landi fyrir ungt fólk í framhaldsskólum sem bar heitið

Ungt fólk og kynlíf. Það efni er nú í endurskoðun hjá samtökunum enda hafa verulegar samfélagslegar breytingar átt sér stað á síðustu tíu árum. Hafa fulltrúar margra félagasamtaka eins og Samtökin '78, Trans Ísland, Tabú, Kynfræðifélag Íslands ásamt ýmsum fagaðilum komið að þeirri endurskoðun. Mun nýtt efni með breyttum áherslum brátt líta dagsins ljós. Slíkt náms efni, ef vel er að kennslu þess staðið, er ætlað að stuðla að kynheilbrigði ungs fólks.

Samtökin hafa því komið að alls kyns stefnumótun í samfélaginu sem varðar kynheilbrigðismál en þau hafa átt sitt blómaskeið en jafnframt niðursveiflur. Á síðustu árum hefur verið unnið markvisst að endurreisn samtakanna, gerð hefur verið ný starfsáætlun og lögin endurskoðuð. Í þessari vinnu var heiti samtakanna breytt og í stefnu samtakanna lögð skýrari áhersla á jákvæða þætti kynlífs eins og kynferðislega ánægju og valdeflingu einstaklingsins sem kynveru. Sett voru fram slagorð samtakanna sem eru Ánægja-Samskipti-Traust. Áfram er lögð áhersla á að allir hafi möguleika á því að nýta rétt sinn til kynheilbrigðis sem felur það meðal annars í sér að vera viðurkenndur sem kynvera í samfélaginu og geta notið sín án nokkurra fordóma. Réttur til kynheilbrigðis felur einnig í sér að geta fengið kennslu um kynheilbrigði í skólum landsins og hafa greiðan aðgang að kynheilbrigðisþjónustu til að geta lifað ánægjulegu og heil-



Verkefni samtakanna hafa einkum falist í því að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum á margan hátt, meðal annars með því að koma í veg fyrir óráðgerða þungun, kynsjúkdóma, uppræta kynferðisofbeldi í samfélaginu og hvers konar ójöfnuð.

brigðu kynlífi. Slíkar áherslur eru víða í nágrannalöndum okkar og koma fram í stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um kynheilbrigði í Evrópu sem var samþykkt árið 2016. Eitt af mikilvægum stefnumálum samtakanna er að gerast meðlimur í Alþjóðasamtökum um fjölskylduáætlun (IPPF). Slík aðild veitir viðurkenningu á starfsemi samtakanna, eflir samstarf við systarasamtök í Evrópu og á Norðurlöndunum. Jafnframt er mikilvægt að vinna að stefnu um kynheilbrigði fyrir Ísland í samstarfi við IPPF og stjórnvöld hér á landi.

Frekari upplýsingar um samtökin eru á heimasíðu þeirra: kynheilbrigdi.is en síðan mun brátt fá nýtt andlit. Við hvetjum alla áhugasama að skrá sig í samtökin. ■






FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 29. september 2022



Haily Bieber í lillableiku pilsdragtinni í París. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Senubjófur í París

thordisg@frettabladid.is

Fyrirsætan Haily Bieber stal senunni á þriðjudaginn var, á tiskuvikunni sem haldin er í París þessa dagana. Hún mætti til leiks í örstuttri lillableikri pilsdragt með víðum kraga og stórum, víðum ermum. Við dragtina klæddist hún svörtum hælaskóm með gylltu keðjubandi og skartaði auk þess svarti handtösku, stórum gull-armböndum sitt á hvorri hendi og svo síðum, gylltum eyrnalokkum; glæsileg svo af bar.

Haily, sem er eiginkona kanadísku poppstjórnnunnar Justins Bieber, sat á fremsta bekk og naut þess sem fram fór á tiskupöllum ásamt Kate Moss, Zöe Kravitz, Rosie Huntington-Whiteley, Blackpink's Rose og Natalie Dyer.

Dugnaðarforkurinn Haily

Í sumar setti tiskurisinn Saint Laurent af stað haustherferð með Haily Bieber í samfestingi og kápu.

Hún er annálaður fagurkeri og hefur sannarlega nóg að gera. Nú um miðjan september frumsýndi hún eigin fatalínu í samstarfi við tiskumerkið Wardrobe.Nyc en lína Haily samanstendur af þægilegum fatnaði, svo sem bolum, blazerjökkum, kápum, leggings, buxum og toppum, og í júní kynnti hún nýja húðvörulínuna sína Rhode. ■



Bryndís er stórglæsileg með blágræna hattinn sem hún keypti sér á Spáni í stíl við buxndragt dóttur sinnar en þær mæðgur lána hvor annarri gjarnan fót.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hattar í öllum regnbogans litum endurspeglar persónuleikann

Bryndís Haralbsdóttir þingmaður hefur vakið mikla athygli fyrir hattana sína en hún á heilmikið safn af flottum og fallegum höttum og notar þá óspart við öll tilefni. Hattarnir klæða Bryndísi einstaklega vel og undirstrika persónuleika hennar. **2**

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**ALOE VERA**
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is



Pennan fallega gula barðahatt keypti Bryndís sér í Washington en flesta hattana hefur hún keypt í útlöndum og á sér minningar um í hvernig skapi hún var þegar hún fann hattana sem heilluðu.



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Bryndís hefur mikla ástríðu fyrir starfi sínu sem þingmaður og gaman er að geta þess að hún gefur kost á sér til embættis ritara Sjálfstæðisflokksins á landsfundi flokksins í vetur.

Bryndís segist miðaldra þriggja barna móðir úr Mosfellsbæ sem elskar útivist og hreyfingu. Hún hleypur á fjöll og finnst gaman að prófa nýja hluti, auk þess sem hún hefur ávallt haft sinn eigin stíl og er ófeimin við að fara ótroðnar slóðir þegar kemur að því að velja sér klæðnað.

„Ég hef lengi haft áhuga á fötum og tísku en er mjög klassísk, þannig fannst vinkonum mínum ég oft kerlingarleg í denn og þykir kannski enn,“ segir Bryndís og hlær.

Svartur hattur og týrólahattur

Hattar hafa lengi verið ástríða Bryndísar og hún var ung að árum þegar hún eignaðist sinn fyrsta hatt.

„Ég var um tólf ára gömul þegar ég keypti minn fyrsta hatt. Ég var í London með ömmu og afa og okkur ömmu þótti alltaf gaman í búðum. Ég held að ég hafi keypt hattinn í H&M, hann var svartur og ég mætti með hann á bekkjar-kvöld og einhverjar skemmtanir. Nokkrum árum síðar var ég svo á ferðalagi með ömmu og afa í Austurríki og þá féll ég fyrir týrólahatti sem ég notaði líka mikið. Ég held að þessir tveir hafi kveikt áhuga minn, ég á þá því miður ekki enn í dag en væri svo til að eiga þá. En ég er reyndar mjög passasöm á fötin mín og kemur sér vel að vera klassísk því þá er þetta svo sem alltaf í tísku.“

Hattarnir eiga sér sögu

Aðspurð segist Bryndís gjarnan velja hatta og höfuðföt eftir litum. Hún vilji eiga safn af litríkum höttum.

„Ég á hatta og höfuðföt í mörgum litum, ekki kannski í svo mörgum sníðum þar sem ég veit sirkað hvað ég fíla og hvað ekki. Þannig að yfirleitt er það liturinn núna sem heillar mig. Þegar ég vel mér hatt í dag þá skoða ég gjarnan hvort mig vanti einhvern lit í hattaregnbogann minn,“ segir Bryndís og brosir.

Bryndís segist ekki eiga sér neinn sérstakan uppáhaldshatt.

„Ég vel hatta í stíl við kápuna eða annan klæðnað, það er svo gaman að geta raða höttunum saman við klæðnaðinn, sérstaklega kápunar mínar og mynda þá heildarútlitið.“

Hattarnir hennar Bryndísar eiga sér sögu og man Bryndís vel eftir kaupunum á hverjum og einum þeirra.

„Flesta hattana mína hef ég keypt erlendis og man vel hvar og

hvernig skapi ég var í. Þeir viðhalda því minningunni.“

Þegar Bryndís er spurð um litaval og hvort hún fylgi tiskustraumum þegar hún velur sér flíkur og hatta segir hún svo ekki vera.

„Ég var eins og margar íslenskar konur mikið fyrir þjóðarlitinn okkar svartan þó ég hafi alltaf átt líka föt í mismunandi litum. Í Covid tók ég svo meðvitaða ákvörðun um að vera sem allra minnst í svörtu og frekar í lit. Þetta var svona leið til að vera jákvæðari. Svörtu fötin hafa því verið í mikilli hvíld. Ég á reyndar ekki einlitan svartan hatt – það er þá eitthvað sem vantar í hattaregnbogann. En ég á köflóttan svartan og hvítan sem ég nota töluvert. Svo á ég ljósan, gulan, nokkra bláa og alls konar,“ segir Bryndís dreymin á svip.

„Ég hef alltaf verið klassísk í fatavali. Ég hef lengi verið í þannig starfi að finn klæðnaður er æskilegur og það hentar mér vel. Ég á sem sagt fáar gallabuxur og einfalda boli, yfirleitt erfitt fyrir mig að gíra mig niður í sumarfríunum og finna gallabuxur og strigaskó.“

Fötin eru oft einstök

Hjá Bryndísi slær umhverfshjartað og síðustu ár hefur hún keypt mikið notað.

„Ég var mikil buxndragarkona og á þær nokkrar – en svo á ég líka mikið af kjólum. Umhverfshjartað mitt er að reyna að draga úr fatakaupum en ég er ryksuga á útsölur og versla nær aldrei nema á útsölum og á síðustu árum hef ég keypt mikið notað. Þannig eru Gyllti kötturinn og Rauðakrossbúðin uppáhalds verslanir mínar hérlandis. Fataiðnaðurinn er næstmest mengandi iðnaður í heimi og því nauðsynlegt að draga úr framleiðslu sem allt of oft lendir í landfyllingu. Þá er mikilvægt að fara vel með fötin sín, laga þau frekar en að henda og auðvitað gefa þau annað ef hægt er. Svo er yndislegt að geta keypt falleg notuð föt, þau eru oft einstök og með sögu.“

Bryndís segir að hún hafi alls ekki alltaf skoðun á því í hvernig fötum hún vilji klæðast.

„Ég snýst stundum í hringi og veit ekkert í hverju ég á að vera, en oftast leitast ég eftir því að finna liti. Bjartir og fallegir litir eru uppspretta gleði og hlýju og það er alltaf þörf á gleði og hlýju.“

Haustið uppáhaldsárstíðin

Þegar kemur að því að velja árstíð sem er uppáhaldstíminn til að klæða sig er haustið tíminn hennar Bryndísar.

„Haustið er uppáhaldstími hjá mér og ég hef frá því ég var barn verið mjög hrifin af haustlitunum sem gleðja augað. Ég er ekki mikið



Bleika kápan klæðir Bryndísi sérstaklega vel og hatturinn sem Bryndís ber við hana er í eigu dóttur hennar, fatakönnuðarins Eyðisar Elfu Örnólfsdóttur sem hannaði flotta töskuna.



að spá í tískuna. En augljóslega þarf maður að taka fram kápur, klúta og peysur í meira mæli á haustin sem er svo skemmtilegt og þá er líka gaman að toppa klæðnaðinn með fallegum hatti eða höfuðfati.“

Bryndís kys hælaskó fram yfir flatbotna skó.

„Ég er hælátýpan og er yfirleitt á hælum og finlegri skóm. Mér finnst flatbotna, grófir skór æðislega fallegir en alltaf frekar skrytnir á mínum fæti. Svo eru það hattarnir sem eru ómissandi fylgihlutir, þeir lífga upp á tilveruna og svo eru fallegir hanskar og handtöskur.“ ■

Hér skartar Bryndís elsta hattinum sínum en hann er einn af fáum höttum sem Bryndís man ekki eftir hvar hún fékk.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



YEST/YESTA hálfsið úlpa
Stærðir 35-56
Verð 28.980 kr



YEST/YESTA síður vendingur/úlpa
Stærðir 36-56
Verð 28.980 kr



YEST/YESTA úlpa
Fæst líka í grænu
Stærðir 38-56
Verð 17.980 kr



YEST/YESTA stutt úlpa
Stærðir 36-56
Verð 16.980 kr



FRANSEN sítt vesti
Stærðir 38-46
Verð 26.980 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZEZE Nordic

QUE



ES&SY Naftali peysukjöll
Stærðir 40-44
Verð 7.980 kr



ES&SY Nanna peysukjöll
Stærðir 38-46
Verð 9.980 kr



YEST/YESTA Kósy peysa með stórum kraga
Stærðir 40-60
Verð 10.980 kr



YEST/YESTA Peysukjöll
Fæst líka í navybláu
Stærðir 38-56
Verð 10.980 kr



GOZZIP Dorit síð þrjóna peysa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-52
Verð 16.980 kr

SUNDAY
by Godske

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

HABELLA

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



ROBELL Rose vetrarbuxur
Fléiri litir til
Stærðir 34-52
Verð 11.980 kr



ROBELL Bella vetrarbuxur
Fæst líka í bláu
Stærðir 38-52
Verð 11.980 kr



ROBELL Marie vetrarbuxur
Fléiri litir til
Stærðir 34-54
Verð 11.980 kr



LASESSOR Leighton ullarklútur
Verð 12.990 kr



LASESSOR Mollie Mohair húfa
Fléiri litir til
Verð 9.990 kr

Ver slunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Prjónandi svissneskur smiður á faraldsfæti



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is

Daniel Horber er ungur smiður frá Sviss sem hefur dvalið á Íslandi undanfarna tvo mánuði. Fyrsta mánuðinn ferðaðist hann um landið en undanfarinn mánuð hefur hann dvalið í Búðardal, stundað sjálfböðavinnu og prjónað í frístundum.

Daniel hefur mikinn áhuga á ferðalögum og það hafði lengi verið draumur hans að koma til Íslands. Hann segir Ísland mjög vinsælan áfangastað hjá Svisslendingum svo hann hafði séð myndir héðan og heillast af þeim. Hann sagði upp vinnunni sinni sem smiður í Sviss og kom með Norrænu til Íslands fyrir tveimur mánuðum.

„Ég ferðaðist í mánuð hérna á Íslandi með vini mínum og sá marga áhugaverða staði. Svo fór vinur minn heim og ég kom hingað í Búðardal og hef verið hér í mánuð. Ég hef unnið þar sem sjálfböðaliði í gegnum Workaway og hef verið að gera upp hús hér. Ég hef búið hjá Önnu Siggú og Pálma, eigendum Dalakots, en þau eru alveg yndislegt fólk,“ segir Daniel.

Þar sem Daniel hefur haft mikinn frítíma í Búðardal ákvað hann að byrja að prjóna. En það hafði hann ekki gert síðan hann var sjö ára gamall þegar hann lærði að prjóna í grunnskóla. Síðan eru liðin 15 ár svo hann þurfti að læra upp á nýtt.

„Ég fór að prjóna bæði af því ég



Daniel er hrifinn af ullinni og ákvað að læra að prjóna aftur þegar hann dvaldi á Íslandi. MYNDIR/ADSENDAR

”Ég fór að prjóna bæði af því ég hafði mikinn tíma og ég hef gaman af að prófa nýja hluti. Svo vantar mig nýja húfu.

hafði mikinn tíma og ég hef gaman af að prófa nýja hluti. Svo vantar mig nýja húfu. Ég sá fallett garn í búðinni hér í Búðardal og ákvað bara að prjóna mér húfu. Ég hef lært af YouTube-myndböndum og kona sem vinnur í Dalakoti kenndi mér líka til að byrja með. Ég var búinn að gleyma öllu sem ég lærði í skólanum þegar ég var lítill. Það gengur hægt hjá mér að prjóna en það gengur samt, ég er enn að klára húfuna,“ segir hann.

Hrifinn af ullinni

Daniel er hrifinn af íslensku ullinni og íslenskum lopapeysum, en sjálfur er hann klæddur í fallega íslenska lopapeysu, gráa með gulum bekk. En hann segist ekki enn kominn svo langt í prjónaskapnum að hann sé farinn að prjóna peysur.

„Ég er að prjóna húfu í sama gula litnum og er í peysunni. Þannig að húfan og peysan verða í stíl. En peysan var gjöf frá gestgjöfum mínum þeim Önnu Siggú og Pálma. Hún var keypt í handverksbúðinni hérna í Búðardal. Ég hef verið að hjálpa til við að smala kindum ofan af fjalli og vantaði eitthvað hlýtt til að vera í við smalamennskuna, svo þau gáfu mér peysuna. En síðan er ég búinn að kaupa tvær íslenskar lopapeysur til viðbótar sem ég ætla að fara með heim til Sviss og gefa fjölskyldunni minni,“ segir hann.

Daniel var á leið til Seyðisfjarðar þegar blaðamaður náði tali af honum en hann siglir þaðan í dag eftir viðburðaríka dvöl á Íslandi. Hann stefnir á að ferðast um Færeyjar í mánuð áður en hann fer aftur heim til Sviss. Daniel segist gríðarlega þakklátur fyrir tíma sinn á Íslandi, sérstaklega fyrir mánuðinn sem hann dvaldi í Búðardal þar sem fólk var einstaklega gestrisið. Hann kemur sjálfur frá litlu Þorpi í Sviss og líkar því vel dvölin á litlum rólegum stað.

Smalamennskan skemmtilegust

„Að vinna sem sjálfböðaliði í Búðardal er besta reynslan sem ég hef haft af vinnu fyrir Workaway sjálfböðaliðasamtökin, hingað til. Ég hef líka upplifað svo margt skemmtilegt hér fleira en að vinna. Að leita að kindum uppi á fjöllum er eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert. Svo hef ég hjálpað fullt af fólki hér að gera upp hús og það hefur verið góð reynsla fyrir mig. En núna er ég á leið heim. Ég ætla að vinna í kannski ár heima í Sviss til að safna peningum og fara svo aftur að ferðast. Draumurinn er að fara næst til Alaska, ég er mjög hrifinn af köldu loftslagi,“ segir hann.

„Ég var í Svíþjóð í fyrra í tvo mánuði á vegum Workaway. Þar var líka frekar kalt, mér líkar það mjög vel.“

Daniel segist örugglega ætla að halda áfram að prjóna eftir að hann kemur heim.

„Ég hugsa að ég prjóni aðra húfu handa vini mínum þegar ég er búinn með þessa sem ég er að prjóna á sjálfan mig, svo þær verða tvær húfurnar. Ég mun svo örugglega prjóna eitthvað meira. Mér finnst það mjög róandi að prjóna.“ ■



Það skemmtilegasta sem Daniel gerði á Íslandi var að smala kindum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Daniel lærði að prjóna af YouTube og fékk aðstoð frá konu í Búðardal til að byrja með.

TARAMAR

29. september - 9. október



Frítt Serum

Fylgir með hverju dagkreminni

www.taramar.is og Hagkaup
(Kringlunni, Smáranum, Garðabæ,
Akureyri)

HAUST ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

Sjáðu úrvalið í netverslun Curvy.is eða kíktu í verslun Curvy við Grensásveg

FRÍ HEIMSENDING
EF ÞÚ VERSLAR YFIR
10.000 KR



Softshell Jakki
13.993 kr
~~19.990 kr~~



Kjöll
4.893 kr
~~6.990 kr~~



Peysa
4.893 kr
~~6.990 kr~~



Toppur
2.793 kr
~~3.990 kr~~



Kjöll
6.993 kr
~~9.990 kr~~

Buxur
4.893 kr
~~6.990 kr~~

Curvy

Fellsmúla 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is



Kvenfataverslunin Tískan og Comma skarta glæsilegri haust- og vetrartísku þar sem fallegur, fágaður og töffaralegur still er í forgrunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fallegur, fágaður og töffaralegur still einkennir haustið

Kvenfataverslunin Tískan og tískuverslunin Comma hafa sameinasta í glæsilegt 500 fermetra verslunarhúsnæði við Armúla 5 og fjölbreytnin í vöruúrvalinu hefur aldrei verið meira. Áhersla er lögð á fallegan, vandaðan og stíl-hreinan fatnað fyrir konur á öllum aldri og persónulega þjónustu og ráðgjöf.

Hjördís Sif Bjarnadóttir á og rekur báðar verslanirnar, Tískuna og Commu, ásamt eiginmanni sínum Hilmarí Þ. Hilmarssyni.

„Hér liður okkur vel og það er frábært að vera komin í þessi flottu húsakynni, hér er auðvelt að leggja og labba beint inn. Aðstaðan er einstaklega góð og við bjóðum upp á stóra og rúmgóða mátunarklefa auk þess að nóg er af sætum fyrir makann og þá sem vilja slaka á meðan mátað er.“

Penny Black er yngsta merki Max Mara og það er svo margt skemmtilegt við það merki, til að mynda alls konar diteilar sem fanga augað. Í vetur er áberandi að stillinn er fremur afslappaður og þægindin í fyrirrúmi, kósi peysur, víðar og þægilegar buxur og þeir litir sem eru í forgrunni eru ljósblátt í bland við ljósgrátt og kamel-liturinn í bland við svart, eins og sjá má á myndinni.“

Nýir litir koma sterkt inn í vetur
„Frá Max Mara erum við með Max Mara Weekend. Flottar lana-ullar-kápur í kamel, svörtu, brúnu og dökkbláu. Einnig erum við með

” Hér er frábært að vera, auðvelt að leggja og labba beint inn. Aðstaðan er einstaklega góð og nóg af sætum fyrir makann eða þá sem vilja slaka á meðan mátað er.

Hjördís Sif Bjarnadóttir


vinsælu dúnúlpurnar þeirra í nýjum vetrarlitum. Kamel, dökkblátt og svart eru klassískir litir hjá þeim fyrir veturinn en grænt og kákí eru nýju litirnir þeirra í vetur og koma sterkt inn. Svo erum við með svo klæðilega jakka, skyrtur og hlýjar alpaka-ullarpeysur og svo margt fallegt sem steinliggur í vetur.

Fjölbreytnin er í fyrirrúmi og Hjördís leggur mikla áherslu á að velja ólík snið og margar stærðir svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

„Einnig erum við með Persona by Marina Rinaldi frá Max Mara og er hugsunin á bak við það merki að bjóða upp á flott snið og vörur í stærri stærðum. Þetta er snilldar hönnun þegar kemur að flottum sniðum og litasamsetningum.“

BRAX er buxamerki sem nýtur mikilla vinsælda í Tískunni.

„BRAX er þýskur risi á markaðinum þegar kemur að buxum,



Til vinstri má sjá undurfallega bláa kápu frá Penny Black, Til hægri er röndótt skyrtu frá ETERNA sem er þekkt fyrir hágæðaeftni og afar klæðileg snið.



Frá Max Mara koma glæsilegar ullar-kápur í brún, svörtu, dökkbláu og kamel-lit fyrir kaldari vetrartið.



Gullfallegir jakkar í fallegum sniðum frá Smith & Soul fást í úrvali í Tískunni, eins og þessi köflótti.

enda eru þeir sérfræðingar í klæðilegum og flottum buxum. Í boði eru bæði casual, hlýjar og spari-legalar buxur frá BRAX. Í BRAX-merkinu eru einnig úrval af kósi peysum, flottum prjónavestum, töffaralegar skyrtur og casual yfirhafnir sem njóta hylli margra kvenna.“

ETERNA er skyrtumerkið sem verslunin þarf vart að kynna, hágæðaeftni í eru í skyrtunum og klæðileg snið. Vetrarlitirnir eru mildir og falla vel að náttúrulegum litapallettum.

„Efixelle-merkið sérhæfir sig í bómullarbolum og erum við með þvílíkt úrval af þeim bæði með v-háls máli, háa í hálsinn og rúllu-kraga, svo smart í svörtu. Í boði eru nokkrar týpur sem eru tvöfaldar að framan og er snilld fyrir marga þar sem innri bolurinn leggst að en ytri er laus.“

OLANG vetrarskórarnir eru með innbyggðum mannbroddum og nú til í kvenlegum útfærslum, bæði úr skinni og goretex.

„Við hlökkum til að sýna ykkur allt það fallega sem við höfum upp á að bjóða fyrir veturinn.“

Samtök atvinnulífsins

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 29. september 2022



Það er í okkar höndum hvort lagt verður upp í nýja sókn til bættra lífskjara, segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

MYND/ADSEND

Grunnur að nýrri lífskjarasókn

Ársfundur Samtaka atvinnulífsins fer fram í dag. Fundurinn er vettvangur viðskiptalífs, vinnumarkaðar og stjórnvalda til að ræða verkefni fram undan, og ekki síst komandi kjaraviðræður. **2**



Á tímabili Lífskjarasamningsins hefur kaupmáttur aukist um sjö prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Halldór Benjamín Þorbergsson er framkvæmdastjóri SA. Hann segir ársfundinn vera tileinkaðan þeim áskorunum sem þjóðin stendur frammi fyrir. Fjallað verði um efnahagslegan árangur síðustu ára og þátt kjarasamninga í þeirri þróun.

„Það er mikilvægt að þekkja söguna og læra af henni. Sagan hefur þá tilhneigingu að endurtaka sig. Besti lærdómurinn felst í því að forðast fyrri mistök og velja það sem best reynist. Hér er auðvitað vísað til áttunda og níunda áratugar síðustu aldar þegar víxlverkun launa, verðlags og gengis krónunnar eyddi jafnharðan öllum kjarabótum.“

Aukinn kaupmáttur í Covid

Halldór Benjamín bendir á að á áttunda áratugnum hafi laun á Íslandi hækkað um 1.850 prósent (næstum tuttugufaldast) en kaupmáttur launa staðið í stað. „Á tímabili Lífskjarasamningsins jókst kaupmáttur launa um sjö prósent á sama tíma og verðmætasköpun á íbúa minnkaði. Það er ótrúlega jákvæð niðurstaða og það væri óðs manns æði að hefja tilraunir við að reyna að auka kaupmátt launa í ljósi verðbólgu-skotsins sem skall á. Sagan hefur fellt sinn dóm um stefnu þessara áratuga, að reyna að láta laun elta verðbólgu. Þorri Íslendinga, sem kominn er yfir miðjan aldur, þurfti að þola óðaverðbólgu á eigin skinni og hryllir við þeirri tilhugsun að hún komi aftur.“

Verðbólgan er nú tæplega 10 prósent. Lærdómur sögunnar er að samstilltar aðgerðir með hjöðnun verðbólgu að markmiði koma

” **Á tímabili Lífskjarasamningsins jókst kaupmáttur launa um sjö prósent á sama tíma og verðmætasköpun á íbúa minnkaði. Það er ótrúlega jákvæð niðurstaða og það væri óðs manns æði að hefja tilraunir við að reyna að auka kaupmátt launa í ljósi verðbólgu-skotsins sem skall á.**

öllum best. Í því felst að hinir þrjár armar hagstjórnar; vinnumarkaður, peningastefna Seðlabankans og ríkisfjármál, rói í sömu átt. Náist sá árangur getur nýtt hagvaxtarskeið hafist á Íslandi við aðstæður efnahagslegs stöðugleika.“

Halldór Benjamín telur að nú sé rétt að stíga eitt skref aftur á bak með það að markmiði að stíga tvö skref áfram síðar. „Ég hygg að margir deili þessari sýn eins og sakir standa. Á undanförunum árum hefur margt gengið vel á Íslandi og við komum sterk út úr kórónukreppunni,“ segir Halldór Benjamín.

Verðbólgan er óvinur

Hann segir þó blikur vera á lofti, einkum verðbólgan og óvissa í alþjóðlegum efnahagsmálum. „Kaupmáttur launa hefur veikt tímabundið. Það verður að forðast endurtekingu hagstjórnarmistaka verðbólguáratuganna á síðustu öld með tilraunum sem dæmdar eru til að mistakast.“

Víxlverkun launa og verðlags mun skila minna en engu.“

Halldór Benjamín vitnar í orð Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra, um að í raun skipti engu máli um hve margar krónur laun hækka. Aðalatriðið sé að virði krónanna skili auknum kaupmætti launa.

„Í nýlegri greiningu Katrínar Ólafsdóttur, sem hún vann fyrir forsætisráðuneytið, benti hún á að kaupmáttur launa á Íslandi hefur á einum áratug vaxið um heil 57 prósent. Vissulega frá lágu gildi árána eftir bankahrunið 2008, en staðreyndin er samt sú að 57 prósent meira fæst fyrir launin, í vörum og þjónustu talið, en fyrir 10 árum.“

Halldór Benjamín bendir á að sambærilegar tölur á öðrum Norðurlöndum séu á bilinu 2-10 prósent sem með öðrum orðum sýni að aukning kaupmáttar launa sé 5-25 sinnum meiri hér á landi.

„Svo mikill vöxtur kaupmáttar launa, sem er langt umfram vöxt framleiðni, er að sjálfsögðu ekki sjálfbær til lengri tíma,“ segir Halldór Benjamín. „Þess vegna nálgumst við nú nýtt jafnvægi. Kaupmáttur jókst mjög mikið og hjaðnar nú aðeins vegna verðbólgunnar.“

Norðmenn sneru við blaðinu

„Ég legg áherslu á eftirfarandi: Sagan endurtekur sig. Tryggjum því að bestu þættir hagsögu landsins verði endurteknir og forðumst vitahring verðbólguáratuganna á síðustu öld sem komu í veg fyrir að kjör almennings bötnuðu markvert milli 1970 og 1990.“

Á ársfundi atvinnulífsins flytur

” **Nú er rétti tíminn til að stuðla að hjöðnun verðbólgu og skapa grundvöll fyrir næsta skeið hagvaxtar og batnandi lífskjara.**

forsætisráðherra ávarp, sem og formaður Samtaka atvinnulífsins. Framkvæmdastjóri norsku Samtaka atvinnulífsins flytur ávarp og lýsir því hvernig Norðmenn haga sínum málum við gerð kjarasamninga.

„Norðmenn voru á svipuðum stað og Ísland fyrir nokkrum áratugum,“ segir Halldór Benjamín. „Kjarasamningalíkaníð var með þeim hætti að hver hópur knúði fram eigin kröfur og í kjölfarið hófst hófrungahlaup sem endaði með miklum nafnlaunahækkunum og meðfylgjandi verðbólgu.“

Í Noregi báru samningsaðilar gæfu til þess að komast sjálfir að þeirri niðurstöðu að þetta væri helstefna til lengri tíma. Þeir komu sér upp sérstöku norsku kjarasamningalíkani, sem kalla má hluta af norræna samningalíkaninu þar sem svipuð kerfi eru í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Samningalíkaníð tryggir aga, jöfnuð og efnahagslegan stöðugleika og reynslan sýnir að hlutur

launafólks í verðmætasköpuninni hefur haldist nokkuð jafn og heldur aukist undanfarna áratugi, samhliða háu atvinnustigi.“

Í okkar höndum

Aðspurður hver viðskiptakostnaðurinn sé af núverandi nálgun verkalýðshreyfingarinnar við gerð kjarasamninga segir Halldór Benjamín: „Svar okkar er mjög afdráttarlaust; sá viðskiptakostnaður er allt of hár og er allt að vinna og ekkert að tapa á því að breyta þessum vinnubrögðum. Við teljum að nú sé góður tími til þess, einkum vegna þess að þorri fólks hefur fengið bætt kjör með Lífskjarasamningnum, þrátt fyrir efnahagskreppuna af völdum Covid. Nú er rétti tíminn til að stuðla að hjöðnun verðbólgu og skapa grundvöll fyrir næsta skeið hagvaxtar og batnandi lífskjara.“

Halldór Benjamín segir SA gæta hagsmuna rúmlega 2.000 fyrirtækja í öllum atvinnugreinum og óneitanlega vegi komandi kjarasamningar þyngst nú um stundir. „Það er í okkar höndum hvort lagt verður upp í nýja sókn til bættra lífskjara og snýst niðurstaðan á þeirri nálgun sem verður ofan á. Hagsmunir fyrirtækja og heimila fara saman í því að afstýra endurtekingu hagstjórnarmistaka síðustu aldar. Við verðum að róa öllum árum að því að fara leiðir sem skilað hafa samfélaginu mestum ábata í gegnum tíðina, það er, hófstílltar launabreytingar í takti við við þjóðarsáttina 1990 og Lífskjarasamninginn 2019,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. ■

Með fjölskyldufyrirtækið í blóðinu

Grétar Már Þorvaldsson er eini frummótasmiður landsins og hefur alla tíð starfað í fjölskyldufyrirtækinu sem afi hans stofnaði fyrir 73 árum.

„Hér er ég alinn upp, mér var aldrei hleypt út og að lokum skilinn eftir. Kannski það skrifist á hversu efnilegur ég var í frummótasmiðinni, en ég horfði á handtökin hjá afa og lærði þau af móðurbróður mínum sem seinna varð meistarinn minn,“ segir Grétar Már Þorvaldsson, frummótasmiður og einn eigenda Málmsteyppunnar Hellu við Kaplahraun 5 í Hafnarfirði.

Fjölskyldufyrirtækið Hella var stofnað árið 1949 af Leifi Halldórsyni, frummótasmið og móðurafa Grétars, en fyrirtækið hefur æ síðan verið rekið af afkomendum Leifs.

„Í dag rekum við fyrirtækið saman, ég og eldri bróðir minn, Leifur Þorvaldsson. Við erum þessi fræga þriðja kynslóð sem setur allt á hausinn, en við erum þó enn á lífi, þótt ég lofi engu,“ segir Grétar og hlær.

„Ég held að maður þurfi að hafa þetta í blóðinu til að halda fjölskyldufyrirtæki gangandi í 73 ár og það gerist ekki sjálfkrafa; maður þarf alltaf að vera að og vinna. Þetta er nefnilega ekki oliulind sem við fundum en þetta er okkar lifibraud sem gengur vel, og þrátt fyrir allt ruglið sem gengið hefur á í þjóðfélaginu höfum við alltaf lifað af og kvörtum ekki neitt. Við Leifur stöndum í þessu saman og höfum aldrei gert neitt annað, sem er eflaust svolítið klikkað, en svona er það nú samt. Okkur líkar þetta vel, kunnur vel við starfið og teljum okkur ágæta í því.“



Grétar Már Þorvaldsson, frummótasmiður og einn eigenda Málmsteyppunnar Hellu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Áskoranir að reka fyrirtæki

Grétar er eini menntaði og starfandi frummótasmiður landsins.

„Frummótasmiður býr til mót fyrir allt sem þarf að steypa í málmsteyppu, hvort sem það eru skilti, upphækkunarklossar í bil, tengibúnaður fyrir raflínur og allt þar á milli,“ upplýsir Grétar og verkefnin eru bæði fjölbreytt og ærin, en alls eru fimm starfsmenn í fullu starfi hjá Hellu og nokkrir í hlutastarfi.

„Því fylgja töluverðar áskoranir að reka fyrirtæki á Íslandi í dag. Margt er orðið flóknara, ásamt því að nú felst mikill fastur kostnaður í því að reka fyrirtæki. Þá miðar kerfið mun meira að stórum fyrirtækjum eða fyrirtækjum í vexti, þar sem krafan er helst að hafa verkfræðing í gæðaeftirliti og markaðsfræðing í auglýsingagerð, en við viljum ekki fara þangað

og slíkt hentar ekki litlum fyrirtækjum. Við viljum ekki verða stærri og erum ekki á þeirri leið að verða risastór. Við erum hérna fjölskyldan að vinna og það gengur fint þegar allir vinna saman,“ segir Grétar.

Hann bendir á að minni fyrirtæki þurfi að eiga sinn tilverurtt og að það sé þörf á þeim í íslensku atvinnulífi.

„Ég held að almennt sé gott að vinna hjá litlum fjölskyldufyrirtækjum. Það er persónulegra og þar er starfsfólkið ekki bara númer á blaði heldur mikilvægur hluti af öllu þúslinu sem þarf að ganga upp,“ segir Grétar sem nýtur hvers dags í vinnunni.

„Það þarf að vera gaman í vinnunni og við reynum að hafa gaman. Vinnuandinn er léttur og góður, enda eins gott þar sem maður er flestar sínar vökustundir

í vinnunni. Hér er kært á milli manna sem hafa starfað lengi saman og sá sem hefur unnið hér lengst byrjaði hjá Hellu árið 1989. Það segir sitt um vinnustaðinn,“ segir Grétar kátur.

Stoltir af fjölskyldufyrirtæki afa

Þekktasta vara Málmsteyppunnar Hellu er pönnukökupanna sem húsmæður á Íslandi hafa valið til pönnukökubaksturs undanfarna sjö áratugi.

„Það var afi sem gerði mótið af pönnukökupönnunni um 1950 og er þannig ein af okkar fyrstu vörum. Vitaskuld framleiddu menn pönnukökupönnur fyrir tíma afa í gamla daga en okkar er sú lífseigasta og er enginn að framleiða íslenskar pönnukökupönnur í dag nema við,“ greinir Grétar frá.

Pönnukökupanna Hellu er nákvæmlega eins og sú sem afi

Grétars smíðaði fyrst fyrir 72 árum.

„Okkar þanna er með tréhandfangi og alls ekki sú sem er með svarta plasthandfanginu. Það er gaman að segja frá því að þessi með svarta handfanginu var áður framleidd á Íslandi en er nú búin til í Asíu og þó seld sem „íslenska“ pönnukökupannan. Það er hluti af áskoruninni við að reka fyrirtæki á Íslandi, að innflutningur er töluverður og hvergi kemur fram hvar varan er framleidd þótt hún sé seld sem íslensk,“ segir Grétar og finnst slíkt óneitanlega vera svindl.

„Ég veit um neytendur sem eru hundfúlir yfir því að kaupa hina pönnukökupönnuna í góðri trú um að hún sé íslensk framleiðsla. Við drullum ekki yfir neinn og auðvitað reyna allir að lifa, en þetta er hluti af því að reka fyrirtæki hér á landi. Neytendur eiga svo rétt á því að vita hvaðan vörurnar koma og að það er stór munur á því að baka pönnukökur á pönnu úr íslensku áli, en pönnurnar okkar eru úr áli frá Norður-áli sem er umhverfisvænsta ál í heimi,“ upplýsir Grétar.

Sjálfur tekur hann tarnir í pönnukökubakstri sem honum þykir bæði gaman og gott.

„Ég er líka svo heppinn að tengdó er dugleg að baka pönnur og ég fæ þær oft hjá henni,“ segir Grétar gláður.

„Mín hugsjón og tilgangur með fyrirtækjarekstrinum er að lifa vel á honum, hafa vinnu og reyna að hafa gaman af henni. Það er vissulega gaman að reka eigið fyrirtæki á flestum tímum, þótt það geti líka verið þínu erfitt á stundum. Við bræður erum stoltir af fjölskyldufyrirtækinu hans afa og höldum ótrauðir áfram.“ ■

Að starfa í sátt

Margrét Kristmannsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri Pfaff í 30 ár en þetta rötgróna fjölskyldufyrirtæki hefur verið starfrækt í 93 ár og er eitt elsta fjölskyldufyrirtæki landsins.

„Pfaff var stofnað af afa mínum árið 1929 og er eitt af fáum fyrirtækjum sem enn eru í eigu sömu fjölskyldunnar og á sömu kennitölunni,“ segir Margrét en lengi framan af var saumavélin helsta vörulína Pfaff, sem hófst með því að Magnús Þorgeirsson, afi Margrétar, fékk umboð hjá Pfaff í Þýskalandi með því að festa kaup á sex saumavélum.

Hefur allt gengið snurðulaust fyrir sig á þessum langa tíma sem fyrirtækið hefur starfað?

„Nei, nei – á svona löngum tíma hafa komið upp alls konar tímabil þar sem reksturinn hefur verið í jörnum. Ytri breytingar eins og stríð, heimskreppur og fleira hafa auðvitað sett mark sitt á reksturinn og við vorum í langan tíma gríðarlega stór í að þjónusta þrjóna- og saumaidnaðinn á Íslandi, sem síðan fluttist að mestu úr landi og sá tekjuginn hvarf svo til. Við höfum því á þessum langa tíma þurft að aðlaga reksturinn í takt við breytt innri og ytri rekstrarskilyrði. Ég hef sagt það oft að það er okkar gæfa hjá Pfaff að hafa verið óhrædd við að breyta rekstrinum. Fyrirtækið sem ég rek samanborið við þegar afi og pabbi ráku það hefur gjörbreytt á milli kynslóða. Við höfum verið svo lánsöm að hafa náð að aðlaga reksturinn nútímanum og því

sem við sjálf höfum haft áhuga á. Ég held að það sé banabiti margra fyrirtækja, ekki bara fjölskyldufyrirtækja, að þora ekki að gera breytingar og staðna,“ segir Margrét.

Starfsfólkið algjörlega frábært

Margrét segir að mikilvægi starfsfólksins sé gríðarlegt. „Rekstur fyrirtækis eins og Pfaff, sem er frekar sérhæft, væri ekkert án starfsfólksins. Við byggjum okkar rekstur algjörlega á sérhæfðu starfsfólki, sem er allt algjörlega frábært. Það er gæfa okkar númer eitt, tvö og þrjú og grunnurinn í okkar rekstri í gegnum árin að hafa verið svo lánsöm að hafa laðað að okkur gott fólk sem hefur verið lengi hjá okkur. Það skiptir máli að halda í þekkingu en tapa henni ekki ítrekað út um gluggann,“ segir Margrét og bætir við: „Þegar ég fer í frí þá sakna forstjórans ekki margir – en þegar aðrir fara í frí virðast allir bíða eftir að viðkomandi komi til baka. Ég held að það sama eigi við í mörgum fyrirtækjum,“ segir Margrét brosandí.

Eins og áður segir hefur Margrét stýrt Pfaff í þrjátíu ár. „Ég hafði aldrei komið nálægt rekstrinum fyrr en ég var tæplega þrítug. Ég vildi aldrei vinna hjá fyrirtækinu, en þegar ég kom heim úr framhaldsnámi ákvað ég að prófa í eitt ár og síðan eru liðin rúm þrjátíu ár. Heilt yfir er þetta búin að vera ofboðslega skemmtilegur og gefandi tími,“ segir Margrét, sem finnst alltaf jafn gaman að mæta í vinnuna. „Ég hlakka alltaf til á morgnana og mér finnst aldrei neitt mál að skreppa í vinnu um



Margrét Kristmannsdóttir hefur stýrt fjölskyldufyrirtækinu Pfaff í þrjátíu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við viljum að allir sem vinna hjá okkur liði vel og að hver viðskiptavinur finni að þessu fyrirtæki er ekki alveg sama um sig.

Margrét Kristmannsdóttir


helgar. Ástríðan er enn til staðar. Það kann kannski að breytast á næstu árum og við þurfum kannski að fara að huga eitthvað að því, en enn þá er það þannig að mér finnst alltaf jafn gaman að mæta til vinnu.“

Hvað felst í því að reka fyrirtæki á Íslandi?


„Til þess að reka fyrirtæki sem nýtur velvildar þurfa nokkur atriði að vera til staðar. Ég hef alltaf litið á hlutina þannig að það þurfa allir að græða. Fyrirtækið og eigendurnir þurfa að græða því ef þú ert að reka fyrirtæki í tapi þá endar það með ósköpum fyrir rest. En starfsfólkið þarf einnig að græða, viðskiptavinurinn þarf að græða

og samfélagið allt þarf að græða. Ef þú ert að reka fyrirtæki þannig að þú ert eiginlega helst að svína á starfsfólkinu þínu og á sama tíma að reyna að kreiða það allra mesta út úr viðskiptavininum þá getur það gengið í einhvern tíma. En til þess að verða farsæl til áratuga verður þú að vera með þennan þátt í mjög góðu jafnvægi. Við viljum að öllum sem eru að vinna hjá okkur liði vel og að hver viðskiptavinur finni að þessu fyrirtæki er ekki alveg sama um sig. Fyrirtæki verða einfaldlega að starfa í sátt við sitt samfélag. Í dag gengur vel hjá okkur en auðvitað þurfum við alltaf að vera á tánum – það má aldrei sofna á verðinum.“ ■

Hagvöxtur



Heimild: Hagstofa Íslands



**Við missum alltaf tókin
á toppi hagsveiflunnar**

Taka á móti gestum opnum örmum

Pink Iceland sérhæfir sig í skipulagningu brúðkaupa og sérferða fyrir hinsegin ferðamenn. Ahersla er lögð á að gestirnir upplifi sig velkomna og mannréttindi og fordómaleysi er í hávegum haft.

Pink Iceland var stofnað árið 2011 af þeim Evu Maríu Þórarinsdóttur Lange og eiginkonu hennar Birnu Hrönn Björnsdóttur. Stuttu seinna bættist Hannes Pálsson, vinur þeirra, í hópinn og reka þau þrjú fyrirtækið saman.

„Upphafid að stofnun fyrirtækisins var að mig hafði lengi langað að gera eitthvað fyrir hinsegin ferðamenn á Íslandi. Þegar ég var í námi í ferðamálafræði í HÍ áttum við að gera viðskiptaáætlun fyrir ímyndað fyrirtæki. Þá bjó ég til Pink Iceland á pappír og fékk svo jákvæð viðbrögð að ég ákvað að stofna fyrirtækið,“ útskýrir Eva María.

Það varð fljótt nóg að gera í fyrirtækinu en í dag eru brúðkaup stærsti hlutinn af starfsemi.

„Ég áttaði mig ekki á umfanginu í upphafi. Ég hélt að við yrðum kannski með tvö til þrjú brúðkaup á ári. En í ár erum við með 170 brúðkaup, þau eru næstum annan hvern dag,“ segir Eva María og hlær.

„En árið í ár er algjör sprengja, það hefur verið svo mikið um frestanir síðustu tvö ár. En venjulega skipuleggjum við 120-150 brúðkaup á ári.“

Eva María segir að Pink Iceland þjóni aðallega erlendum gestum.

Þau taka á móti gestunum þegar þeir lenda og eru með þeim þar til þeir fara aftur heim.

„Við erum ferðaskrifstofa í grunninn þannig að við sjáum um allt sem viðkemur upplifun gestanna á Íslandi, hvort sem það er að skipuleggja ferðun fyrir brúðkaupsdaginn, finna blóm eða hótalgistingu, allt fer í gegnum okkur. Þessi þjónusta þekktist vel erlendis en hefur verið lítið nýtt hér heima. Hér á Íslandi þekkjum við öll hvert annað og erum mikið í því að redda bara hlutunum sjálf þegar við skipuleggjum brúðkaup.“

Brúðkaup skapa störf

Hjá fyrirtækinu starfa níu brúðkaupsskipuleggjendur, en auk þess starfar þar starfsfólk í ferðaskipulagningu, leiðsögumenn og fleiri því tengd.

„Eitt brúðkaup getur skapað tekjur fyrir mjög margt fólk. Til dæmis vorum við með lítið brúðkaup um daginn. Gestirnir voru ekki nema átta en það voru tólf manns að vinna í brúðkaupinu. Brúðkaup eru þjónustufrekt fyrirbæri og þar af leiðandi verður mikill peningur eftir í landinu þegar fólk heldur brúðkaup hér,“ segir Eva María.

Pink Iceland einblínir aðallega á að þjónusta hinsegin fólk og Eva María segir að þau séu mjög opin-ská með það.

„Við vinnum eftir ákveðnum grunnildum sem hægt er að sjá ef fólk skoðar heimasíðuna okkar. Við viljum enga fordóma, við stöndum vörð um mannréttindi



Eva María segir Pink Iceland vinna eftir ákveðnum grunnildum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og við viljum vernda náttúruna, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Eva María. Hún bætir við að þrátt fyrir að aðalmarkhópur Pink Iceland sé hinsegin fólk sé meirihluti brúðkaupanna sem þau skipuleggja fyrir gagnkynhneigð pör.

„Það er svoltið krúttlegt að þau biðja næstum um leyfi til að vinna með okkur. Þau segja í afsökunar-tón: Við erum sko ekki hinsegin. En ástæða þess að þau velja okkur

eru að þau eru sammála okkar gildum og lifa lífi sínu samkvæmt þeim.“

Sérstök tenging

Þeir viðskiptavinir sem kaupa ferðir hjá Pink Iceland eru aftur á móti flestir hinsegin. Eva María segir það alltaf gefa gott í hjartað að geta hjálpað fólk sem hefur kannski aldrei fengið að ferðast frjálst.

„Ferðirnar okkar eru allar

” Nýlega vorum við með brúðkaup fyrir samkynhneigt par þar sem önnur fjölskyldan er búin að afneita viðkomandi.

Eva María Þórarinsdóttir Lange

einkaferðir. Við bjóðum upp á alls kyns ferðir, bæði klassískar ferðir eins og gullna hringinn og aðrar óvenjulegri ferðir. En það sem er aðallega frábrugðið hjá okkur er þessi tilfinning sem viðskiptavinir okkar fá fyrir að tilheyra einhvers staðar. Við erum með hinsegin leiðsögufólk í ferðunum og það líða oft ekki meira en 5-6 mínútur frá því gesturinn kemur til okkar og þar til við erum búin að deila sögu, kannski um hvernig við komum út úr skápnum. Þá myndast sérstök tenging. Við reynum að hampa hinsegin menningu í ferðunum og leggja áherslu á allt sem er hinsegin hvort sem það er tónlist eða eitthvað annað. En það er aðallega þetta óáþreifanlega, sem þú getur ekki sett í verð, sem gefur okkur sérstöðu,“ útskýrir Eva María.

„Þegar við ráðum starfsfólk í vinnu þá leggjum við mikla áherslu á að það hafi næmni fyrir að taka á móti fólk opnum örmum. Tilfinninganæmni er kannski það mikilvægasta sem þú hefur sem starfsmaður hjá Pink Iceland. Við erum oft að fást við viðkvæmar aðstæður. Til dæmis nýlega vorum við með brúðkaup fyrir samkynhneigt par þar sem önnur fjölskyldan er búin að afneita viðkomandi. Þannig að það bætast oft við miklar og djúpar tilfinningar við vinnudaginn. Þú þarf að hafa bein í nefinu til að geta tekið þetta að þér, en líka næmni til að gera hlutina rétt og láta öllum líða vel.“ ■

Höfum verið að draga úr fiskvinnslunni

Fyrirtækið Narfi í Vestmannaeyjum rekur eitt skip og fiskvinnslu og segir framkvæmdastjóri Viðar Eliasson að erfiðara sé fyrir minni fyrirtæki að keppa á jafnræðisgrundvelli.

Fyrirtækið Narfi ehf. var stofnað í Vestmannaeyjum 1994 og er aðaltilgangur félagsins rekstur fiskiskipa og fiskvinnslu og skyld starfsemi. Starfsmenn eru á bilinu 12 til 20 manns og fer fjöldi þeirra eftir árstíðum.

„Það er dýrmætt fyrir okkur í jafn litlu samfélagi og Vestmannaeyjum að einhverjir hafi áhuga á því að reka eigin fyrirtæki,“ segir Viðar Eliasson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

„Við höfum auðvitað metnað til að skapa okkur og öðrum vinnu; það nýtist nærsamfélaginu. En þá þurfum við að keppa á jafnræðisgrundvelli og það er erfiðara fyrir minni fyrirtæki. Til að svo megi vera má ekki íþyngja smærri fyrirtækjum með of flóknu regluverki. Það segir sig sjálfst að stór fyrirtæki eiga auðveldara með að gera hagkvæmari samninga um aðföng og fleira vegna stærðar sinnar.“

Narfi rekur í dag eitt skip, Maggý VE, og fiskvinnsluna FVE.

„Við höfum verið að draga úr fiskvinnslunni vegna þess að minni fyrirtæki sem eru að vinna

” Á sama tíma og humarveiðar eru bannaðar eru engar rannsóknir stundaðar á humri, sem okkur finnst mjög sérstakt.

Viðar Eliasson

fisk standast ekki alþjóðlega samkeppni því að launakostnaður er orðinn hár og til að lifa þetta af þarf að keyra mikið magn af hráefni í gegnum vinnsluna. Samhliða því þurfa fyrirtæki að vera mjög tæknivædd og það kostar mikla peninga að tæknivæða sig. Við höfum bara ekki þær heimildir og eignum mjög erfitt með að ná í þennan fisk sem við þurfum til að geta staðist þessa samkeppni.“

Miklar afleiðingar

Narfi hefur átt fimm báta frá því fyrirtækið var stofnað árið 1994. Viðar talar um áhrif þess á fyrirtækið að humarveiðar eru bannaðar eins og er.

„Ástæðan fyrir því að við erum búin að eiga svona marga báta er að við vorum að sérhæfa okkur í veiðum og vinnslu í humri. Það var bara mjög erfitt að komast yfir



Viðar Eliasson er framkvæmdastjóri Narfa í Vestmannaeyjum.

MYND/ABSEND

humarkvóta nema kaupa skip og kvóta.

Þetta gekk ágætlega til að byrja með en hin síðari ár hefur humarkvótinn farið niður á við og í dag er það þannig að það er búið að stöðva humarveiðar næstu tvö árin, sem er auðvitað mikið áfall fyrir fyrirtækið. Á sama tíma og humarveiðar eru bannaðar eru engar rannsóknir stundaðar á humri, sem okkur finnst mjög sérstakt. Ætti ekki frekar að auka rannsóknir og reyna að komast að því hvað veldur því að humarstofninn hefur farið svona niður á við? Þetta hefur miklar afleiðingar

fyrir okkur vegna þess að humarkvótinn sem við vorum með, og þær heimildir sem við vorum að veiða á hverju ári, voru um 25 prósent af heildarkvótanum,“ segir Viðar og heldur áfram:

„Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa ítrekið bent á að það þurfi að auka rannsóknir en það hefur ekki fengist fjármagn í það. Þetta er verðmætur stofn og mikilvægt að fá vitneskju um það hvað veldur því að stofninn hrynur. Þetta kemur mjög illa við mörg fyrirtæki og sérstaklega kannski minni fyrirtæki sem hafa úr minna að móða.“ ■

Skapa verðmæti úr afurð sem fór áður til spillis

GeoSilica byggir á einstakri hugmynd sem samtvinnar sérstöðu íslenskrar náttúru og heilsuþætandi áhrif hræfna hennar á líkamann. Enn fremur varð hugmyndin til út frá verkefni sem sneri að fullnýtingu afurðar sem annars færi til spillis.

GeoSilica framleiðir fimm hágæða 100 prósent náttúruleg veganvottuð fæðubótarefni sem byggja á virkni kísils á líkamann og áhrifum hans á upptöku nauðsynlegra steinefna. Hugmyndin að GeoSilica segir Fida Abu Libdeh, framkvæmdastýra fyrirtækisins, að hafi sprottið upp úr lokaverkefni hennar og Burkna Pálssonar í orku- og umhverfistæknifræði við Háskóla Íslands.

„Upphafspunkturinn var að finna leiðir til að hreinsa kísilinn úr jarðhitavatni og þar með að koma í veg fyrir kísilútfellingar og stíflur í niðurdælingarholum. Einnig myndi það auðvelda nýtingu á vökvænum í binary-kerfi til framleiðslu á rafmagni. Allt eykur þetta nýtingu á auðlindinni og stuðlar að frekari sjálfbærni við framleiðslu,“ segir Fida. Nú, tíu árum síðar er GeoSilica leiðandi fyrirtæki á sínu sviði með einstaka vörulínu.

Fyrirtækið eins og ungbarn

Fyrir utan góða hugmynd, þá eru ýmis atriði nauðsynleg þegar kemur að því að koma nýsköpunarfyrirtæki eins og GeoSilica á koppinn. „Það er mjög mikilvægt að hafa þrautseigju, trú á hugmyndina og gott teymi með sér. Það skiptir svo miklu máli



Fida Abu Libdeh, framkvæmdastýra GeoSilica, segir að fyrirtækið hafi verið eins og ungbarn fyrstu árin. En með árunum hafi meira jafnvægi komist á milli vinnu og einkalífs. Hún er þakklát fyrir að hafa tækifæri til að fylgja ástríðu sinni á hverjum degi, allan daginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

í nýsköpunarfyrirtæki þar sem óvissan er mikil. Það að reka sprotafyrirtæki er langhlaup og til þess þarf mikið þol.“

Í byrjun segir Fida ekkert jafnvægi hafi verið á milli einkalífs og vinnu. „Það er alveg rétt sem sagt er, að í byrjun, þá verður fyrirtækið eins og ungbarn. Það krefst mikillar athygli til að hjálpa

því að vaxa og dafna. Svo með árunum, þegar fyrirtækið hefur náð ákveðnum vexti, þá kemst aftur jafnvægi á það. En fyrstu árin eru mjög erfið og þá skiptir máli að fá stuðning frá nærumhverfi.

Í dag hefur GeoSilica náð ákveðnum þroska og þar af leiðandi er komið meira jafn-

vægi milli tímans sem ég eyði í vinnunni og einkalífs. En þegar ég tala um GeoSilica þá tala ég eins og það sé barnið mitt en ekki vinnustaðurinn minn. Það finnst mér að vera forréttindi. Í minum huga snýst þetta meira um að gera það sem okkur finnst vera gaman og höfum ástríðu fyrir, ekki um tímann sem við eyðum heima eða

Við fögnum litlum og stórum sigrum jafn vel, og erum jafn stolt af mistökum okkar og árangri. Við höfum lært mikið í gegnum árin og erum að læra eitthvað nýtt á hverjum degi.

Fida Abu Libdeh

í vinnunni og ég er þakklát fyrir að ég hef tækifæri til að gera það sem ég hef ástríðu fyrir á hverjum degi, allan daginn,“ segir Fida.

Jafn stolt af mistökum og árangri

Að sögn Fidu stefnir GeoSilica að því í dag að vera leiðandi í heiminum í nýtingu á steinefnum í jarðhitavatni til framleiðslu á hágæða heilsuvörum. „Við fögnum litlum og stórum sigrum jafn vel, og erum jafn stolt af okkar mistökum og árangri. Við erum stolt af okkar teymi, vörum, tækni og árangri. Við höfum lært mjög mikið í gegnum árin og erum að læra eitthvað nýtt á hverjum degi.

Ég er samt mjög stolt af nýjustu verðlaununum sem við fengum í sumar, Blaze Inclusion Award. GeoSilica vann The Guardian of Iceland, verðlaun sem er veitt fyrirtækjum sem skilja að það er bein tenging á milli fjölbreytileika, þátttöku allra og umhverfisverndar,“ segir Fida Abu Libdeh að lokum. ■

Vilja vera góð fyrirmynd í greininni

Stofnandi tölvuleikjafyrirtækisins Parity vill auka fjölbreytni tölvuleikja og um leið fjölbreytileika þess fólks sem kemur að gerð þeirra. Tölvuleikurinn Island of Winds kemur út á næsta ári.

Tölvuleikjafyrirtækið Parity var stofnað árið 2017 af Mariu Guðmundsdóttur en hún stofnaði fyrirtækið með það að markmiði að auka fjölbreytni tölvuleikja og um leið fjölbreytileika þess fólks sem kemur að gerð þeirra. „Á næstu árum stefnum við að því að byggja upp sterkt vörumerki í kringum tölvuleikinn Island of Winds sem kemur út á næsta ári. Einnig viljum við styrkja samstarf okkar við íslensk söfn og nýta fleiri hluti þaðan inn í leikina okkar. Samspilunarleikur er svo næstur á dagskrá hjá okkur en ævintýraheimurinn Island of Winds býður upp á endalausa möguleika á nýjum sögum og leikjakerfum.“

Vilja vera sterk rödd

Hún segir Parity stefna á að vera sterk rödd í leikjaheiminum og meðal fyrirtækja í bransanum. „Leikjageirinn þarf meiri fjölbreytileika, bæði í formi teyma en einnig í tölvuleikjunum sjálfum. Tölvuleikir er svo geggjáður miðill og við hjá Parity viljum að enn fleiri fólk úr öllum áttum nýti sér hann.“

Starfsmannahópur Parity er afar fjölbreyttur og byggir á starfsfólki með ólíka menntun og bakgrunn, segir María. „Það er tekur tíma að byggja upp gott teymi. Að hafa teymi sem speglar aðeins sjálfan þig og þínar hugmyndir skapar minni dýpt, þekkingu og flæði hugmynda. Ég ákvað frá upphafi að ráða fólk sem hefði aðra kosti og



„Tölvuleikir eru svo geggjáður miðill og við hjá Parity viljum að enn fleira fólk úr öllum áttum nýti sér hann,“ segir María Guðmundsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Parity.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

þekkingu en ég og sé svo sannarlega ekki eftir því, varan sem þú þróar verður sterkari og fjölbreyttari fyrir vikið.“

Fyrirmyndir skipta máli

María segir Parity geta speglað sig í mörgum fyrirtækjum hér heima og erlendis, sérstaklega þegar

kemur að samfélagslegri ábyrgð og jafnrétti. „Sem tölvuleikjafyrirtæki erum við að nýta stöðu okkar og rödd til að breyta þeirri menningu sem getur einkennst meðal tölvuleikjaspilara og í tölvuleikjaframleiðslu. Við tölum líka opin-skátt um að við viljum ráða inn fjölbreyttan hóp af fólki og ég sem



Tölvuleikurinn Island of Winds frá Parity kemur út á næsta ári. Leikurinn sækir innblástur til 17. aldar Íslands.

kvenkyns stofnandi er fyrirmynd sem er því miður ekki enn algeng í bransanum.“

Umhverfið er að breytast

Nýsköpunarumhverfið á Íslandi hefur tekið miklum breytingum undanfarna tvo áratugi en alltaf má gera betur að hennar mati. „Nýjungar sem hafa áhrif status quo taka tíma í þróun og þolinmæði er ekki sterk í DNA okkar Íslendinga. Umhverfið og veðurfarið hefur kennt okkur að grípa gæsina á meðan hún gefst en þetta er að breytast og það er kominn mun meiri skilningur á því að góðar hugmyndir taka tíma í þróun og markaðssetningu.“

Stuðningsaðgerðir skipta máli

Hún segir Rannís, sem meðal annars stýrir Tækniþróunarsjóði, og annað styrkjaumhverfi hafa umbreytt nýsköpunarumhverfinu. „En oft eru þessir styrkir að koma inn um dyrnar mun seinna en fyrirtækin þurfa. Þar hjálpa hraðlar til en þeir mættu einnig vera á fleiri vaxtarstigum fyrirtækja.“ Skattaafsláttur vegna þróunar-

kostnaðar getur gert þar gæfumuninn að hennar sögn og þær stuðningsaðgerðir eru þegar byrjaðar að skila sér í fjölbreyttari þróun á vörum og vexti fyrirtækja. „Umhverfi fyrir fleiri vísisjóði er líka orðið mun betra en við þurfum að hugsa til lengri tíma þegar kemur að nýsköpun, að hugsa aðeins til eins til tveggja ára í senn mun ekki umbreyta nýsköpunarumhverfinu. Við þurfum langtíamarkmið sem við getum treyst á og vaxið með.“

Vantar fleira starfsfólk

Tölvuleikjageirinn mun einnig þurfa mun fleira starfsfólk með mismunandi menntun og sérfræðipækkingu á næstu árum. „Við hjá IGI (Icelandic Gaming Industry) erum að vinna með Samtökum iðnaðarins að því að miðla þessu til stjórnvalda og lausnir okkar felast meðal annars í því að auðvelda ráðningu erlendra sérfræðinga, vinna að starfsþjálfunarumhverfi sem nýtist bæði fyrirtækjum og háskólum en einnig að miðla því til skóla á öllum stigum hvaða störf eru í boði í geiranum.“ ■

Blásum vindi í seglin



Ársfundur atvinnulífsins

Fyrirtækin okkar í aðdraganda
kjaraviðræðna

Sjáumst í dag!

Ársfundur atvinnulífsins fer fram í dag 29. sept. í Borgarleikhúsinu kl. 15:00. Fundurinn er snarpar 60 mínútur þar sem við stillum saman strengi í aðdraganda kjaraviðræðna.

Á meðal framsögumanna eru Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður Samtaka atvinnulífsins og Ole Erik Almlid, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins í Noregi (NHO) sem gefur okkur innsýn í kjarasamningslíkan Norðmanna.

Að fundi loknum gerum við okkur glaðan dag með veitingum og ljúfum tónum.

Fundurinn er opinn öllum og skráning í mætingu eða streymi fer fram á:

sa.is/arsfundur



Vert er að geta þess að myndirnar af vetrartísku Comma voru teknar á Íslandi og eru litirnir einnig í stíl við náttúru Íslands.

Hjördís Sif Bjarnadóttir

COMMA með einn heitasta haust- og vetrarstílinn í ár

COMMA er vinsælt vörumerki sem tekið hefur verið eftir þar sem fallegur, fágaður og töffaralegu fatnaður er í forgrunni.

„Flestir þekkja vörumerkið okkar Comma, þar erum við með alla heitustu stílana á markaðnum hverju sinni á einstaklega hagstæðu verði. Comma er með tvær vörulínur, annars vegar er það Comma, og hins vegar Comma CI en CI stendur fyrir Casual Identity,“ segir Hjördís og er mjög stolt af merkinu.

„Comma sérhæfir sig í fatnaði fyrir framakonuna. Í boði er fjölbreytt úrval af drögtum, blússum og jökkum.“

Hjá Comma CI er verið horfa meira í þennan afslappaða fatnað, þar er áherslan á þægilegan klæðnað, casual stíl og um leið töffaralegan.

„Yngri viðskiptavinir okkar eru mjög hrifnir Comma CI.“

Vetrartískan mynduð á Íslandi

Vert er að geta þess að myndirnar frá vetrartísku Comma voru teknar á Íslandi.

„Myndirnar fyrir vetrartískuna eru teknar á okkar fagra landi og litirnir eru einnig í stíl við náttúru Íslands, þessir fallegu náttúrulegu litir sem falla svo vel að landslaginu.“

Comma er með 12 collection. Í raun nýja línu fyrir hvern mánuð svo þeir geti fylgt tískunni meira eftir. Í vetur eru dragtir áfram áberandi og eigum við þvilíkt úrval af flottum drögtum. Comma má eiga það að þeir eru með flott úrval fyrir öll tækifæri og eru mjög sterkir þegar kemur að hönnun á flottum blússum og aðlaðandi kjólum. Ímynd Comma eru sterkar konur sem vilja vera áberandi í viðskiptalífinu og í öllu því sem þær taka sér fyrir hendur. Einnig er áhersla á glæsilegan og vandaðan fatnað fyrir hvers kyns veislur og gæðastundir.“

Bleikur október í Comma

„Nú er að byrja bleikur október og við eigum til svo margt fallegt í bleiku eins og skyrtur, blússur, bolí, jakka og kjóla. Við bjóðum einnig upp á aðstoð og ráðgjöf þegar kemur að fatavali. Comma er þýskt merki og er mjög gott þegar kemur að sniðum enda er svo gaman að selja vel sniðin föt þegar maður er sjálfur lærður klæðskeri,“ segir Hjördís að lokum.

Eigendur og starfsmenn verslunarinnar bjóða alla hjartanlega velkomna í verslunina þar sem gleðin verður við völd, ýmis tilboð í gangi þar sem Comma fagnar nýju ári með nýrri tiskulínu og glamúr. Þessa dagana er verslunin stútfull af geggjáðri vetrartísku sem veitir velliðan og ánægju. ■

Hægt er að fara á vefsíðu COMMA eða á inn á Facebook (commalceland) og nálgast PDF-útgáfu af nýja vetrarbæklingi COMMA PDF.

Tískan
comma,



Hjördís Sif og Birta Dís í Tiskunni.



Stíllinn hjá Comma er glæsilegur, fallegur, fágaður og töffaralegur í senn.



Ótal margt fallegt í bleiku fæst í Tiskunni sem tónar vel við Bleikan október.



Vetrarklæðin frá Comma tóna vel við íslenska náttúru, eins og sjá má á þessari flottu dúnkápu við Jökulsárlón.



Myndatökur fyrir haust- og vetrartískuna frá COMMA CI fóru fram við Jökulsárlón og féll litapall-etta íslenskrar náttúru einkar vel að fallegum flikunum.



Comma er með heitustu stílana á markaðnum hverju sinni og á hagstæðu verði. Nú í haust er verslun Tískunnar full af fádæma flottum vetrarflikum,

Núna vilja menn vera loðnari



Guðmundur Hilmarsson
gummi
@frettabladid.is

Róbert Magnússon, hársnyrtmeister og eigandi hársnyrtistofunnar Carter í verslunarmiðstöðinni Firði í Hafnarfirði, er þrautreyndur í faginu enda búinn að starfa í greininni í 35 ár.

Robbi í Carter, eins og hann er jafnan nefndur, veit hvar tiskustraumarnir liggja bæði hvað varðar hár og skegg hjá karlmönnum en nú þegar tekið er að kólna í veðri breytist oftast en ekki ásyndin.

Er eitthvað nýtt í karlaklippingunni nú þegar haustið er komið og stutt í að vetur konungur gangi í garð?

„Það eru engar stórkostlegar breytingar. Menn hafa verið mikið snögglipptir í sumar en það sem er að koma núna er að menn vilja vera loðnari um höfuðið fyrir veturinn. Þeir vilja ekki láta klippa sig eins snöggt og það gerist alltaf á þessum árstíma að menn vilja hafa meira hár. Svo er einn og einn sem velur að fá sér permanent. Það er svolítið mikil vinna að vera með permanent en það er alltaf eitthvað um það að menn velji að fá sér það,“ segir Róbert.

Segja má að Róbert sé frumbyggji í verslunarmiðstöðinni Firði en Carter er eini þjónustuaðilinn sem hefur verið þar frá upphafi en Fjörður var opnaður fyrir 28 árum. Þeir eru því ansi margir Hafnfirðingarnir sem hafa lagt leið sína í Fjörð og látið Róbert og hans starfsfólk snyrta hár sitt.



Róbert Magnússon er þrautreyndur hársnyrtir enda búinn að vera í faginu í 35 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

”Það eru margir sem vilja fá klippinguna sem Luis Diaz, leikmaður Liverpool, er með, Cristiano Ronaldo og Lionel Messi eru alltaf vinsælir.



Margir ungir strákar vilja fá hárgreiðslu eins og Luis Diaz, leikmaður Liverpool, er með.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Stórstjörnunna Cristiano Ronaldo og Lionel Messi hafa í gegnum tíðina verið fyrirmyndir margra stráka hvað hárgreiðsluna varðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Róbert segir að unga kynslóðin sé fyrst og fremst að láta aflita hár sitt. „Það eru sérstaklega ungir fótboltaíðkendir sem láta aflita hárið og þar spila sumarmótin inn í. Núna leyfa þeir hárinu að vaxa og þeir verða eins og þeir sem eru með frystihúsa-strípurnar,“ segir Róbert og hlær.

Fótboltamenn fyrirmyndirnar Talandi um ungu strákana. Hverjar eru fyrirmyndir þeirra varðandi hárgreiðsluna?

„Það eru aðallega fótbolta-mennirnir og þá einkum og sér í lagi þeir sem spila á Englandi. Þeir líta til bestu leikmanna heims, þeirra sem eru á topp 50 listanum. Það eru margir sem vilja fá klippinguna sem Luis Diaz, leikmaður Liverpool, er með, Cristiano Ronaldo og Lionel Messi eru alltaf vinsælir og þá hefur Phil Foden hjá Manchester City með sinn stutta hártopp verið að koma sterkur inn sem og fleiri leikmenn Englands-meistaranna,“ segir Róbert og bætir við: „Sitt hár að aftan er að

koma líka aftur og á bara eftir að aukast en sú greiðsla kemur ekki úr enska boltanum heldur frekar frá bandarísku bíómyndunum og samfélagsmiðlunum,“ segir Róbert.

En hvað segir Róbert um skeggið og tiskuna hvað það varðar?

„Það er bara 66°-fyrirmyndin. Hún heldur sér skeggmenningin. Þeir sem eru með skegg eru ekki mikið að gefast upp á því enda er það gott að vera með skegg í því veðri sem er á Íslandi. Það eru margir sem vilja hafa tíu sentímetra sitt skegg. Menn lengja skeggið og safna meira hári yfir vetrartímum. Skeggmenningin hefur haldið sér á Íslandi,“ segir hann.

Róbert segir að það sé allt brjál að gera frá páskum þar til skólarnir hefjast í ágúst. „Rólegustu tímarnir hjá okkur eru september og janúar. Núna er september að klárast og þá fer straumurinn að aukast og í desember vilja allir komast að og vera fínir áður en jólahátíðin gengur í garð,“ segir Róbert. ■



ROBELL Nena 09 ökklabuxur
Stærðir 38-52
Verð 21.980 kr

Habella blússa
Stærðir 38-52
Verð 21.980 kr

ROBELL Mimi buxur
Stærðir 38-52
Verð 21.980 kr

LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

belladonna

Verðunin Belladonna



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



VETRARYFIRHAFNIR Í ÚRVALI



Fylgdu okkur á Facebook



LAXDAL ER Í LEIÐINI



TRAUST Í 80 ÁR

Skoðið netverslun laxdal.is

Kisur og krákur tróna á toppnum í vetur



Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Það eru spennandi straumar í tískunni í haust og vetur og verður hægt að finna trend fyrir alla, hvort sem um er að ræða kattaunnendur, krákur eða kauphallar-konur.

Eitt það allra vinsælasta í vetur verður „oversized“ útlitið. Bæði verða víðar buxur og víðir efri hlutar áberandi, og það þarf ekki að velja á milli. Vít allra leið er fullkomlega leyfilegt í haustlægdinni. Hvort sem um er að ræða stórar yfirhafnir, víðar peysur eða buxur eða fyrirferðarmikil síðpils, þá má klæðast víðum flikum frá toppi til tótar. Flikurnar eru þó langt frá því að vera druslulegar, heldur skína af þeim fagleg vinnubrögð, góð efni og gott snið sem fellur fállega um líkamann.

Segðu mjá við hlébarðamynstri

Mynstur koma sterk inn í vetur. Mörg tiskuhús nýttu áberandi geómetrisk mynstur í sterkum litum á meðan stórkattamynstrin fengu að skína hjá öðrum. Hlébarða-, tigris- og mynstur fleiri kattardýra í öllum stærðum, litum og áferð munu tröllriða öllu í vetur.

Þægilegar dragtir

Dragtirnar halda áfram innreið sinni á tiskusviðið enda eiga þær vel við nú í veröld síðfaraldurs. Hins vegar voru hönnuðir duglegir að leika sér með þetta klassíska snið, hvort sem um var að ræða buxna- eða pilsdragtir. Þá eru pilsin ýmist í hefðbundinni hné-sídd eða jafnvel styttri. Þægindin víkja þó ekki enda hafa neytendur kynnst þægilegum heimavinnu-fatnaði upp á síðkastið og eru ekki tilbúnir að gefa þægindin alfarið upp á bátinn í vinnunni.

Fyrir krákurnar

Það verður líka að vera eitthvað fyrir krákurnar sem elska allt sem skín og glansar. Tískupallarnir fyrir haust og vetur 2022 glitruðu af pallfietum, glimmeri, skrautsteinum og glanslitum. Hvað getum við lært af því? Ja, ætli það sé ekki að glimmerið bara fyrir jól og áramót. Veturinn snýst um það að bera skrautið af reisin jafnt á mannámótum sem og í hversdeginum. ■



Monse er hér með einstaklega skemmtilega útgáfu af teinóttu jakkafatdragtinni sem er hér afskaplega klæðileg. Þessi er hugsuð fyrir vorið 2023 en það má vel fá innblástur héðan fyrir veturinn.



Það er satt sem krákurnar segja. Veturinn verður glimrandi finn. Hér er dásamlegur kjóll úr smiðju ArdAzAei fyrir haust og vetur 2022-2023.



Tommy Hilfiger er hér með ótrúlega smart lúkk fyrir haust og vetur 2022-2023 þar sem stærðarhlutföllin fá að njóta sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Sergio Hudson veðjaði á kattarmynstrin í sinni línu fyrir haustið og veturinn.

Þægindin víkja þó ekki enda hafa neytendur kynnst þægilegum heimavinnu-fatnaði upp á síðkastið.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Mazda MX-30 rafmagnsbíll. 6/2021 Sýningarbíll ekinn aðeins 421 km. 35,5 kWh rafhlaða. Uppgefin drægni 200 km. 5 dyra. Makoto typta með glertoppplúgu og öllum fánlegum búnaði. Hann er þinn fyrir aðeins 4.890.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ
GAMLA BÍLINN ?

Kaupum bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og við höfum samband

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla

með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð
verð. Straumblik ehf. Löggiltur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt
& Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar
á tilboði

Gítarar og
hljómborð

í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Til bygginga



NÝKOMIÐ BANKIRAI
HARÐVIÐARPALLAEFNI
21X145MM VERÐ 1.950 KR
METERINN

slétt beggja megin, ofnþurrkað.
Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar.
Harðviður til húsbýgginga. Sjá
nánar á vidur.is Vatnslæðning
21x125mm, panill 10x85mm,
útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100
Eurotec skrufur, Penofin og
Armstrong Clark harðviðarollur.
Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230,
á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á
Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í MÍR salnum á Hverfisgötu 105.

Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.

Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðin standa í 4 vikur.

Boðið er upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30

Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30

Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska II:

Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska III:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska IV:

Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

Framhaldsnámskeið spænska V:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

Við bjóðum einnig upp á einkatíma og stuðn-
ingstíma fyrir nemendur á menntaskólastigi.



Námskeiðin okkar byrja mánudaginn
3. október og þriðjudaginn 4. október og
þeim lýkur svo fimmtudaginn 27 október.
Verð á mann er 35.000 krónur.

Upplýsingar í síma 790 5033 eða
spanskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: [Spanskuskólinn Háblame](https://www.facebook.com/spanskuskolinn_hablame)
Instagram: [spanskuskolinn_hablame](https://www.instagram.com/spanskuskolinn_hablame)

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


Vetrargeymsla.

Tökum í geymslu húsbíla og ferðavagna

Nokkur pláss laus.

s.8311411

ER BÍLSÆTID RIFIÐ ?



FYRIR

EFTIR

Bílsætaviðgerðir, mótörhjóla og
snjósléðasæti. Húsbíllaklæðningar
og öll almenn bólstrun. Við erum
þekktir fyrir fljóta og góða
þjónustu. Skoðið video af vinnslu
á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp., Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Ferðaðjónustuhús



Vönduð hús sem henta
vel í ferðaðjónustuna,
afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; reisum@simnet.is eða
s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok
og yfirbreiðslur á allar
tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com



ÞJÓNUSTU
AUGLÝSINGAR

HAFDU SAMBAND OG
VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Lækjarholt 1 L231163; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2208025

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. september 2022 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til lands Lækjarholts 1 L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

2. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Íbúðarsvæði; Arnarstaðakot-Skálmholt; Skilmálabreyting; Aðalskipulagsbreyting – 2110027

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. júní 2022 að auglýsa tillögu breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Í henni felst breyting á skilmálum aðalskipulags á þann hátt að heimiluð verði ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna syns áhuga landeigenda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Breytingin nær til þriggja nýrra íbúðarsvæða, Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhuguð er uppbygging búgarðabyggðar, í landi Skálmhólts land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og innan jarðarinnar Glóru á um 30 ha svæði.

3. Laugarás; Aðalskipulagsbreyting – 2110095

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2022 að auglýsa tillögu að breytingu sem tekur til aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingin tekur til þéttbýlisins í Laugarási og frístundabyggðar sem liggur að þéttbýlinu. Gert er grein fyrir helstu breytingum innan greinargerðar skipulagsbreytingar.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

4. Giljatunga 34 L213513; Ásgarðsland; Deiliskipulagsbreyting – 2208034

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. september 2022 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi sem tekur til sumarhúsasvæðis í landi Ásgarðs. Í breytingunni felst að heimilað verði að byggja 40m2 aukahús á lóð í stað 25m2.

5. Laugarás; Frístundabyggð vestan þéttbýlis; Deiliskipulag – 2203003

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 22. Júní 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðar vestan þéttbýlisins að Laugarás. Deiliskipulag fyrir frístundasvæðið var áður hluti af deiliskipulagi fyrir þéttbýlið. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að yfirfara og uppfæra byggingarskilmála frístundasvæðisins í samræmi við gildandi aðalskipulag. Frístundabyggðin er afmörkuð þannig að hún haldist samfelld, gerð verður grein fyrir uppbyggingu á lóðum innan svæðisins og settir skilmálar um landnotkun, byggingar og vernd náttúru- og menningarminja.

6. Laugarás; Þéttbýli; Endurskoðun deiliskipulags – 2108094

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 22. Júní 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til þéttbýlisins að Laugarási. Stefna eldra deiliskipulags er yfirfarin og uppfærð. Fyrirkomulag nýrrar íbúðarbyggðar er endurskoðað og leitast er við að setja fram stefnu sem styrkir atvinnu og ný atvinnutækifæri. Byggð er þétt á nokkrum stöðum þar sem því verður við komið. Skilmálar fyrir lóðir eru yfirfarnir og eftir atvikum breytt. Götur eru í einhverjum tilfellum breikkaðar og breytt til að bæta umferðaröryggi og tekið frá svæði fyrir gangstéttar meðfram götum. Tekið er frá svæði fyrir nýja brú yfir Hvítá og veg að henni. Skipulagssvæðið er um 169 ha að stærð. Samhliða gerð deiliskipulagsins er gerð breyting á aðalskipulagi Laugaráss í Bláskógabyggð 2015-2027.

7. Reykholt í Þjórsárdal; Deiliskipulagsbreyting – 2208038

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. september 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Reykhólts í Þjórsárdal. Í breytingunum felst að hliðra til byggingarreit B1, breyta lóðarmörkum lítilla án þess þó að breyta lóðarstærð, uppfæra byggingarmagn á byggingarreitum og skilmála um lón og að bæta inn byggingarreit yfir borholu. Tilgangur breytinganna er að fella megi byggingar fyrirhugaðra fjallabaða betur að landinu.


Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is, www.floahreppur.is og www.skeidgnup.is

Mál nr. 1 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 29. september 2022 til og með 21. október 2022.

Mál nr. 2 - 7 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 29. september 2022 með athugasemdafrest til og með 11. nóvember 2022.

Athugasemdom og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarpjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Þátttakandi í íslensku
atvinnulífi í meira
en 50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR

Skattar og skerðingar úr hófi fram



Ólafur Ísleifsson
hagfræðingur og
fv. alþingismaður

Íslendingar 67 ára og eldri voru 48.720 í byrjun þessa árs. Fyrirsjáanleg er hröð fjölgun eldra fólks á komandi árum. Hagur fólks á þessum aldri er misjafn og áunnin réttindi til lífeyris úr lífeyrissjóðum með ýmsu móti. Hér ræðir um fólkid sem að mestu leyti hefur skilað ævistarfinu og reidið sig á lífeyri úr lífeyrissjóðum og eftir atvikum úr almannatryggingum auk sparnaðar sem kann að vera fyrir hendi.

Almennt mun sammæli um að búa beri að eldra fólki með mannsæmandi hætti. Þar skipta ákvarðanir stjórnvalda um fjárhagslega umgjörð þess miklu máli.

Ýmsir eiga rétt á lífeyri úr lífeyrissjóðum áður en 67 ára aldri og eru því ellilífeyrisþegar fleiri en hópurinn 67 ára og eldri. Þannig voru ellilífeyrisþegar 52.150 á árinu 2020 og er athyglisvert að skoða skiptingu lífeyris eftir uppruna, þ.e. hvort hann kemur úr lífeyrissjóðum eða frá Tryggingastofnun ríkisins (TR). Árið 2020 nutu 1.350 manns lífeyris einungis frá TR. Flestir fengu lífeyri bæði frá lífeyrissjóðum og TR eða 36.500. Þá stendur eftir hópurinn

sem fær einungis lífeyri frá lífeyrissjóðum en þar ræðir um 14.300 manns á árinu 2020.

Vafasöm framkvæmd skattamála

Persónuafsláttur skiptir miklu fyrir alla greiðendur tekjuskatts, þar á meðal eldra fólk. Raunin er sú að hann hefur ekki tekið mið af launaþróun eins og eðlilegt væri að hann gerði. Sé litið til nýliðins tíma sést að árið 2020 var persónuafsláttur 54.628 krónur á mánuði en árið 2021 lækkaði hann í krónur 50.792 á mánuði. Í ár hækkaði hann frá fyrra ári í 53.916 á mánuði en er samt sem áður lægri en hann var árið 2020. Þetta atriði eitt út af fyrir sig að persónuafsláttur fylgi ekki launaþróun felur í sér ígildi hækkunar skatta milli ára og kemur þýngst niður á þeim sem lókst hafa kjörin.

Ég hefi í greinum fjallað um ofsköttun séreignarsparnaðar. Meginatriði þess máls eru að ríkið stuðlar að séreignarsparnaði með skattafslætti. Slikir skattafslættir eru þekktir, t.d. afsláttur vegna kaupa á hlutabréfum, afslættir til fyrirtækja sem vilja reka stóriðjuver hér á landi eða taka upp kvikmyndir eða sjónvarpsþáttaraðir í íslensku umhverfi.

Skattafslættir leiða í þessum tilfellum ekki til sérstakrar skattkröfu síðar. En gagnvart eldra fólki þykir hæfa að hafa uppi digra skattkröfu sem felst í að skattleggja séreignarsparnað eins og hann væri launa-

tekjur. Hann er það ekki. Hann er eign sem stendur saman af sparnaðargreiðslum og að mestu af ávöxtun þeirra yfir langan tíma.

Miðstig tekjuskatts er sem næst 38%, skattur af fjármagnstekjum er 22%. Allir sjá muninn. Hvaða þjóðfélagshópi öðrum en eldra fólki væri búið upp á að ganga svo nærri eignum þeirra?

Hér verða ekki tæmandi taldar þær leiðir til ofsköttunar sem af hugkvæmni hafa verið ofnar í lög um tekjuskatt. Við þau dæmi sem hér hafa verið nefnd er þó rétt að bæta við því ákvæði laganna að með vöxtum teljist áfallnar verðbætur á höfuðstól og vexti, t.d. af innstæðum í bönkum. Verðbætur eru uppbætur vegna verðryrnunar peningalegrar eignar. Telja verður nánast ósvinna að reikna slíkar uppbætur til tekna.

Skerðingaflóran í almannatryggingum

Ellilífeyrir TR er í ár 286.619. á mánuði. Fjárhæð lífeyris almannatrygginga er ákveðin árlega en ætti að réttu lagi að endurskodast mánaðarlega eins og lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum. Þrátt fyrir ákvæði 69. greinar laga um almannatryggingar að ákvörðun þeirra skuli taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs, sýnist föst regla að hækkingin heldur ekki í við launaþróun.

Ákvarðanir stjórnvalda í þessu



Tómlæti stjórnvalda kemur kannski út af fyrir sig ekki á óvart en ef til vill mætti spyrja um hlut verkalýðshreyfingar þar sem hér eiga í hlut fyrrverandi félagsmenn í stéttarfélögum á vinnu- markaði.

efni sýnast ógagnsæjar um annað en þá reglu að vikja frá skýrum lagafyrirmælum. Þessi háttur, að lífeyrisgreiðslur fylgi ekki launaþróun, felur í raun í sér skerðingu á greiðslum ár frá ári og aukna gliðnun tekna.

Við þessar skerðingar búa eldri borgarar sem reida sig á greiðslur frá TR meðan laun í opinbera geiranum fara ört hækkanði að ekki sé talað um hástökkinn í kjörum ýmissa hópa.

Meðal helstu skerðingarreglna ellilífeyris frá TR eru að hann er skertur um 45% af atvinnutekjum umfram krónur 200.000 á mánuði. Sams konar skerðing á við um lífeyris- og fjármunatekjur umfram

krónur 25.000 á mánuði. Þessi fjárhæð, svo naumleg sem hún var ákveðin á Alþingi 2016, hefur ekki breyst frá þeim tíma enda þótt laun og verðlag hafi hækkað umtalsvert á tímabilinu. Með því er gengið enn nær lífeyrisréttindum en ella.

Séreignarsparnaður, sem stofnast með greiðslum umfram iðgjalds til lífeyrissjóðs leiðir ekki til skerðinga á greiðslum TR. Hins vegar kveða ný lög samþykkt á Alþingi í júní á þessu ári á um að tilgreind séreign, sem stofnast sem hluti iðgjalds í lífeyrissjóð, leiðir til skerðingar um 45% af útgreiðslum.

Aðilar vinnu- markaðarins standi við bak eldra fólks

Eldra fólki var ekki tryggt að það fengi að njóta umsaminnar lífskjara hækkingar sem var árið 2021 15.750 krónur á mánuði og frá ársbyrjun 2022 17.250 krónur á mánuði.

Aldraðir fengu ekki eins og öryrkjar aukalega desemberuppbót síðustu tvö ár, sem nam 50 þúsund krónum árið 2020 og 53 þúsund krónum 2021.

Tómlæti stjórnvalda kemur kannski út af fyrir sig ekki á óvart en ef til vill mætti spyrja um hlut verkalýðshreyfingar þar sem hér eiga í hlut fyrrverandi félagsmenn í stéttarfélögum á vinnu- markaði. Þá gerðu atvinnurekendur rétt í að standa við bak eldra fólks sem fyrrum starfsmanna sinna meðan það var á vinnu- markaði. ■

HMS Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Askur – mannvirkjarannsóknarsjóður Opið fyrir umsóknir um styrki

Sjóðurinn veitir styrki til mannvirkjarannsókna með áherslu á aukna þekkingu, umbætur og nýsköpun til að mæta samfélagslegum áskorunum á sviði mannvirkjagerðar.

Áhersluflokkar við úthlutun 2022:

Byggingargallar, raki og mygla

- Greiningar á umfangi, orsökum og afleiðingum byggingargalla á Íslandi.
- Verkefni sem stuðla sérstaklega að aukinni þekkingu á raka- og mygluskemmdum í íslenskum mannvirkjum, samanburði og þróun aðferða við mælingar og mati á umfangi slíkra skemmda. Jafnframt hvernig unnt sé að fyrirbyggja þær og bregðast við þeim með árangursríkum hætti.

Byggingarefni

- Rannsóknir og þróun á byggingarefnum, á endingu þeirra og eiginleikum ásamt efnisvali og notkun í samræmi við lög um byggingarvörur.
- Verkefni sem stuðla að minna kolefnisspori byggingarefna og draga úr notkun óumhverfisvænna byggingarefna t.d. með hönnun og eflingu hringrásarhagkerfisins.

Orkunýting og losun

- Verkefni sem fjalla um orkunýtingu mannvirkja og/eða losun gróðurhúsalofttegunda vegna mannvirkjagerðar.

Tækninýjungar

- Þróun tæknilegra lausna sem hafa einkum það markmið að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum mannvirkja og auka verðmætasköpun, hagræðingu, framleiðni og/eða samræmingu meðal hagaðila í byggingariðnaði.

Gæði

- Rannsóknir á gæðum, endingu, hagkvæmni og hönnun íbúðarhúsnæðis.
- Greiningar á hvers konar form íbúðarhúsnæðis þurfi að byggja, meðal annars með tilliti til þróunar á félagslegum, menningarlegum, tæknilegum og sjálfbærum þáttum.

Umsóknarfrestur er
til og með 31. október 2022

Nánari upplýsingar og umsóknarform
má nálgast á hms.is/askur.

Guðmundur Þórður Guðmundsson, landsliðsþjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta, segist vera að glíma við jákvæðan hausverk þessa dagana í starfi þegar kemur að því að velja landsliðshóp Íslands. Margir góðir leikmenn standi honum til boða. Fram undan er landsliðsverkefni.

aron@frettabladid.is

HANDBOLTI Á dögnum var opinberaður landsliðshópur Íslands sem mætir Ísrael og Eistlandi í undankeppni EM 2024. Lykilleikmenn Íslands eru í hópnum en Guðmundur hefur þó einnig þurft að skilja eftir marga góða og reynda leikmenn.

„Ég er mjög svo ánægður með þennan landsliðshóp,“ segir Guðmundur við Fréttablaðið. „Það er hins vegar þannig að hópur leikmannanna sem ég hef úr að velja hefur verið að breikka og því ekki um einfalt verk að ræða þegar kemur að vali í landsliðshópinn. Það eru þarna leikmenn sem væru í tuttu manna hópi sem ná ekki inn í þennan átján manna hóp núna. Þetta er jákvæður hausverkur fyrir okkur því það eru ekki bara góðir leikmenn innan hópsins heldur líka fyrir utan hann.“

Eins og staðan er í dag tel ég þetta vera okkar sterkasta lið en sterkir leikmenn eru skildir eftir í þetta skiptið. Ég nefni sem dæmi Kristján Örn Kristjánsson í Frakklandi, Hauk Þrastarson og Ólaf Guðmundsson. Svo eru leikmenn í meiðslum eins og Óðinn Þór Ríkharðsson.“

Jákvæð þróun

Þróunin hefur verið á þá leið að hópurinn sem Guðmundur getur hugsað sér að velja í landsliðið hefur verið að breikka jafnt og þétt.

„Það er alveg hiklaust sem ég get sagt það. Þegar ég tók við liðinu á nýjan leik árið 2018 var það hluti af þeim markmiðum sem við þjálfara- teymið og sambandið settum okkur með liðið að breikka þennan hóp leikmannanna sem við höfum úr að velja. Við byrjuðum mjög snemma á því að gefa ungunum leikmönnum tækifæri, þetta er ákveðin vegferð sem við höfum verið á og nú, fjórum árum eftir upphaf hennar, finnst mér þetta hafa tekist mjög vel. Það er mjög jákvætt að upplifa það.“

Ekki hægt að slaka á

Næsta landsliðsverkefni íslenska karlalandsliðsins eru leikir í undankeppni Evrópumótsins gegn Ísrael og Eistlandi 12. og 15. október. Guðmundur segir að íslenska liðið hafi ekki efni á því að slaka á í þessum leikjum.

„Heilt yfir í öllum íþróttagreinum er raunin sú að það er ekkert gefið í þessu. Við þurfum að mæta í alla leiki af fullum krafti. Þessir tveir



Guðmundur Þórður Guðmundsson tók við íslenska landsliðinu á nýjan leik árið 2018 og segir að liðið sé á góðri vegferð. Fram undan eru leikir í undankeppni EM og síðan HM sjálfst.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Vegferðin farin að skila sér í jákvæðum hausverk

leikir eru fyrstu leikir okkar í þessari undankeppni og því mikilvægt fyrir okkur að fara vel af stað.

Um skemmtilegt verkefni er að ræða en eins og ég segi, það er ekkert sjálfgefið í þessu lengur og þá get ég nefnt dæmi úr handbolta, körfubolta og fótbolta. Þróunin hefur bara verið á þessa leið í íþróttum almennt séð. Þess vegna þurfum við að nálgast þetta verkefni af fagmennsku, eins og við höfum gert áður.“

Styttist í HM

Það er óhjákvæmilegt að líta aðeins lengra fram í tímann því fram undan er Heimsmeistaramótið í handbolta í janúar þar sem Ísland er á meðal þátttökubjóða. Mótið fer fram í Póllandi og Svíþjóð og Ísland leikur sína leiki í riðlakeppninni í Kristianstad í Svíþjóð. Þar verða andstæðingarnir Portúgal, Ungverjaland og Suður-Kórea.

Guðmundur segir auðvelt fyrir hugann að reika að því móti. „Maður er náttúrulega alltaf með hugann við þetta þó svo að aðal- fókusinn sé núna á þessa tvo leiki í undankeppni EM.“

„Staðan er bara þannig með mig að ég horfi mjög mikið á handbolta og hef verið að horfa aftur á undan-

”

Það sem ég finn er afskaplega góður andi í landsliðshópnum. Menn eru jákvæðir gagnvart verkefnum fram undan.

Guðmundur Þórður Guðmundsson, landsliðsþjálfari Íslands

farna leiki okkar við Ungverjaland og Portúgal, margsinnis. Í og með því er maður að undirbúa sig fyrir þessa leiki, spá og spekulera

Fyrsta skrefið er að undirbúa liðið fyrir leikina gegn Ísrael og Eistlandi. Ísraelarnir eru sýnd veiði en ekki gefin. Það verkefni þarf að taka mjög alvarlega þó svo að úrslit okkar gegn þeim þegar að við mætum þeim síðast hafi verið mjög hagstæð. Ísraelarnir hafa undanfarið verið að ná í hagstæð úrslit sjálfir á móti nokkuð góðum liðum og ef við tökum þetta

ekki alvarlega þá getum við lent mjög snemma í vandræðum.“

Fordæmalasaur aðstæður

Það verður ekki annað sagt en að vonarneisti hafi kviknað hjá íslensku þjóðinni sem fylgdist stolt með framgöngu íslenska landsliðsins á EM í upphafi ársins. Liðið vann alla sína leiki í riðlakeppninni og stóð sína plikt vel þrátt fyrir fordæmalas skakkaföll í landsliðshópnum þar sem margir leikmenn sýktust af kórónaveirunni. Að lokum var niðurstaðan sjötta sæti á mótinu og fyrirheitin fyrir framhaldið góð. Guðmundur skynjar ákveðna orku hjá leikmönnum sínum í landsliðinu nú þegar dregur nær næsta stórmóti.

„Það sem að ég finn er afskaplega góður andi í landsliðshópnum. Menn eru jákvæðir gagnvart verkefnum fram undan. Ég get ekki talað fyrir hönd leikmannanna en maður finnur greinilega tilhlökkunina hjá leikmönnum að koma aftur saman og stíga inn á völlinn fyrir Íslands hönd. Það hefur gengið vel hjá okkur undanfarið, bæði í leikjunum á móti Austurríki sem og á EM. Það er góður gangur í þessu.“

Hneyksli efsatt reynist

Eitt hundrað milljónir eru eyrna-

merktar verkefni tengdu byggingu nýrrar þjóðarhallar í innanhúss íþróttum í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2023 og hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar sakað ríkisstjórnina um að draga lappirnar í þessum efnunum og tala óljóst.

Þá efast margir um að ný þjóðarhöll risi á kjörtímabilinu en Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir vinnu við nýja þjóðarhöll á fullu skriði, hún bindur vonir við að hún muni rísa á kjörtímabilinu. Þá greinir Ásmundur Einar Daðason, ráðherra íþróttamála, frá því í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag að fyrsti fasi verkefnisins sé í fullum gangi.

Guðmundur, sem starfar einnig hjá danska úrvalsdeildarfélaginu Federicia samhliða landsliðsþjálfarastarfi sínu, fylgist vel með stöðu mála hér heima og segist vona að það eigi ekki að draga lappirnar enn einu sinni hvað þetta mál varðar.

„Ég hef fylgst með því í fréttum heima á Íslandi að mögulega sé verið að fara draga lappirnar í þessum efnunum enn eina ferðina. Ef það er rétt og staðan er þannig þá er það hneyksli. Hneyksli fyrir íslenska stjórnálamenn yfir höfuð ef það er ekki meira að marka orð þeirra heldur en þetta.“

Það var skrifað undir viljayfirlýsingu í maí um byggingu nýrrar þjóðarhallar og ég vona bara að staðan sé ekki þannig að það eigi að draga lappirnar enn eina ferðina í þessu máli. Heldur að stjórnálamennirnir okkar ætli sér að standa við gefin loforð.“ ■

Utan vallar

Arnar virðist á réttri leið en krafan er árangur



Hörður Snævar Jónsson
hordur@frettabladid.is

Óhætt er að fullyrða að Arnar Þór Viðarsson hafi aldrei upplifað jákvæðari tíma í starfi sínu sem landsliðsþjálfari, ef aðeins er horft í frammistöðu liðsins innan vallar. Íslenska landsliðið vann sigur á Venesúela og náði jafntefli gegn Albaníu á útivelli í fyrradag. Hetjuleg barátta liðsins vakti athygli, samstaða og baráttan sem einkenni íslenska liðið í mörg ár hafði ekki sést í stjórnunartíð Arnars. Þarna skein hún hins vegar í gegn og skilaði það dramatisku stigi og meðbyr í seglin.

Íslenska liðið er taplaust í sex leikjum í röð undir stjórn Arnars, ungir leikmenn hafa öðlast mikla reynslu undanfarið ár og með hjálp eldri og reyndari leikmanna horfir til betri vegar.

Íslenska þjóðin hefur elskað að hata Arnar í starfi en á næsti ári verður gerð krafa á að liðið nái betri árangri en áður. Íslenska liðið tekur þá þátt í undankeppni Evrópumótsins þar sem möguleiki er á góðu tækifæri til að koma sér inn á stórmót. Arnar Þór hefur

”

Standi liðið ekki undir væntingum byrja gagnrýnisráddir.

það að fleiri eldri leikmenn snúi aftur og hefur þar nefnt Sverrir Inga Ingason og Jóhann Berg Guðmundsson. Ljóst er að báðir myndu styrkja liðið verulega og möguleikinn á að komast inn á Evrópumótið með þá í liðinu er meiri en án þeirra.

Arnar Þór hefur setið undir mikilli gagnrýni, oftast nær hefur hún átt rétt á sér en hann á líka skilið hrós fyrir að snúa við taflinu. Eins og staðan er í dag er hægt að leyfa sér að vera bjartsýnn fyrir komandi

tímum, það var ekki hægt fyrir örfáum mánuðum síðan.

Nú þegar íslenskt knattspyrnuáhugafolk gerir meiri kröfur til liðsins verður líka meiri pressa á Arnari, standi liðið ekki undir væntingum byrja háværar gagnrýnisráddir að heyrast á nýjan leik og starf Arnars gæti hangið á bláþræði. Í dag er hins vegar hægt að segja að Arnar sé á réttri leið með liðið en það getur eins og annað í heimi íþróttar, verið fljótt að breytast ef halla fer undan fæti. ■

MANCHESTER UNITED

HÓPFERÐIR Á

TRAFFORD

GLORY GLORY MAN. UNITED!



13.-16. JANÚAR

MAN. UTD vs MAN. CITY

VERÐ FRÁ 179.900KR. Á MANN*

FLOGIÐ MEÐ ICELANDAIR



3.-6. FEBRÚAR

MAN. UTD vs CR. PALACE

VERÐ FRÁ 159.900KR. Á MANN*

FLOGIÐ MEÐ PLAY



17.-20. FEBRÚAR

MAN. UTD vs LEICESTER

VERÐ FRÁ 159.900KR. Á MANN*

FLOGIÐ MEÐ ICELANDAIR

21.-24. APRÍL



MAN. UTD vs CHELSEA

VERÐ FRÁ 189.900KR. Á MANN*

FLOGIÐ MEÐ ICELANDAIR



24.-27. FEBRÚAR

MAN. UTD vs BRENTFORD

VERÐ FRÁ 159.900KR. Á MANN*

FLOGIÐ MEÐ PLAY



10.-13. MARS

MAN. UTD vs SOUTHAMPTON

VERÐ FRÁ 159.900KR. Á MANN*

FLOGIÐ MEÐ ICELANDAIR



PÁSKAFERÐ

7.-10. APRÍL

MAN. UTD vs EVERTON

VERÐ FRÁ 169.900KR. Á MANN*

FLOGIÐ MEÐ ICELANDAIR



29. APRÍL - 1. MAÍ

MAN. UTD vs ASTON VILLA

VERÐ FRÁ 159.900KR. Á MANN*

FLOGIÐ MEÐ ICELANDAIR

STAÐFESTINGARGJALD KR. 35.000 Á MANN - LOKAGREIÐSLA 7 VIKUM FYRIR BROTTFÖR

NÁNAR Á
VISITOR.IS

Visitor
FERÐASKRIFSTOFA

NÁNAR Á
VISITOR.IS

HAMRABORG 20 - SÍMI 578-9888

*Innfalið í okkar ferðum: flug með sköttum, innritaðri tösku, gisting með morgunverði, miði á leikinn á góðum stað, rúta til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
Sigurjón Ingvars Jónasson
Nonni í Skuld

lést á Líknardeildinni
í Kópavogi 11. september.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Jóhanna Ragnarsdóttir og fjölskylda



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Óðinn Rögnvaldsson
prentari,
Sléttuvegi 23,

lést 24. september.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
mánudaginn 10. október kl. 13.00.

Hulda Arnórsdóttir
Kolbrún Óðinsdóttir
Hrafnkell Óðinsson
Margrét Óðinsdóttir
Ingiríður Óðinsdóttir
Svetlana Motorova
Jón H. Skúlason
Árni Guðmundsson



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
vegna andláts og útfarar elskulegs
föður okkar, tengdafaður,
afa, langafa og langalangafa,
Jóns Ísleifssonar
Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ.

Innilegar þakkir til starfsfólks á Hrafnistu
Nesvöllum fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Ísleifur Jónsson
Svanlaug Jónsdóttir
Hildur Nanna Jónsdóttir
Steinunn S. Magnúsdóttir
Ólafur E. Júlíusson
Sigtryggur Levi Kristófersson
barnabörn og fjölskyldur þeirra




✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Kristinn Jónsson
prentari,
Þorragötu 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum
mánudaginn 19. september.
Útför hans fer fram frá Neskirkju,
föstudaginn 30. september kl. 15.

Björk Aðalsteinsdóttir
Jón Aðalsteinn Kristinsson
Guðný Hildur Kristinsdóttir
Hilmar Þór Kristinsson
Arna Björk Kristinsdóttir
Bryndís Guðmundsdóttir
Mark Wilson
Rannveig Eir Einarsdóttir
Ingimar Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn



∞

Sólför ástkærs eiginmanns míns,
föður okkar, afa, frænda og bróður,
Hrafn Jökulssonar

fer fram frá Hallgrímskirkju,
föstudaginn 30. september, klukkan 15.
Þeim sem vilja minnast Hrafn
er bent á góðgerðarfélög í þágu barna.
Fólk er hvatt til að koma bjartklætt til kirkju á sólfarardegi.
Athöfninni verður streymt á slóðinni: youtu.be/ExnqE5zr-H4

Oddný Halldórsdóttir
Þorsteinn Máni Hrafnsson
Örnólfur Hrafn Hrafnsson
Þórhildur Helga Hrafnsdóttir
Jóhanna Engilráð Hrafnsdóttir
Ronald Mánason
Zoey Elisabet Mánadóttir
Styrmir Starri Örnólfsson
frændfólk og systkini

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Eiríkur Elís hefur starfað sem forseti deildarinnar frá árinu 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tuttugu ára lagadeild

Lagadeild Háskólans í Reykjavík fagnar tuttugu ára afmæli um þessar mundir. Forseti deildarinnar telur tilkomu hennar hafa eflt umhverfi lagakennslu á Íslandi til muna.

arnartomas@frettabladid.is

Lagadeild Háskólans í Reykjavík fagnar nú um stundir tuttugu ára afmæli. Í til efni þess verður í dag haldið málþing þar sem kennarar við deildina munu flytja erindi auk þess sem Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra og útskrifaður lögfræðingur frá deildinni, flytur opunarávarp.

Lagadeild HR var stofnuð árið 2002 og voru fyrstu nemendurnir útskrifaðir þaðan árið 2005. Eiríkur Elís Þorláksson hefur starfað sem forseti deildarinnar frá 2019.

„Áður en deildin tók til starfa fór lagakennsla á Íslandi nánast eingöngu fram við Háskóla Íslands,“ segir Eiríkur Elís. „Eitt af markmiðum deildarinnar var að skapa fleiri valkosti fyrir þá sem vilja stunda laganám á Íslandi. Við stofnun deildarinnar var talið að samkeppni á þessu sviði myndi efla lagamenntun í landinu og styrkja stöðu lögfræðinnar

þjóðfélaginu til heilla.“ Það markmið hefur að mati Eiríks Elís náðst á fyrstu tuttugu árum deildarinnar.

„Með heilbrigðri samkeppni milli háskóla og auknum rannsóknum á sviði lögfræðinnar hefur íslensk lögfræði eflst sem fræðigrein. Lagadeild HR hefur frá upphafi boðið upp á fyrsta flokks lagakennslu og rannsóknir,“ segir Eiríkur Elís sem telur að áhersla hafi verið lögð á nokkuð aðra nálgun við lagakennslu við lagadeild HR en áður var þekkt hér á landi. „Þar má meðal annars nefna verkefnaáhrifa náms. Þannig fer kennslan í lagadeild HR ekki eingöngu fram í fyrirlestraformi heldur með blönduðum hætti. Ég vil meina að tilkoma lagadeildar HR hafi svo um munar eflt lagakennslu svo og rannsóknir á Íslandi.“

Tuttugu ár eru stuttur tími

Eiríkur Elís segir íslenskan vinnuarkað hafa tekið laganemum HR opnum örmum.

„Kannanir sýna að okkar nemendur standa mjög vel að vígi á vinnuarkaði og hefur það raunar verið þannig frá fyrstu útskriftarárgöngunum,“ segir hann og vísar til kannana þar sem skoðað hefur hvernig nemendum hefur reitt af. „Kennarar okkar eru framarlega

”

Áður en deildin tók til starfa fór lagakennsla á Íslandi nánast eingöngu fram við Háskóla Íslands.

í rannsóknum. Svo njótum við góðs af stundakennurum úr atvinnulífinu, svo sem dómurum, lögmönnum og starfsmönnum úr stjórnsýslunni.“

Spurður um næstu tuttugu ár deildarinnar svarar Eiríkur Elís að til standi að halda áfram metnaðarfullu starfi innan lagadeildar HR og gera gott nám enn betra.

„Tuttugu ár fyrir lagadeild er tiltölulega stuttur tími en við stefnum að því að halda áfram að veita framúrskarandi þjónustu með kennurum í fremstu röð. Lögfræðin sem fræðigrein á í samkeppni við aðrar fræðigreinar svo og háskóla um heim allan. Mikilvægt er að öflug kennsla og rannsóknarstarf hér á landi hvetji til nýliðunar í hópi lögfræðinga og stuðli að því að kraftmiklir einstaklingar sækist áfram í slíka þekkingu.“ ■



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,
Jón Ólafur Ormsson

lést á Hrafnistu Reykjavík
þriðjudaginn 13. september.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk
hins látna. Þökkum góða umönnun.

Kolbrún Jónsdóttir
Aðalheiður Hafberg Jónsdóttir
Hafsteinn Jónsson
Jón G. Sigurðsson
Jónas D. Engilbertsson
Guðrún Böðvarsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn



✝

Okkar ástkæra
Sigurlaug Helgadóttir
hjúkrunarkona, frá Akureyri,
andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði
föstudaginn 23. september sl.

Ragnar Hólm Ragnarsson
Sigurlaug Hólm Ragnarsdóttir
Aðalheiður Anna Ragnarsdóttir, Erna Hólm
og Ragna Ragnarsdóttir



✝

Elskuleg móðir mín,
tengdamóðir og amma,
Áslaug Ingibjörg Magnúsdóttir
fyrrum gæðastjóri
Norðurorku á Akureyri,

lést á Landspítalanum Fossvogi þann
26. september síðastliðinn. Útför hennar fer fram
frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 4. október kl. 13.

Gunnar Pálsson
Arshia Eyrún Gunnarsdóttir
Ashali Ásrún Gunnarsdóttir
Gíti Chandra
Fannar Freyr Bjarnason
Styrmir Már Sigmundsson
og barnabörn



✝

Yndisleg dóttir mín, móðir,
tengdamóðir og amma,
Guðrún Hauksdóttir Schmidt
athafnakona,

lést á Landakotsspítala föstudaginn
23. september. Útför hennar fer fram frá
Lindakirkju fimmtudaginn 6. október klukkan 13.

Hólmfríður Bjarnadóttir
Dagrún Fanný Liljarsdóttir
Lilja Guðrún Liljarsdóttir
Fannar Freyr Bjarnason
Styrmir Már Sigmundsson
og barnabörn

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is

Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suðurnesja-magasin Vikurfretta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Fjallaskálar Íslands (e) Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildarþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Mannamál (e)

Sjónvarp Símans

- 12.00 Dr. Phil
- 12.45 The Late Late Show
- 13.30 Love Island (US)
- 14.30 The Bachelorette
- 16.00 The Block
- 16.55 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 19.10 Love Island (US)
- 20.10 Matarboð
- 20.50 The Resident
- 21.40 Dan Brown's The Lost Symbol
- 22.30 Walker
- 00.25 Love Island (US)
- 01.15 FBI. International
- 02.00 Chicago Med
- 02.45 Halo
- 03.35 Law and Order. Organized Crime
- 04.20 American Rust

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.30 Útsvar 2014-2015 Ísafjarðarbær - Stykkishólmur.
- 14.35 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991
- 15.50 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
- 16.05 Brautryðjendur Sigríður Sigurðardóttir.
- 16.30 Basl er búskapur
- 17.00 Ekki gera þetta heima
- 17.30 Landinn
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Listaninja
- 18.29 Maturinn minn
- 18.40 KrakkaRÚV
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins Briet - Esjan.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Tiskuvitund - Frederik Taus Modens Mønsterbrydere Danskir þættir þar sem við kynnumst fatahönnuðum sem leggja áherslu á fjölbreytileika og sjálfbærni.
- 20.35 Ofurhundurinn minn Min superhund
- 21.10 Tuskubrúða Ragdoll Breskir spennuþættir. Raðmorðingi hlutar fórnarlömb sín niður og notar líkamspartana til að búa til eins konar mennska tusku-brúðu. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 16 ára.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Neyðarvaktin Chicago Fire
- 23.05 Um Atlantsála Atlantic Crossing
- 00.00 Dagskrárlok

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 08.55 Bold and the Beautiful
- 09.20 Grand Designs. Sweden
- 10.05 Shriill
- 10.25 Britain's Got Talent
- 11.25 Hestaliðið í Hestaliðinu fá áhorfendur að heimsækja skemmtilegt hestafólk sem hefur frá mörgu að segja. Þátturinn er í umsjón Telmu Lucindu Tómasson.
- 11.35 Skítamix
- 12.00 Dyraspítalinn
- 12.35 Nágrannar
- 12.45 Family Law
- 13.30 30 Rock
- 13.50 Sorry for Your Loss
- 14.20 Grand Designs. Australia
- 15.10 The Heart Guy
- 16.00 Matarboð með Evu
- 16.30 Schitt's Creek
- 17.15 Schitt's Creek
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 18.05 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Temptation Island
- 19.50 Mr. Mayor
- 20.15 Camp Getaway
- 21.00 The PM's Daughter
- 21.25 La Brea
- 22.15 Real Time With Bill Maher
- 23.10 A Teacher
- 23.35 Agent Hamilton
- 00.20 A Very British Scandal
- 01.20 The Mentalist
- 02.00 Grand Designs. Sweden
- 02.45 Shriill
- 03.10 30 Rock
- 03.30 Schitt's Creek Sjötta gamanþáttaröð þessara gamanþátta
- 03.55 Schitt's Creek

Þorgrímur Þráinsson í Mannamáli kvöldsins

Rithöfundurinn og fyrirlesarinn Þorgrímur Þráinsson er gestur Mannamáls á Hringbraut í kvöld, en þar talar hann meðal annars um þá ástríðu sína að leiða ungmennum það fyrir sjónir hvernig þau geti öðlast lífsgæði og gert það besta úr styrkleikum sínum og gáfum. Þátturinn var fyrst sýndur undir lok síðasta árs, en í næsta mánuði hefjast sýningar á nýjum viðtölum í þáttaröðinni. ■



Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Wikmann átti leik gegn Kanko í Finnlandi árið 1975.

1.Hd1! Dxe6 (1...Bb7! 2.Hxb7!; 1...Bc6 2.Hxc7! Dxe6 3.Hxc6! De8 4.Hcd6). 2.Hd8+ 1-0.
Ingvar Wu Skarphéðinsson og Jóhann Arnar Finnsson urðu efstur og jafnir í opnum flokki Haustmóts TR. Jóhann varð efstur eftir oddastigaútreikning. Matthías Björgvin Kjartansson varð þriðji.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 hvetja
- 5 brott
- 6 hljóta
- 8 messings
- 10 rykkorn
- 11 ofviðri
- 12 sannur
- 13 ata
- 15 vanrækja
- 17 ávallt

LÓÐRÉTT

- 1 líklega
- 2 litlaus
- 3 athygli
- 4 nytjar
- 7 eðlilegt
- 9 afstyrmi
- 12 göfugur
- 14 gruna
- 16 stöðugt

LÁRÉTT: 1 eggja, 5 fra, 6 fa, 8 látuns, 10 ar, 11 rok, 12 ektá, 13 sóða, 15 trassa, 17 alitö. LÓÐRÉTT: 1 erflaus, 2 grár, 3 gát, 4 arnot, 7 áskapað, 9 úrkast, 12 eðal, 14 óra, 16 sl.


Sudoku

1					5			6
		5	9	6				
8		3			2			5
3	7	1		5				
4			2	9				6
		6	3	8				
			4	2	6	7	8	
	3		7			5	1	
								2

	7				1		8	
5	8					9		1
		2	3					
4	5							
							1	
		3		9	7	2		
	3	6		2			9	
	9			4		3		
		8						

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Hvað er að fréttu?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is. Innlandar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttafréttir, viðskiptafréttir, skoðanapistla, spottið og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann

frettabladid.is



„Vildi að ég gæti unnið vinnuna mína“


Karl Ólafsson
Lungnakrabbamein

Eftir að ég
greindist
sé ég lífið
í nýju ljósi

Vertu ljósavinur

Tryggðu krabbameinsgreindum
fría endurhæfingu.





Listin sem breytti lífi mínu



Jelena Ćirić tónlistarmaður segir lesendum Fréttablaðsins frá listinni sem breytti lífi hennar. Jelena er frá Serbíu en hefur verið búsett á

Íslandi undanfarin ár og starfar meðal annars sem blaðamaður hjá Iceland Review og kórstjóri kórsins Kliðar.

„Í byrjun bókarinnar Braiding Sweetgrass biður höfundurinn Robin Wall Kimmerer lesandann að flétta reygresi með sér. Það er hægt að flétta það einn, segir hún, með því að festa einn enda á stól en „sætasta“ leiðin er að fá einhvern annað til þess að halda í hinn endann: þið togið aðeins í sundur – það myndast spenna, samvinna og tenging á milli ykkar. Þannig er sambandið milli mannsins og jarðarinnar.



Vestrænn skilningur á sambandi manns og náttúru er oftast tvíhyggja.

Jelena Ćirić

Kimmerer er bandarískur líf-fræðingur af frumbyggjaættum. Í Braiding Sweetgrass fléttar hún saman vísindi við þekkingu frumbyggja og söguhefðina. Bókin er tæknilega séð ekki skáldverk, en hún er svo sannarlega listaverk, bæði í skapandi skrifum en líka vegna þess að hún gerir það sem öll góð listaverk gera: býður upp á nýja leið til þess að skilja heiminn.

Vestrænn skilningur á sambandi manns og náttúru er oftast tvíhyggja þar sem við höldum að kostir okkar séu annað hvort að eyðileggja jörðina eða láta hana algjörlega í friði. Kimmerer sýnir fram á að það er hægt fyrir manninn að verka á náttúruna án þess að skaða hana, að það er gagnkvæmt samband á milli okkar og jarðarinnar sem gagnast okkur báðum.

Bókin hefur setið með mér síðan ég las hana og gefið mér nauðsynlega von á þessum hamfaratimum.“ ■



Hið skáldlega að finna á óvæntum stöðum



Þorvaldur S. Helgason tsh @frettabladid.is

Pólska skáldið Jakub Stachowiak skrifar alfarið á íslensku. Honum finnst veröldin vera skáldleg og leitar innblásturs í eigin tilfinningar jafnt sem Taylor Swift.

Jakub Stachowiak sendi nýlega frá sér sína aðra ljóðabók, Úti bíður skáldleg veröld. Jakub er pólskt skáld sem skrifar alfarið á íslensku og hefur vakið mikla athygli fyrir ljóð sín.

„Þetta er bók sem er dálítið frábrugðin öðru sem ég hef skrifað hingað til. Hún fjallar mikið um pólitísk vandamál, um kapitalisma og þunglyndi en hún fjallar líka um skrif. Hún er persónuleg eins og fyrri bókin en á dálítið öðru leveli,“ segir Jakub.

Fyrsta ljóðabók hans, Næturborgir, kom út 2021 en sú bók hlaut Nýræktarstyrk miðstöðvar íslenskra bókmennta.

„Ég myndi segja að hún væri persónuleg á því sviði að hún fjallar um skrif. Hún fjallar til dæmis um loftslagsbreytingar og nútímann en ég myndi segja að hún sé persónuleg vegna þess að hún fjallar um skrifin og líka um tungumálið sjálft. Tungumálið er alltaf persónulegt,“ segir Jakub.

Taylor Swift sem skáldkona

Að sögn Jakubs varð bókin til fyrir um ári síðan en hann kveðst ekki eiga auðvelt með að tala um skrif sín: „Mér finnst alltaf skrytið að tala um verk mín því ég vinn svo mikið á innsæinu að ég veit yfirleitt ekkert hvað ég er að skrifa fyrr en það er tilbúið.“

Finnst þér veröldin vera skáldleg?

„Já, mér finnst veröldin vera skáldleg og mér finnst hið skáldlega vera að finna á ýmsum óvæntum stöðum. Ég var til dæmis að hlusta á plötu eftir Taylor Swift sem heitir Folklore og ég hugsaði með mér, vá hvað þetta er ljóðrænt og ég meina hún er poppstjarna! Þá las ég viðtal við hana þar sem hún var að tala um tilurð þessarar plötu og hún sagði að



Úti bíður skáldleg veröld er önnur ljóðabók Jakubs.

þetta hefði byrjað með myndum. Hún sat bara á stól og það komu einhverjar myndir til hennar og ég hugsaði með mér, svona tala skáldkonur.“

Spurður um hvort hann leiti innblásturs í eigin tilfinningum eða í hinum ytra heimi segir Jakub:

„Ég myndi segja bæði og. Þetta er eiginlega svona með öll listaverk að þau eru einhvers konar úrvinnsla úr þínum upplifunum en svo er þetta innsæið líka. Þannig að þetta er einhvers konar samspil.“

Skrifar ekki á pólsku

Eins og áður sagði skrifar Jakub ljóð sín alfarið á íslensku en hann fluttist hingað árið 2016 gagnert til að læra tungumálið.

„Ég gat ekki ímyndað mér að skrifa neitt á pólsku, það eina sem ég skrifa á pólsku eru bara skilaboð á Messenger til mömmu og pabba. Ef við tölum um hið ljóðræna eða hina skáldlegu æð þá finn ég hana ekki á pólsku, bara á íslensku,“ segir hann.

Finnst þér að það ætti að vera meiri stuðningur fyrir rithöfunda af erlendum uppruna búsetta á Íslandi?

Jakub Stachowiak sendir frá sér tvær bækur í haust, ljóðabókina Úti bíður skáldleg veröld og ljóðakverið Flæði 3.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Þetta er bók sem er dálítið frábrugðin öðru sem ég hef skrifað hingað til.

Jakub Stachowiak

„Það er mikil gróska núna, Natasha Stolyarova sem ritstýrði bókinni Pólfónía af erlendum uppruna, verður með ljóðabók núna sem ég er mjög spenntur að sjá. Ég er einmitt núna líka að skrifa esseyju um að vera útlenskur höfundur sem Bókmenntaborgin ætlar að gefa út á næsta ári í safni bara með útlenskum höfundum. Þannig að það er mikil gróska og mikill stuðningur sem er bara fagnaðarefni.“

Önnur bók í haust

Jakub sendir frá sér aðra bók í haust, ljóðakver sem ber titilinn Flæði 3 og kemur út á vegum Pastel ritraðar.

„Það er til vefsíða sem heitir The Most Dangerous Writing App þar sem þú getur sett tímaramma og þarft að skrifa stanslaust í gluggann annars máist textinn burt. Útkoman er einhvers konar skrytinn flæðisljóð. Við gerðum þetta verkefni í ljóðakúrsi sem ég var í hjá Kristínu Svövu Tómasdóttur í ritlist. Hún lét okkur skrifa eitthvað þannig og mér fannst þetta svo skemmtilegt að ég bara skrifaði heila bók. Verkið heitir Flæði 3 og talan vísar til þess að hvert ljóð var ort á þremur mínútum.

Þetta er mjög hrátt. Þælingin var að editera sem minnst og þetta er verk þar sem ég leyfi mér að leika mér og búa til alls konar bullorð,“ segir Jakub. ■

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 29. september–2. október

Lamba-
hryggur
í hvítlauks-
og piparkryddlegi

2.659 kr/kg
3.799-kr/kg



KJÖTSEL

40%

Folaldasteik
í svartri hvítlauks-
maríneringu

2.099 kr/kg
3.499-kr/kg



Holta

31%



Kjúklingaleggir
Mexíkó

1.069 kr/kg
1.549-kr/kg



Klementínur

449 kr/kg
641-kr/kg

KJARNAFÆÐI

20%



Saltkjöt,
blandað

1.279 kr/kg
1.599-kr/kg

KJÖTSEL

40%

Grisakinnar,
maríneraðar

959 kr/kg
1.599-kr/kg



50%



Croissant
með súkkulaði

149 kr/stk
299-kr/stk



Súrdeigsbrauð
608 g

285 kr/stk
569-kr/stk

Heilsuvara
vikunnar

50%



Magnesium
VitaYummy, 60 stk.

1.499 kr/pk
2.999-kr/pk



Sigraðu
innkaupin
og fáðu
beta verð
á matvöru
með
Samkaupa
appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Narsissismi í návígi

LEIKHÚS

Bara smástund!

Florian Zeller

Borgarleikhúsið

Leikstjórn: Álfrún Helga Örnólfsdóttir

Leikarar: Þorsteinn Bachmann, Sólveig Arnarsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir, Bergur Þór Ingólfsson, Sigurður Þór Óskarsson, Vilhelm Neto og Jörundur Ragnarsson

Leikmynd og búningar: Helga I. Stefánsdóttir

Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson

Hljóðmynd: Jón Örn Eiríksson

Leikgervi: Guðbjörg Ívarsdóttir

Þýðing: Sverrir Norland

Sigríður Jónsdóttir

París spilar stórt hlutverk á tveimur sviðum í Borgarleikhúsinu þessa dagana og harmonikkutónar fylltu forsal hússins síðastliðinn föstudag þegar Bara smástund! var frumsýnd. Michel er á toppi tilverunnar. Í laugardagsgöngutúrnum á markaðinn finnur hann óvænt fágæta plötu. Hann sér fyrir sér unaðslegan morgun í stofunni sinni að hlusta á djass, baðaður í sjálfumgleði og umvafinn borgaralegrj nautn. Fátt fullnægir miðaldra karlmönnum meira en kjarakaup. En morguninn fer mjög fljótlega í vaskinn og líf Michel umturnast.

Florian Zeller er þekktasta samtímaleikskáld Frakklands um þessar mundir sem er kannski ekki að undra enda mjög fær höfundur. Á yfirborðinu virðist handritið vera einfaldur farsí en leikritið er margslungið, til að vitna frjálsglega í Nathalie, eiginkonu Michel. Zeller fær ýmislegt að láni úr leikritinu Otherwise Engaged eftir Simon Gray og notar farsaformið til að setja borgaralega úrkynjun undir smásjána. Á meðan persónur verksins velta sér upp úr sínum eigin sjálfsköpuðu vandamálum er heimurinn bókstaflega að hrynja í kringum þær. Upprunalegi titill verksins er Une heure de tranquillité sem Sverrir Norland hefði getað þýtt á finlegri hátt og sömuleiðis fjarlægð þessi fáu frönsku orð sem skilin eru eftir í textanum, þau orka hjákátlega.

Of afslappaður og afskiptalaus

Þorsteinn Bachmann leikur Michel og ber sýninguna á herðum sér enda er hann nánast allan tímann á sviði. Gallinn er sá að Þorsteinn er ekki nægilega sannfærandi. Lykillinn að góðum farsaleik er samúð áhorfenda



Þorsteinn Bachmann fer með hlutverk hins franska Michel í Bara smástund! og ber sýninguna á herðum sér.

MYND/
BORGARLEIKHÚSIÐ

með raunum aðalpersónunnar, Michel er of afslappaður og afskiptalaus. Af þeim sökum virðist Michel standa fyrir utan framvinduna og sitt eigið líf. Sólveig Arnarsdóttir stelar aftur á móti senunni í hlutverki Nathalie. Hún er eini leikarinn í sýningunni sem nær að dansa á línunni milli gamanleiksins og borgaralegu uppgerðarinnar, því Nathalie er að leika rullu raunamæddu eiginkonunnar. En hennar uppgerðu raunir eru trúanlegar og áhrifaríkar.

Eftir menningarleg atök liðinnar viku má spyrja þeirrar spurningar af hverju Jörundur var fenginn í hlutverk hins pólska Pavel, en umræðan um birtingarmyndir á sviði hefur tröllriðið leikhúsheiminum. Jörundur stendur sig þó með ágætum sem uppþrengjandi nágranninn og nostrar við litil augnablik. Aftur á móti snýr viðvera Vilhelm Neto í hlutverki iðnaðarmannsins Léo upp á þessa spurningu með óvæntum hætti. Grínleikurinn fer honum vel og orkan geislar af honum. Sigurður Þór Óskarsson er sömuleiðis í finu grínformi í hlutverki Sébastien, eða Fucking Rat eins og hann vill vera kallaður. Linkennend örvinglun Sébastien undir lokin er listilega vel framkvæmd.

”

Á yfirborðinu virðist handritið vera einfaldur farsí en leikritið er margslungið, til að vitna frjálsglega í Nathalie, eiginkonu Michel.

Skrattinn úr sauðarleggnum

Ekkert borgaralegt hjónaband er fullkomið án viðhalds. Sólveig Guðmundsdóttir kemur sterk inn sem Elsa, besta vinkona Nathalie og hjákona Michel. Hún nær flugi þegar hún gerir Elsu upp tilfinningar til að skapa sér stærra rými í tilvist Michel. Bergur Þór Ingólfsson kemur svolítið eins og skrattinn úr sauðar-

leggnum undir lok leiks í hlutverki Pierre, mannsins sem þráir að eiga stærri hlut í lífi Nathalie. Samleikur hans og Sigurðar Þórs er kostulegur.

Leikstjórnin Álfrún Helga Örnólfsdóttir setur fókussinn á narsissisma aðalpersónunnar frekar en hið mjög svo franska ennui, lífsleiðann hvímeiða. Þessi nálgun er yfirborðskennd, skekkir verkið og dregur úr kómikinni. Þannig aftengist aðalpersónan framvindunni og verður áhorfendum fjarlæg. Sömuleiðis nýtir hún ekki dýpt stóra sviðsins, persónurnar eru ekki nægilega hreyfanlegar heldur. Henni tekst best til þegar hún undirstrikar tvöfeldni karakteranna, líkt og þeir séu að blikka áhorfendur. Þetta eru fyndnustu atriði sýningarinnar.

Skortir tilfinningalegt haldreipi

Leikmynd Helgu I. Stefánsdóttur er trés elegant, rándýr mínimalismi til að endurspeglar borgaralegan smekk. Háir hvítmálaðir veggir, vel valdar muþlur og auðvitað list sem passar vel við söfann. Búningarnir eru ekki eins vel heppnaðir þó að litapallettan sé falleg. Brúnir skór Sébastien stinga í stúf, fatnaður Pierre ekki nægilega vel saman-

settur og síðasta dress Nathalie alltof flókið.

Platan Me, Myself and I, eftir tilbúna tónlistarmanninn Neil Youart, leikur lykilhlutverk í Bara smástund! Túlkun Álfrúnar Helgu setur heiti plötunnar í kjarna sýningarinnar frekar en tónlistarmanninn, sem gagnrýnandi Le Monde taldi að gæti þýtt nihil you are eða „þú ert ekkert“. Farsinn væri á réttum stað ef tilfinningalegt haldreipi væri í aðstæðum. Michel virðist ekki hafa neinu að tapa og vera í raun alveg sama um framgang mála. Í upphaflegu sýningunni var Michel leikinn af Fabrice Luchini, franskri goðsögn. Nýlega lék hann í sjónvarpsþáttunum Call My Agent en þættirnir hverfast einmitt að hluta til um togstreituna í lífi borgaralegu millistéttarinnar, listrænan metnað og misgóðar ákvarðanir í persónulega lífinu. Hann ber þennan lífsleiða utan á sér í þættinum, tilfinningu sem allir tengja við og auðvelt er að hlæja að en narsissisminn kætir ekki á sama máta. ■

NIÐURSTAÐA: Yfirborðskenndur

farsí sem er gamansamur en ekki tekst að fara á dýptina sem handritið býður upp á.

Mennirnir með bleika þríhyrninginn endurútgefin

ragnarjon@frettabladid.is

Bókin Mennirnir með bleika þríhyrninginn hefur nú verið endurútgefin af útgáfunni Sögufélagi. Bókin inniheldur frásögn manns sem sendur var í fangabúðir nasista þar sem hann var merktur með hinum bleika þríhyrningi vegna samkynhneigðar sinnar.

Um er að ræða endurútgáfu bókarnar í þýðingu Guðjóns Ragnars Jónssonar sem fyrst kom út árið 2013. Til viðbótar við endurútgáfu ritar sagnfræðingurinn Hafdís Erla Hafsteinsdóttir ítarlegan eftirmála sem tengir frásögn bókarnar við nútímann en hún segir að bókin eigi enn mikið erindi við samtímann.

„Bókin hefur verið uppseld í ára- raðir og það hefur alltaf verið eftirspurn eftir henni þar sem hún er meðal annars vinsæl til kennslu,“ segir Hafdís Erla en hún segir bókina innihalda eina heildstæða



Hafdís Erla Hafsteinsdóttir sagnfræðingur.

MYND/ADSEND

vitnisburð manns sem fór í gegnum fangabúðir nasista með hinn bleika þríhyrning. „Ef ekki væri fyrir þessa frásögn þá myndum við vita mjög lítið um örlög þessa hóps,“ segir Hafdís Erla.

Höfundur bókarnar er titlaður sem Heinz Heiger en hinn raunverulegi sögumaður hennar var Josef Kohout en Hafdís segir að „með klók- indum og stórum skammti af heppni tókst honum að sigla á milli skers og báru.“ Hann lá á frásögn sinni í tvo áratugi áður en bókin kom fyrst út árið 1972.

„Bókin er ágætis áminning um það hvernig samfélög geta umturnast,“ segir Hafdís og bætir við: „Við tengjum vel við Þýskaland í dag og ungt fólk þekkir Berlín sem mjög frjálslýnda höfuðborg sem er framsækinn í listum og menntun. En það er ekkert langt síðan þessi þjóð var fullkomlega á röngunni við það sem hún stendur fyrir í dag,“ segir Hafdís. ■



Ný kápa bókarnar var hönnuð af myndasagnhöfundinum Elías Rúna.

Má bjóða þér blað dagsins?

Frítt




Þú finnur Fréttablað dagsins

- Í aldreifingu á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri
- Í öllum verslunum Bónus
- Í Fréttablaðs-appinu
- Með skráningu á póstlista
- Á frettabladid.is

QR flýtilausn fyrir stafrenar útgáfur



Opnaðu myndavélina í símanum
og skannaðu QR kóðann



Sigurjón Sighvatsson leikstýrði sinni fyrstu kvikmynd, Exxtinction Emergency, eftir að hann ákvað að nýta þekkingu sína og reynslu til þess að gera meira en að endurvinnna og aka rafmagnsbíl

toti@frettabladid.is

Sigurjón Sighvatsson varð sjötugur í sumar og áratugum eftir að hann haslaði sér völl sem kvikmyndaframleiðandi í Hollywood ákvað hann að leikstýra sinni fyrstu mynd, heimildarmyndinni Exxtinction Emergency. Myndin, sem fjallar um umhverfissamtökin Extinction Rebellion, verður heimsfrumsýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, RIFF, á sunnudaginn.

„Já, hvað á maður að segja? Oft er þörf en nú er nauðsyn,“ segir Sigurjón þegar hann er spurður hvað hafi orðið til þess að kvikmyndaframleiðandinn hafi tekið upp á því að setjast í leikstjórstólinn.

„Það var nú bara þannig að ég kynntist þessari hreyfingu og þótti þetta áhugavert,“ segir Sigurjón um Extinction Rebellion sem voru stofnuð í Bretlandi 2018 og vöktu strax mikla athygli fyrir aðferðir sínar til að vekja athygli á sinnuleysi stjórnvalda í loftslagsmálum.

Funheitt mál

Sigurjón segist alltaf hafa haft áhuga á loftslagsmálum og vitnar síðan í einn viðmælandann í myndinni. „Við spurðum hann hvað hann gerði í málunum og hann sagði: Já, ég endurvinn. Og ég segi það sama. Mitt meginframlag hefur verið að endurvinnna og keyra rafmagnsbíla undanfarin tíu ár.

Mér fannst ekki síst aðferð þeirra í baráttunni gegn hlýnun jarðar og loftslagsvánni sem yfir okkur vofir áhugaverð og fór að velta þessu fyrir mér. Ég hef líka í rauninni alltaf haft áhuga á svona friðsamlegum hóp-mótum, ef svo má segja. Þannig að ég hugsaði bara með mér að þetta væri ekki bara spennandi heldur líka mikilvægt efni sem brennur á fólki, bókstaflega, sums staðar.“

Nakinn spinnur í neyð

Sigurjóni fannst því tilvalið að nýta krafta sína í faginu og leggja eitthvað til með því að gera mynd um Extinction Rebellion. „Það er bara neyðin kennir nöktum karli að spinna. Því það var bara enginn sem hafði áhuga á þessu þannig að ég hugsaði bara með mér að ég geri þetta bara sjálfur.“

Vildi gera meira en að endurvinnna og aka rafmagnsbíl



Sigurjón Sighvatsson hafði gagn og gaman af því að spreyta sig á leikstjórn eftir áratugi sem kvikmyndaframleiðandi í Hollywood enda þurfti hann ekki að takast á við fjárfesta og framleiðendur þar sem hann fjármagnaði verkefnið sjálfur og hafði því úrslitavald í stóru sem smáu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sigurjón segir að með fókusinn á Extinction Rebellion verði myndin annað og meira en enn ein myndin um loftslagsvána. „Það er kannski búið að gera svolítið mikið af myndum sem stundum virðast keimlíkar. Heimurinn er að hrynja. Allt í steik og menn eiga bara að hætta öllu á morgun.

Ég hugsaði með mér að með því að skoða hreyfinguna væri í rauninni hægt að fjalla um þetta á svolítið annan hátt. Ekki síst af því að hún var rétt að byrja og mér fannst fróðlegt að fylgjast með því og áhugavert að geta verið inni í þessu frá byrjun.“

Fljótur að kveikja

Sigurjón segist hafa orðið var við Extinction Rebellion örfáum mánuðum eftir að hreyfingin varð til vorið 2018 og við gerð myndarinnar hafi hann meðal annars lagt upp með spurninguna um hvernig slík hreyfing verður til.

„Ekki síst mótmælendahreyfing sem leggur sem sagt, kannski í anda Gandhi og Martin Luther King, áherslu á friðsamleg mótum. Þau



Þannig að ég hugsaði bara með mér að þetta væri ekki bara spennandi heldur líka mikilvægt efni sem brennur á fólki, bókstaflega, sums staðar.

segjast náttúrlega hafa svokallað „nonviolent civil disobedience“ að leiðarljósi.

„Þegar ég var að fara af stað með þetta fann ég að það var enginn áhugi hjá þeim kvikmyndaframtækjum sem ég hafði samband við og höfðu verið svolítið í þessum geira vegna þess að oft sérhæfa fyrirtæki sig í ákveðnum tegundum heimildarmynda,“ segir Sigurjón og bendir á að kvikmyndaframsinn hafi alltaf verið mjög sérhæfður.

Mikilvæg heimild

„Ekki síst í Hollywood sem byggir á sérhæfingunni og ég áttaði mig á að það vissi enginn í Ameríku neitt um hreyfinguna sem byrjaði í Bretlandi og var þá varla komin til Bandaríkjanna.

Þannig að fólk var ekkert að stökkva á þetta og á meðan leið tíminn og ég ákvað bara að fara í þetta sjálfur. Mér fannst þetta vera það mikilvægt mál og merkileg hreyfing að það væri vert að skrá þetta, eða dokúmentera eins og við segjum á góðri íslensku.“

Sigurjón var kominn af stað og byrjaður að taka viðtöl um mitt ár 2019 og þegar Covid skall á vöknudu ýmsar spurningar um framhaldið, meðal annars hvort réttast væri að hætta þessu og hvort hreyfingin myndi lifa faraldurinn af. „Mér fannst það svo eiginlega jafn áhugavert spurning. Hvað gerist? Vegna þess að í október 2018 voru þau strax komin með rosalegan slagkraft. Þannig að við ákváðum bara að halda þessu áfram og nota

nútímatæknina og taka viðtölin sem okkur vantaði á Zoom.

Þau sendu okkur líka fullt af efni enda greinilega mjög ástríðufull og kannski þakklát fyrir að einhver skyldi vilja segja frá því sem þau voru að gera. Hugmyndin var í rauninni ekki að ég sjálfur væri að leggja mat á það heldur bara að sýna fram á það sem þau eru að gera og rekja aðeins söguna. Og þá ekki síður að flétta því líka í leiðinni inn hvernig svona samtök verða til og hvernig þau þróast.“

Heppilegur eðlismunur

Sigurjón bendir á að þarna hafi sá eðlismunur sem er á heimildarmyndum og leiknum kvikmyndum verið honum í hag. „Heimildarmyndir eru allt annars eðlis. Þær eru ekki eins afmarkaðar í tíma og rúmi og þegar þú ert að gera leikna bíómynd. Það er auðvitað kostur vegna þess að ég var alltaf að breyta myndinni. Þetta var síbreytilegt verkefni vegna þess að Extinction Rebellion og umhverfismálin sjálf eru á sífelldri hreyfingu.“

Sigurjón segist því hafa getað notað tímann til þess að betrumbæta myndina, skerpa fókusinn og gera hana hnitmiðaðri. „Frekar en að reyna að koma þessu öllu fyrir og þetta er bara útkoman.“

Covid breytti ekki bara okkar aðferðum heldur líka öllu fyrir svona hreyfingar vegna þess að kjölfesta þeirra er auðvitað að geta safnast saman. Það er styrkur í fjöldanum þannig að Covid hafði auðvitað ýmis áhrif en þau lærðu líka að laga sig að aðlagast Covid og þegar mesta vörn er gengin yfir hefur hreyfingin ekki aðeins náð að halda áfram, heldur hefur hún eflst á alheimsvísu. Fyrir utan að hún hefur náð fram ýmsum markmiðum og það stærsta var að ná því fram að Bretland viðurkendi að það væri neyðarástand í heiminum í loftslagsmálum.“

Lærdómsrik vegferð

„Auðvitað lærir maður mikið af öllu en kannski hefði ég ekkert farið út í þessa vegferð ef ég hefði vitað hvað hún væri mikil vinna og tæki langan tíma þó svo að ég sé í bransanum,“ segir Sigurjón þegar talið berst að ólíkum hlutverkum framleiðanda

og leikstjóra. Einhverju sem þvældist að vísu lítið fyrir honum við gerð Exxtinction Emergency.

„Fyrir utan það að ég fjármagnaði myndina sjálfur af því ég vildi ekki vera að rifast við einhverja fjárfesta. Ég hafði bara allt að segja um það hvernig myndin yrði gerð.“

Klassískur núningur milli leikstjóra og framleiðanda núllaðist þannig út með endanlegu ákvörðunarvaldi leikstjórans í stóru sem smáu við gerð Exxtinction Emergency.

„Ég ætla ekki að segja að ég hafi gert fullt af heimildarmyndum en ég hef gert nokkrar sem hafa gengið vel en þar var ég ekki að leikstýra. Ég var svo heppinn að gera til dæmis heimildarmynd eins og Truth or Dare með Madonna sem gekk gífurlega vel í bíó út um allan heim. Og það var sérstakur tími og sérstakur staður og auðvitað sérstök manneskja.“

Framleiðir sem aldrei fyrr

Mér fannst í rauninni bara skemmtilegt og spennandi að takast bara á við enn eitt nýtt hlutverk,“ segir Sigurjón og leggur áherslu á mikilvægi þess að vera alltaf að skipta um hlutverk. „Þótt ég hafi í rauninni alltaf verið í einu grunnfagi,“ segir Sigurjón sem ætlar ekki að láta staðar numið sem leikstjóri.

„Ég er með tvær aðrar í vinnslu núna og með fínt fólk sem meðleikstjóra. Ég held að það sé líklegra til árangurs og kannski fljótlegri leið að vinna með einhverjum sem er þegar með reynslu í greininni sem leikstjóri og er til í að vinna með mér sem meðleikstjóra í krafti hugmyndafræðis minnar, aldurs og fyrir starfa.“

Fyrir mig var þetta auðvitað skemmtilegt, ný reynsla og auðvitað flott að vera í þessum stól. Ekki síst þegar maður heldur áfram að framleiða en ég er að framleiða fleiri myndir í einu núna en nokkurn tímann áður,“ segir Sigurjón og nefnir þrjár myndir sem verið er að frumsýna þessar vikurnar og hann kemur að, ýmist sem leikstjóri, aðalframleiðandi eða meðframleiðandi; Exxtinction Emergency, Hilma sem Lasse Hallström leikstýrir og Sumarljós og svo kemur nóttin eftir Elfar Aðalsteins. ■

Jólagledir
GK veitinga

Veitingastaður golfklúbbsins Keilis býður upp á jólamatseðil alla föstudaga og laugardaga frá 11. nóvember til 10. desember 2022.

Tilvalið fyrir vínahópa og fyrirtæki frá 8 til 70 manns.

Lifandi tónlist og jólastemming.

Matsseðill, sjá nánar á keilir.is

Borðapantanir á hafsteinn@betristofan.com og í síma 7792416

GK veitingar, Golfklúbburinn Keilir
Steinholti 1 Hvaleyrri, 220 Hafnarfirði



BRANDSON



MIST

COLLECTION

V Ö N D U ð
Í S L E N S K
H Ö N N U N




ÍVAR

COLLECTION

BRANDSON.IS



SKANNAÐU OG
NÆLDU Í APPIÐ!
20% AF VIÐ FYRSTU KAUP



SUÐURNESJAMAGASÍN

FIMMTUDAGA KL 19.30 OG 21.30

Mannlífið á Suðurnesjum í máli og myndum. Páll Ketilsson er með puttann á púlsinum suður með sjó í vikulegum þætti á Hringbraut.



HRINGBRAUT



Draumur Mugison um að fólk geti komið fótgangandi á tónleika í hverfinu sínu, fengið sér einn kaldan eða gos og rölt svo aftur heim, mun rætast víða um höfuðborgarsvæðið á næstu vikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þröngt um Mugison í 107

Vestfirski tónlistarmaðurinn Mugison bað höfuðborgarbúa um ábendingar um tónleika-staði í öllum póstnúmerum á Stór-Reykjavíkarsvæðinu. Viðbrögðin voru slík að hann er með langan lista yfir snið-uga staði. Alls staðar nema í 107 sem virðist ekki beint standa honum opið.

benediktboas@frettabladid.is

„Ætli ég sé ekki kominn í hátt í 20 tónleika á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Órn Elías Guðmundsson, best þekktur sem Mugison, en hann stefnir á að halda tónleika í öllum póstnúmerum höfuðborgarsvæðisins í október og nóvember. Þar sem hann er lítt kunnur staðháttum leitaði hann til aðdáenda sinna á Facebook-vegg sínum og uppskar yfir 500 athugasemdir með alls konar hugmyndum.

Mugison ætlar meðal annars að spila í gamla innganginum á Laugardalslauginni sem hefur kannski ekki verið rómaður fyrir samkomur og gleði, hvað þá tónleika.

„Þessi staðsetning er hluti af hugmyndunum sem komu á Facebook. Ég var alveg tvo daga að skrifa niður og flokka eftir póstnúmerum. Svo gekk ég í málið. Borko tónlistarmaður stakk upp á þessum stað og merkti Árna forstöðumann Laugardalslaugarinnar. Ég hringdi bara í hann og bókaði. Þetta er snilldarstaðsetning fyrir Laugardalinn.“

Trallala á Ölveri

Hann bendir á að draumurinn sé að fólk geti rölt á tónleika í hverfinu sínu, fengið sér smá söngvatn eða gos og gengið svo aftur heim. Hann elski þessa tegund tónleika enda þess eðlis að allt getur gerst.

Mugison valdi Ölver í póstnúmerinu 108. „Það voru margir spennandi staðir í 108 en á Ölver verður bjór og mikill trallala-fílingur. Allir staðirnir komu þarna í gegnum kommentakerfið. Ég myndi ekki segja að ég væri Excel-maður og er meira fyrir kaótíkina en ég setti samt hugmyndirnar upp í Excel og flokkaði

Tónleikaröð Mugisons

Október

- **6. október:** Borgarnes, Landnámssetrið – **UPPSELT!**
- **7. október:** Hafnarfjörður, Ölhúsið – **UPPSELT!**
- **8. október:** Akranes, Bíóhöllin – **UPPSELT!**
- **13. október:** Vogar, Tjarnarsalur
- **14. október:** Grindavík, Fish Hause Bar & Grill
- **15. október:** Reykjanesbær, Hljómahöllin, Stapi
- **20. október:** Álftanes, Fishermans Village – **UPPSELT**
- **21. október:** Stykkishólmur, Gamla Kirkjan
- **22. október:** Garðabær, Sjáland
- **28. október:** 200 Kópavogi, Mossley
- **29. október:** 201 Kópavogi, Leikfélag Kópavogs

Nóvember og desember

- **4. nóvember:** 105 Reykjavík, Gamli inngangurinn á Laugardalslauginni
- **5. nóvember:** 104 Reykjavík, Sportbarinn Ölver
- **10. nóvember:** 103 Reykjavík, Yndisauki
- **11. nóvember:** 101 Reykjavík, Gym og Tonic
- **17. nóvember:** Kjalarnes, Fólkvangur,
- **18. nóvember:** 112 Reykjavík, Hlaðan
- **20. nóvember:** 113 Reykjavík, Menningarhúsið í Úlfarsárdal
- **26. nóvember:** 270 Mosfellsbær, Hlégarður – **UPPSELT!**
- **1. desember:** 111 Reykjavík, Leiknis-Salurinn



Vesturbæingar vilja ekkert hleypa landsbyggðarplebbanum inn í þetta menningarsamfélag sitt.

eftir hverfum svo ég gæti haft einhverja yfirsýn. Svo byrjaði ég bara að hringja og bóka.“

Kópavogur 2 – Vesturbær 0

Mugison verður með tvenna tónleika í Kópavogi. „Ég gerði mér bara ekki grein fyrir að Kópavogur væri svona stór þannig að ég verð fyrst á Mossley 28. október þar sem er uppselt og daginn eftir hjá Leikfélagi Kópavogs.“

Athygli vekur að engir tónleikar eru í Vesturbæ Reykjavíkur. „107 er bara með eitthvert vesen. Vesturbæingar vilja ekkert hleypa landsbyggðarplebbanum inn í þetta menningarsamfélag sitt,“ segir Mugison og hlær um leið og lætur fljóta með að hann sé enn að leita að stað í Vesturbænum.

„Þetta er nánast komið. Ég vildi vera á stöðum svipuðum og ég hef verið á úti á landi sem taka kannski 80-150 manns. Ég verð til dæmis í Yndisauka í 103 þann 10. nóvember þar sem verða 50 manna snilldar-tónleikar.“ ■

TARAMAR

Frítt serum fylgir með hverju dagkremi

www.tamar.is og Hagkaup



HAGKAUP

Smáranum, Kringlunni
Garðabæ, Akureyri

Afmælisveisla

Allt að 40%
afsláttur
af völdum
vörum

www.dorma.is
VEFVERSLUN



AFMÆLIS
25%
AFSLÁTTUR



AVIGNON hægindastóll með skammel

Bonded leður. Stærð: 275 x 210 x 85 cm.
Fullt verð: 199.900 kr.

Aðeins **149.925 kr.**



AFMÆLIS
20%
AFSLÁTTUR
AF SEAFORD



AFMÆLIS
30%
AFSLÁTTUR

LICATA tungusófi

Tungusófi í tveimur litum af Kentucky áklæði, koniaksbrúnum og steingráum og einnig í River 66 Graphite áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 265 x 165 x 82 cm.
Fullt verð: 269.900 kr.

Aðeins **188.930 kr.**



AFMÆLIS
40%
AFSLÁTTUR



STELLA sófi

3ja sæta sófi, blátt eða grænt áklæði.
221 x 85 x 78 cm. Fullt verð: 139.900 kr.

Aðeins **83.940 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni
eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Fleiri frábær afmælistilboð í verslun og á www.dorma.is

BOSTON CITY

stillanlegt heilsurúm



AFMÆLIS
25%
AFSLÁTTUR

Boston City fæst í þremur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Botn, dýna og gafl eru klædd sama dökk-eða ljósgráa, slitsterka áklæðinu sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun. Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring.

Boston City 160 x 200 cm stillanl. heilsurúm - Fullt verð: 479.900 kr.

Aðeins **359.925 kr.**

Boston City 180 x 200 cm stillanl. heilsurúm - Fullt verð: 499.900 kr.

Aðeins **374.925 kr.**

AFMÆLIS
25%
AFSLÁTTUR



DORMA CLASSIC sæng

Gerð úr hollow fiber. Meðalhly sæng, áklæðið er úr 100% lífrænni bómull. 1345g. Stærð: 140x200 cm. Fullt verð: 13.900 kr.

Aðeins **10.425 kr.**

AFMÆLIS
25%
AFSLÁTTUR



SEALY CURVED koddli

Koddli með sérstöku áklæði sem gefur góða öndun. Hægt er að renna áklæðinu af og þvo. Fullt verð: 11.900 kr.

Aðeins **8.925 kr.**



Nature's LUXURY

heilsurúm með Classic botni

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir betri hvíld.

Natures Luxury er frábær heilsudýna með 20cm háum svæðaskiptum pokagormum, mýkri á mjöðmum og öxlum. Dýnan er samansett úr 5 lögum af mismunandi svampi með 4 cm minnissvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum. Dýnan er millistíf en aukalögin af svampinum gefa sérstaka lúxustilfinningu þegar lagst er í hana. Natures Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.

Fullt verð 160 x 200 cm: 184.900 kr.

Aðeins **141.430 kr.**



NÝR AFMÆLIS-BÆKLINGUR

stútfullur af glæsilegum tilboðum

AFMÆLIS
25%
AFSLÁTTUR



DORMA HOME sængurföt

Sængurfötin frá Dorma Home eru ofin úr 300gsm bómullarþræði sem gefur frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Framleidd án allra skaðlegra efna.

Fullt verð 140 x 200 cm: 10.990 kr.

Aðeins: **8.243 kr.**

AFMÆLIS
20%
AFSLÁTTUR AF SPA
HANDKLÆÐUM



Skannaðu QR kóðann til að skoða bæklinginn



DORMA

Láttu drauminn rætast



Bakþankar



Kolbeins
Marteinsonar

Guðfaðirinn

Þrileikurinn um guðföðurinn Don Vito Corleone og son hans Michael er af mörgum talinn einhverjar bestu bíómyndir sem gerðar hafa verið. Enn merkilegra er að mynd nr. tvö þykir af flestum vera sú besta. Slíkt var nánast óþekkt enda sló fyrsta myndin, The Godfather, mörg met þegar hún var frumsýnd árið 1972.

Þó að myndirnar þrjár fjalli um Corleone-fjölskylduna og skipulagða glæpastarfsemi hennar þá eru viðfangsefnin og sögubræðir mun dýpri. Þannig eru tryggð og svik grunnþemu ásamt syndum feðranna, allt frá því að Vito litli flýr Ítalíu til Ameríku eða þegar sonur hans Michael hefnir fyrir tilræði við föður sinn og þegar börn Michael dragast inn í atburðarásina. Síðan eru önnur þemu eins og vald, dramb og auðvitað glæpir og refsing. Snilldin við þessar myndir er hversu djúpar þær eru og alltaf er hægt að sjá eitthvað nýtt þegar horft er á þær. En kannski eru bestu meðmælin hversu vel þær eldast.

Nú hefur framleiðandi myndanna, Paramount, gert tíu þátta sjónvarpsseríu, The Offer, sem byggir á minningum Albert S. Ruddy sem framleiddi fyrstu Godfather-myndina og allar þær áskoranir sem framleiðslan mætti. Stöðugir árekstrar milli listrænna sjónarmiða við peningamenn Paramount auk afskipta mafíunnar í New York við framleiðslu myndarinnar tryggja að aldrei er dauð stund. Bættirnir eru af slíkum gæðum og unnir af slíkri virðingu við viðfangsefnið að unun var að horfa á. Þess vegna ætla ég að gera þér tilboð sem þú getur ekki hafnað. Náðu þér í þessa sjónvarpsseríu sem er sýnd á ýmsum streymisveitum. Efni af þessum gæðum á samt miklu meira lof skilið en rúmast í þessum Bakþönkum. ■



51126038
Pure, 150 cm gyllt loftljós
Verð: 31.985
3 x E14 - Perur fylgja ekki með

51126046
Pure, 150 cm gylltur standlampi
Verð: 29.985
1 x E14 - Pera fylgir ekki með

Ný og glæsileg ljós í BYKO
Skannaðu kóðann og skoðu blaðið

